FREYJA HULD HRÓLFSDÓTTIR
Fermingarkjóllinn sá flottasti í fataskápnum
• tíska • heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

NÝSKÖPUN
Kafbátar, netlausnir og ný viðskiptatækifæri
Sérblað um nýsköpun
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. mars 2009 — 68. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Blúsari vildi reykherbergi

Dóri Braga kom til móts við Pinetop Perkins sem hefur reykt í 88 ár.

FÓLK 46

Guðrúnarsjóður

Svava Jóhannesdóttir er ein þeirra sem hlutu styrk úr Guðrúnarsjóði þetta árið en hún hefur verið heyrnarlaus frá fæðingu.

TÍMAMÓT 26

Pókerferðir í undirbúningi

Davíð Rúnarsson í viðræðum við ferðaskrifstofu.

FÓLK 46

Sigur í Skopje

Ísland vann stórglæsilegan sigur á Makedóníu ytra í undankeppni EM 2010.

ÍÞRÓTTIR 40

VEÐRIÐ Í DAG



ÁFRAM HLÝTT Í dag verður sunnan 3-10 m/s, stífastur sunnan og vestan til. Rigning á Vestfjörðum fram yfir hádegi, bjartviðri norðan og austan til, annars úrkomulítið. Hiti 5-15 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4

KANNABISVERKSMIÐJA UPPRÆTT Verksmiðjan sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu upprætti í gærkvöldi var í iðnaðarhúsnæði á tveimur hæðum. Fullkomið vökvunarkerfi var fyrir plönturnar og loftræstikerfi. Ræktunin er talin hafa viðgengist í þrjú ár og gróðurmold var innandyra í tonnavís. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kannabisverksmiðja upprætt á Kjalarnesi

Lögregla réðst í gær inn í eina stærstu og fullkomnustu kannabisverksmiðju sem sést hefur hérlendis. Tveir voru handteknir á staðnum. Mörg hundruð plantna voru í ræktun í húsinu og búnaður til ræktunar upp á milljónir króna.

LÖGREGLUMÁL Lögregla upprætti stórfellda kannabisframleiðslu í iðnaðarhúsnæði á Kjalarnesi í gærkvöldi. Verksmiðjan er ein sú alfullkomnasta sem lögreglan hefur séð. Húsnæðið er sérhannað til ræktunarinnar með innréttingum og tækjabúnaði upp á milljónir króna.

Yfir 500 plöntur fundust í húsinu, að sögn Bjarna Ólafs Magnússonar lögreglufulltrúa. Auk þess fundust á annað hundrað plantna í þurrkun, um 400 grömm af innpökkuðu marijúana og lauf og önnur virk efni í kílóavís í þurrkun á gólfi verksmiðjunnar.

Lögregla réðst inn í húsnæðið á áttunda tímanum í gærkvöldi. Tveir karlmenn á þrítugsaldri voru handteknir á staðnum. Þeir hafa komið lítillega við sögu lögreglu áður. Þeir verða yfirheyrðir á morgun. Einnig fannst lítilræði af hvítum efnum, en talið er að það séu eingöngu neysluskammtar.

„Þetta lítur út fyrir að vera stærsta fabrikka sem nokkurn tímann hefur verið tekin og ýmislegt sem bendir til þess að hún hafi verið þarna í talsvert langan tíma," segir Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar. Plönturnar beri það með sér að mjög faglega hafi verið staðið að ræktuninni.

Húsnæðið er 300 fermetrar, og eitthvert rými þar að auki á annarri hæð. Það var allt notað undir ræktunina. Húsið er sérstaklega einangrað til að halda inni hita og lykt, fjöldi hitalampa er í verksmiðjunni, sérstakt rafmagnskerfi og fullkomið loftræstikerfi auk sjálfvirks áveitukerfis sem vökvaði plönturnar og sá þeim einnig fyrir annarri næringu.

„Hvert herbergi hérna hefur sinn tilgang," segir Bjarni Ólafur. Sturtuaðstaða sé til dæmis í einu herberginu og hvítir gallar þar sem menn gátu haft fataskipti áður en inn var farið og þvegið af sér lyktina áður en þeir fóru út.

Þá fannst gróðurmold í tonnatali í húsinu, meðal annars stórt fjall af notaðri og næringarlausri mold, segir Bjarni Ólafur.

Lögreglan hefur lagt hald á rúmlega 3.000 kannabisplöntur á þessu ári sem er rúmlega þrefalt meira en árin 2007 og 2008 samanlagt. Á síðustu misserum hefur lögreglan lokað um tuttugu stöðum þar sem kannabisræktun fer fram.

- sh, shá

HALDLAGÐAR KANNABISPLÖNTUR 2004-2009



Tvö dauðsföll á stuttum tíma:

Stúlka drepin af krókódíl

ÁSTRALÍA, AP Ellefu ára gömul stúlka var drepin af krókódíl í feni í útjaðri Darwin í Ástralíu á sunnudag. Þetta er annað dauðsfallið af völdum krókódíla á svæðinu á stuttum tíma.

Briony Anne Goodsell var ásamt yngri systur sinni og tveimur öðrum börnum að synda í feninu á sunnudaginn, þegar hún hvarf skyndilega. Börnin sögðu lögreglunni að þau hefðu séð haus og hala á krókódíl á sama stað og Briony sást síðast.

Í byrjun febrúar hvarf fimm ára gamall drengur af árbakka í norðausturhluta Ástralíu og fannst síðar í maga krókódíls.

Krókódílum hefur fjölgað verulega í Ástralíu síðan þeir voru friðaðir árið 1971.

- alþ

LEYNIINNGANGUR Opið er ekki nema rúmur metri á hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

LEYNIDYR INN Í VERKSMIÐJUNA

Til að komast inn í verksmiðjuna þarf að fara í gegnum leynidyr sem liggja inn í sérútbúið iðnaðarhúsnæðið úr bílageymslu við hlið hússins. Inngangurinn hefur verið búinn til með því að brjóta gat í vegginn og setja tréplötu fyrir hann. Opið er ríflega einn metri á hæð.

SPURNING DAGSINS

Yrsa Þöll. heldurðu að Blaðamannaverðlaunin falli þér í skaut?

„Það er aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér.“

Yrsa Þöll Gylfadóttir þræddi sundlaugar höfuðborgarsvæðisins og gerði könnun á skapaháratísku kvennaklefanna. Niðurstöðurnar gefur að líta í nýjasta tölublaði Stúdentablaðsins.

Metfjölda hrossa var slátrað á Hvammstanga á síðustu tveim mánuðum:

Rússar lokuðu á hrossakjötið

SLÁTRUN Tæplega 350 hrossum var slátrað í sláturhúsi KVH ehf. á Hvammstanga á tveimur síðustu mánuðum. Að líkindum er um að ræða metfjölda sláturhrossa í sögu sláturhússins á tveggja mánaða tímabili, að sögn Magnúsar Freys Jónssonar framkvæmdastjóra.

„Hrossin komu einkum af Suðurlandinu en einnig úr öðrum landshlutum,“ segir Magnús.

Hann segir sláturhúsið hafa hægt á hrossaslátruninni í þessum mánuði. Ástæðan sé sú að afurðirnar hafi að mestu verið sendar til Rússlands, en hrossakjötsmarkaðurinn þar sé nú lokaður frá áramótum.

„Þessi lokun er tengd leyfum,“ útskýrir Magnús. „Nú hafa mál skipast þannig að sláturhúsin hér þurfa að fá sérvottuð Rússaleyfi. Þau fást að því undangengnu að Rússarnir hafi komið hingað og tekið út sláturhúsin. Matvælastofnun er nú að vinna í því máli.“

Magnús segir sláturhúsið hafa sent afurðirnar til Víetnam í staðinn. Þar sé nýr markaður, en afurðirnar hafi verið sérunnar fyrir Rússland. Vinnslan felist í að beindraga skrokkana, þannig að kjötið sé sent út með fitunni. Haldið sé eftir lundum og innralæri fyrir heimamarkaðinn. Víetnamarnir hafi tekið kjötið eins og það var unnið fyrir Rússamarkað. - jss

SLÁTURHROSS Nokkur fjöldi sláturhrossa hafði safnast upp á Suðurlandi.

Karlmaður ákærður:

Veittist með hnífi að manni

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni og tilraun til manndráps, en til vara sérstaklega hættulega líkamsárás.

Honum er gefið að sök að hafa í júlí á síðasta ári veist með hnífi að forstöðumanni áfangaheimilins að Hátúni 6 og stungið hann þrisvar sinnum. Fórnarlambið hlaut skurðsár á vinstri upphandlegg, sár yfir herðablað vinstra megin og sár í vinstri olnbogabót.

Þess er aðallega krafist að árásarmaðurinn verði dæmdur til refsingar, en til vara að honum verði gert að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun. - jss

Aðgerðalausar löggur:

Keyra konur á háum hælum

NORÐURLAND Konur á háum hælum geta vænst þess að vera boðið far af aðgerðalausum laganna vörðum á Dalvík og Ólafsfirði, en samkvæmt upplýsingum sem fengust frá lögregluembættinu þar er það eitt aðalverkefni löggæslunnar um helgar.

Spurður hvort þetta flokkist ekki undir kynjamismunun segir talsmaður lögreglunnar á svæðinu að svo megi vel vera. „En við getum ekki keyrt framhjá kvenfólki að staulast um í hálku á háum hælum.“ Löggæsla á svæðinu heyrir undir lögreglustjórann á Akureyri. - alþ

Söfnun Rauða krossins:

Þurfa 300.000 símtöl í viðbót

SÖFNUN Um tuttugu þúsund manns hafa gefið hundrað krónur í sérstakri söfnun Rauða krossins, sem miðar að því að fá alla Íslendinga til að gefa hundrað krónur sem nýtast munu til innanlandsaðstoðar. Sólveig Ólafsdóttir hjá Rauða krossinum segir að 300 þúsund símtöl þurfi að berast næstu tvo daga til að markmiðinu verði náð.

Sólveig segist bjartsýn á að söfnunin taki kipp þar til henni lýkur annað kvöld. Söfnunarnúmerið er 901 5100, og þótt söfnuninni ljúki formlega annað kvöld verður númerið opið fram yfir helgi. - sh

DÓMSTÓLAR

Sparkaði í andlit

Karlmaður á tvítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að ráðast á mann á Reyðarfirði og slá hann með krepptum hnefa í andlitið. Árásarmaðurinn sparkaði síðan nokkrum sinnum í andlit fórnarlambsins.

Vatnstankur hverfur í óþökk Grafarvogsbúa

Þetta er blaut tuska í andlit Grafarvogsbúa, segir fulltrúi í hverfisráði Grafarvogs, sem vildi að vatnstanki yrði breytt í útsýnispall. Þrátt fyrir fyrirheit borgaryfirvalda hefur tankurinn nú verið rifinn. Kvartað hafði verið um slysahættu.

SKIPULAGSMÁL „Þessi vinnubrögð eru blaut tuska í andlit Grafarvogsbúa sem enn og aftur upplifa algert samráðsleysi og yfirgang af hálfu borgarinnar gagnvart óskum íbúa,“ segir Dofri Hermannsson, fulltrúi Samfylkingar í hverfisráði Grafarvogs.

Borgaryfirvöld létu í fyrradag rífa sextíu ára gamlan vatnstank á Hallsteinshöfða í Grafarvogi. Bæði Íbúasamtök Grafarvogs og hverfisráðið höfðu lagt mikla áherslu á að tankurinn fengi að standa og yrði breytt í útsýnispall.

„Í átakinu 1, 2 og Reykjavík þar sem sóst var eftir ábendingum borgarbúa um hvað mætti gera til að fegra og bæta nágrenni íbúa var það efst á óskalista íbúa í Grafarvogi að gerður yrði útsýnispallur á toppi vatnstanksins,“ lýsir Dofri sem kveður Ólaf F. Magnússon, þáverandi borgarstjóra, hafa lofað því á íbúafundi í Grafarvogi í apríl í fyrra að ráðist yrði í framkvæmdina strax um sumarið.

„Ekkert gerðist í því annað en að síðsumars var komin á staðinn grafa og farin að grafa upp vatnsleiðslur þær sem lágu að tankinum. Þegar spurst var fyrir um ástæðurnar kom upp úr dúrnum að framkvæmdasvið væri að fara að rífa tankinn,“ segir Dofri.

Eftir þetta ítrekaði hverfisráð þann 18. ágúst að það mæltist eindregið til þess að áður en ákvörðun yrði tekin um að rífa vatnstankinn að lokið yrði við hönnun útsýnispallsins. Vísað var til menningarsögulegs gildis tanksins sem á sínum tíma var reistur með framlagi úr Marshall-aðstoð Bandaríkjamanna. Dofri segir hverfisráðsmenn hafa komið þessum skilaboðum til bæði framkvæmdasviðsins og embættis borgarstjóra.

Á HALLSTEINSHÖFÐA Íbúar Grafarvogs höfðu efst á óskalista sínum að breyta sextíu ára gömlum vatnstanki í útsýnispall og töldu málið vera í vinnslu. Í fyrradag var tankurinn þó rifinn.

DOFRI HERMANNSSON

„Á nýju ári bólaði enn ekkert á framkvæmdum eða samráði borgarinnar um þetta efni,“ segir Dofri sem kveður hverfisráðið því hafa ítrekað á fundi 10. febrúar að útbúinn yrði útsýnispallur á tankinum.

„Í gær, 17. mars var hins vegar búið að rífa tankinn án nokkurs samráðs og þvert á margítrekaðar óskir íbúa,“ segir Dofri sem eins og áður kemur fram telur þetta vera blauta tusku í andlit íbúa hverfisins. Málið var rætt á fundi hverfisráðsins í gærkvöld.

Ekki náðist í fulltrúa framkvæmdasviðs borgarinnar síðdegis í gær. Samkvæmt heimildum innan úr borgarkerfinu var tankurinn á Hallsteinshöfða rifinn vegna kvartana íbúa úr nágrenninu sem töldu slyshættu af mannvirkinu. gar@frettabladid.is

TROÐIN NÓT 50 til 100 tonn fengust í fyrsta kasti Kap VE í Vestmanneyjahöfn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Vestmannaeyjar:

Síld veidd fyrir ÍBV í höfninni

SJÁVARÚTVEGUR Kap VE hélt til síldveiða í Vestmannaeyjahöfn í gær. Var nótinni kastað á síldina örfáa metra frá bryggju. Þessar sérstöku veiðar komu til þar sem nauðsynlegt þótti að hreinsa hluta síldarinnar úr höfninni. Þar er gríðarlegt magn, eins og verið hefur undanfarnar vikur.

Gísli Garðarsson skipstjóri telur að fengist hafi um 50 tonn í kastinu en reynsluboltar sem á horfðu vildu meina að 100 tonn hafi verið í nótinni eftir þetta einstaka kast.

Leyfi fékkst til veiðanna til þess að hreinsa höfnina og mun verðmæti aflans fara til íþróttafélagsins ÍBV. Því heyrðist fleygt að forsvarsmenn félagsins hafi sjaldan vonast eftir góðum aflabrögðum eins og í þetta skiptið. - shá

ALÞINGI

Hugur bænda kannaður

Ekki er að vænta breytinga á búvörusamningum á starfstíma þessarar ríkisstjórnar, sagði Steingrímur J. Sigfússon í svari við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur á Alþingi í gær. Hins vegar sagðist Steingrímur hafa umboð til að hefja óformlegar könnunarviðræður við bændur um mögulegar breytingar á samningnum.

Aðalfundur VR
verður haldinn á Hilton Nordica hótel,
fimmtudaginn 2. apríl nk. og hefst kl. 19:30.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar
Innborgun í VR varasjóð

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS
Virðing
Réttlæti
VR

Tilkynning um öfuga númeraplötu leiddi til handtöku sex ætlaðra brotamanna:

Hraðbankaþjófar í steininn

LÖGREGLUMÁL Fangageymslur á Sauðárkróki fylltust í gær eftir að vegfarandi tilkynnti um öfuga númeraplötu á bíl. Það setti af stað atburðarás sem leiddi til handtöku sex einstaklinga sem meðal annars er talið að hafi ætlað að stela hraðbanka.

Frá þessu segir á vef héraðsfréttablaðsins Feykis. Gærdagurinn hófst á því að lögregla fékk tilkynningu um að átt hefði verið við hraðbanka í Varmahlíð. Lögregla telur að um vana menn hafi verið að ræða og að þeir hafi ætlað að stela bankanum eða fé úr honum. Það mistókst.

Skömmu síðar barst ábending um bíl sem ók í átt að Sauðárkróki með öfuga númeraplötu. Í ljós kom að bíllinn hafði sést í eftirlitsmyndavél hraðbankans. Tvær stúlkur í annarlegu ástandi voru í bílnum sem að öllum líkindum var stolinn. Þær voru handteknar.

Þessar handtökur leiddu lögreglu á slóð tveggja manna sem handteknir voru í sumarbústað í Varmahlíð. Á meðan hundur var að leita fíkniefna í bústaðnum bar að honum annan bíl sem í voru tveir ungir menn. Í þeim bíl fannst þýfi, líklega úr innbrotum á Akureyri.

HRAÐBANKI Lögreglan fékk í gærdag tilkynningu um að átt hefði verið við hraðbanka í Varmahlíð.

Sexmenningarnir eru allir með langan afbrotaferil að baki. Lögregla beið þess í gær að unnt væri að taka af þeim skýrslur. - sh

Fermingar gjöfin fæst hjá okkur

MacBook 13.3”
Intel Core 2 Duo 2.0 GHz
2 GB innra minni
160 GB harður diskur
Verð: 229.990

MacBook 13.3”
Intel Core 2 Duo 2.0 GHz
1 GB innra minni
120 GB harður diskur
Verð: 175.990

iPod

Frí áletrun fylgir iPodum fram að páskum
(ekki Shuffle)

iPod touch
8GB **60.990**
16GB **79.990**

iPod Classic
120GB **62.990**

iPod Nano
8GB **39.990**
16GB **52.900**

iPod Shuffle
1GB **12.990**
2GB **16.900**

iSongBook - Tivoli Audio
Verð: 44.990 Til í hvítu & svörtu
Stereoútvarp FM/AM
Með innbyggðu hleðslutæki
Vekjaraklukka með svefnrofa.
Rafhlöður AA 6 stk
Tengi fyrir iPod / MP3 spilara

Airport Express
Verð: 15.990
Alvöru þráðlaust net með þráðlausri prentun og tónlistarafspilun

EyeTV USB
Verð: 24.990
Horfðu á sjónvarpið í tölvunni með EyeTV

WD TV Media Player
Verð: 32.990
Breyttu harða disknum þínum í háskerpu (HD) sjónvarpsflakkara

JBL On Stage 200 ID
Verð: 29.990
Frábær hátalari fyrir iPod og iPhone

Wacom Bamboo teikniborð
Verð: 39.990
Teikniborð fyrir alla.
Photoshop Elements fylgir.

Já, við keyrum líka Windows

og förum létt með það

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er. Verðið ætti ekki að hindra heldur því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.

Apple búðin | www.apple.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

Birt með fyrirvara með prentvillur.

GENGIÐ 18.03.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	114,69	115,23
Sterlingspund	159,25	160,03
Evra	149,70	150,54
Dönsk króna	20,085	20,203
Norsk króna	17,042	17,142
Sænsk króna	13,663	13,743
Japanskt jen	1,1629	1,1697
SDR	169,57	170,59

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 183,0258

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Minnihlutinn í Árborg gagnrýnir hallarekstur en meirihlutinn segir óvissuna mikla:

Fjárhagsáætlunin bara hókus pókus

SVEITARSTJÓRNIR Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn Áborgar segja að miðað við nýsamþykkta þriggja ára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins muni það tapa einni milljón króna á hverjum degi næstu árin.

Eyþór Arnalds, oddviti minnhluta sjálfstæðismanna í bæjarstjórn, segir að miðað við fjárhagsáætlun meirihluta bæjarstjórnar verði 1.433 milljóna króna halli árin 2009 til 2012. „Þannig verður eigið fé sveitarfélagsins uppurið að óbreyttu árið 2015. Þá væri svo komið að Árborg yrði tæknilega gjaldþrota. Því þykir okkur að við þetta verði engan veginn unað og hér sé í raun um uppgjöf núverandi bæjarstjórnarmeirihluta að ræða," segir Eyþór.

Þorvaldur Guðmundsson, oddviti framsóknarmanna og forseti bæjarstjórnar, segir fullyrðingar sjálfstæðismanna miðaðar við verstu aðstæður.

„Það er mjög mikil óvissa og það er hægt að búa til alls konar missvört dæmi en við höfum ekkert viljað vera að mála skrattann á vegginn," segir Þorvaldur sem kveður óvissuna fram undan svo mikla að í raun sé öll gerð fjárhagsáætlana nánast út í loftið.

„Það verður að segjast eins og er að þessar þriggja ára áætlanir sem sveitarstjórnir eru að gera í dag eru bara eins og hókus pókus – einhver spádómur út í loftið." - gar

Verndarsjóður villtra laxa:

Hesthúsabyggð er óásættanleg

UMHVERFISMÁL Verndarsjóður villtra laxa, NASF, vill fá fund sem fyrst með Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra vegna fyrirhugaðrar hesthúsabyggðar í næsta nágrenni við Elliðaár í Víðidal. Verndarsjóðurinn segir hesthúsabyggð með öllu óásættanlega og hafa í för með sér óafturkræfar afleiðingar. Borgin er hvött til að endurskoða málið. Borgaryfirvöldum hafi ítrekað verið bent á margvíslegar hættur sem steðji að laxastofnum ánna. „Laxinn er óaðskiljanlegur hluti af vistkerfi Elliðaánna en hesturinn er aðeins gestur í dalnum!" segir í ályktun NASF. - gar

Offjárfesting sjóða mest í Kaupþingi

Stjórnir tveggja lífeyrissjóða, sem teknir hafa verið til rannsóknar vegna offjárfestinga, segja um mistök að ræða og undrast aðgerðir stjórnvalda. Mest var fjárfest umfram heimildir í Kaupþingi, en einnig í Samson, Baugi og Atorku.

VIÐSKIPTI Rannsókn á offjárfestingum fimm lífeyrissjóða kemur stjórnarmönnum sem Fréttablaðið ræddi við í gær á óvart. Allir segja að um mannleg mistök hafi verið að ræða. Offjárfestingarnar voru mestar í Kaupþingi.

„Mér sýnist þetta vera ansi harkalegar aðgerðir," segir Örnólfur Jónsson, stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs FÍA. Hann segir sjóðinn hafa óskað eftir rökstuðningi frá fjármálaeftirlitinu vegna þeirrar ákvörðunar ráðuneytisins að skipa sjóðnum umsjónaraðila fram í júlí.

Fjármálaeftirlitið vísaði málum fimm lífeyrissjóða til sérstaks saksóknara. Grunur leikur á að stjórnir sjóðanna hafi fjárfest umfram heimildir á fyrri hluta árs 2008.

Sjóðirnir eru Íslenski lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands, Eftirlaunasjóður FÍA og Kjölur lífeyrissjóður.

Ingólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Íslenska lífeyrissjóðsins, segist ekki hafa upplýsingar um hversu háar upphæðir hafi verið um að ræða, en offjárfestingin hafi aðallega verið í Kaupþingi. Einnig hafi verið offjárfest í Samson, Baugi Group og Atorku, en í minna mæli.

Mest var farið yfir leyfileg mörk í einni af fjórum deildum sjóðsins í mars í fyrra, þegar um 16 prósent af fjárfestingum sjóðsins voru í Kaupþingi, en hámarkið var 10 prósent, segir Ingólfur.

Lárus segir að offjárfesting sjóðsins hafi eingöngu verið í skuldabréfum Kaupþings. Offjárfestingin hafi verið um hálft prósent yfir 10 prósenta mörkunum í júní í fyrra. Það sé gróft áætlað um 80 milljónir króna.

„Þetta er hið furðulegasta mál," segir Björn R. Ragnarsson, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands. Hann segir sjóðina fimm hafa haft mjög líka fjárfestingarstefnu, og það sem eigi við einn sjóð eigi líklega við þá alla.

Í tilkynningu frá stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins segir að stjórnin taki ákvarðanir um fjárfestingarstefnu, en ákveði ekki einstaka fjárfestingar. Allir sjóðirnir eru með rekstrarsamning við Landsbankann, sem sér um daglegan rekstur þeirra.

Um mannleg mistök var að ræða, og stjórn sjóðsins er ekki kunnugt um nein önnur atriði sem gætu gefið tilefni til aðgerða stjórnvalda, segir í tilkynningunni. Aðgerðirnar hafi engin áhrif á eignastöðu sjóðsins, eða réttindi sjóðsfélaga. brjann@frettabladid.is

EKKERT FANNST HJÁ ÖÐRUM SJÓÐUM

Fjármálaeftirlitið (FME) fór yfir fjárfestingar fleiri sjóða en þeirra fimm sem eftirlitið telur að hafi offjárfest í ákveðnum fyrirtækjum.

Upphaf málsins má rekja til áhættugreiningar FME á öllum lífeyrissjóðum í landinu vegna bankahrunsins, samkvæmt upplýsingum frá FME. Áhættugreiningin sýndi þörf á að skoða sérstaklega eignasamsetningu nokkurra sjóða. Athugunin náði meðal annars til fjölmargra lífeyrissjóða sem eru í vörslu og eignastýringu viðskiptabankanna.

Í yfirlýsingum frá Almenna lífeyrissjóðnum og Frjálsa lífeyrissjóðnum kemur fram að FME hafi farið yfir eignir og fjárfestingar sjóðanna á árinu 2008. Ekkert óeðlilegt hafi komið í ljós, enda hafi sjóðirnir fjárfest í samræmi við fjárfestingarstefnu og lagaheimildir.

SJÓÐUR TANNLÆKNA Lífeyrissjóðirnir sem eru til rannsóknar voru með afar svipaða fjárfestingarstefnu, segir stjórnarformaður Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Segir arðgreiðslur siðlausar:

ASÍ sakar HB Granda um bókhaldsbrellur

ATVINNUMÁL Miðstjórn ASÍ telur tillögu stjórnar HB-Granda um arðgreiðslur til eigenda siðlausa við núverandi aðstæður. Hana skuli draga til baka ella greiða starfsfólki áður umsamdar launahækkanir án tafar. Samningur við SA um frestum hækkananna sé nú í uppnámi.

GYLFI ARNBJÖRNSSON

„Það vekur ugg að í ársreikningum HB-Granda er beitt sömu aðferðum við að blása út eignir og beitt var í fjölmörgum fyrirtækjum og fjármálastofnunum sem hrunið hafa á síðustu mánuðum," segir í tilkynningu frá ASÍ. Bókhaldið sé fegrað með því að gera óefnislegum eignum of hátt undir höfði. - sh

Niðurfelling skulda heimila:

Lífeyrisréttindi þyrfti að skerða

EFNAHAGSMÁL „Mér líst ekki vel á þetta," segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, um framkomnar hugmyndir um að færa niður skuldir um tuttugu prósent. „Niðurfærsla á eignum hefur í för með sér niðurfærslu á réttindum, að öllu óbreyttu."

Sjóðsfélagalán lífeyrissjóðanna til félaga sinna nema nú um 165 milljörðum. Yrðu skuldir lífeyrissjóðanna færðar niður um 20 prósent myndu eignirnar skerðast um 33 milljarða. Hrafn segir lítið hlutfall sjóðsfélagalána í vanskilum. „Það er sáralítið enn þá." Því sé ekki fyrirséð að lífeyrissjóðirnir þurfi að afskrifa háar upphæðir vegna þeirra. - ss

Icelandair Group tekur dýfu:

Fimm milljarðar gufuðu upp

VIÐSKIPTI „Sveiflur sem þessar geta orðið tíðar þegar engin viðskiptavakt er með hlutabréf félagsins," segir Gunnlaugur M. Sigmundsson, stjórnarformaður Icelandair Group, en gengi bréfanna féll um 40 prósent í gær og endaði í sjö krónum á hlut. Það hefur aldrei verið lægra.

Verð á bréfum Icelandair Group í útboði fyrir skráningu í desember 2006 var 27 krónur á hlut.

Miðað við þetta horfðu tuttugu stærstu hluthafar Icelandair Group, sem eiga 96 prósent hlutafjár, á 4,6 milljarða króna gufa upp á einum degi. Markaðsverðmæti Icelandair Group er nú um sjö milljarðar króna.

Hálfur mánuður er síðan Icelandair Group sleit samningum um viðskiptavakt við Saga Capital, þeirri síðustu með bréf félagsins. - jab

Ellefu ára skóladrengur:

Rekinn án andmælaréttar

SKÓLAMÁL Menntamálaráðuneytið hefur ógilt brottrekstur ellefu ára drengs úr grunnskóla þar sem drengurinn og foreldrar hans nutu ekki réttar til andmæla.

Drengnum var vikið tímabundið úr skóla sínum þegar vika var til jóla í fyrra. Ástæðan var hegðunarvandi sem rakin er til þess að drengurinn er með svokallaða ADHD-röskun. Um þverbak keyrði þegar hann lagði hendur á samnemendur í fótboltaleik. Foreldrarnir segja að samkvæmt áætlun sem skólinn hafi samþykkt hafi hann einmitt ekki átt að spila fótbolta enda vitað að það sé mjög erfiður leikur fyrir drenginn vegna röskunar hans. Umrætt atvik varð þegar forfallakennari hafði umsjón með bekknum. - gar

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HELGARHORFUR
Á laugardag eru horfur á fremur hægri suðvestlægri átt, 5-10 m/s. Skúrir verða á landinu sunnan- og vestanverðu en lengst af verður úrkomulaust á Norðaustur- og Austurlandi. Hitinn verður á bilinu 3-9 stig. Á sunnudag verður fremur hvöss vestanátt, einkum sunnan til. Éljagangur verður mjög víða, síst á Austurlandi. Hægt kólnandi veður.



HEIMURINN

Alicante	19°
Amsterdam	12°
Basel	14°
Berlín	7°
Billund	8°
Eindhoven	12°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	12°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	25°
London	16°
New York	11°
Orlando	26°
Osló	2°
París	14°
Róm	15°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Aðeins í dag

Opið
9 - 22

Morgunhanatilboð milli 9 og 11:
Þeir sem borga 15.000 kr. eða meira
(eftir að afsláttur hefur verið gefinn)
fá frítt Ævintýrapáskaegg nr. 6 með rís
frá Freyju meðan birgðir endast.

Sprengidagur

Fullt af flottum vörum

25% AFSL. AF ÖLLU*

nema
15% afsláttur af allri snyrtivöru
og dvd-myndum

*Munið að 25% Sprengidagsafsláttur
gildir ofan á allar útsöluvörur

Gildir ekki af útsöluskóm frá Tamaris

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

KJÖRKASSINN

Fylgist þú með fréttum af níðingnum Josef Fritzl í Austurríki?

Já	61%
Nei	39%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að banna kaup á vændi?

Segðu skoðun þína á Vísir.is. vísir

Orkuveitan greiði Hafnarfjarðarbæ 7,6 milljarða fyrir hlut í Hitaveitu Suðurnesja:

Hafnfirðingar voru í góðri trú

DÓMSMÁL Orkuveita Reykjavíkur á að borga Hafnarfjarðarbæ 7,6 milljarða króna í samræmi við samning um kaup á 15 prósenta hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur.

Fulltrúar OR og Hafnarfjarðar skrifuðu í júlí 2007 undir viljayfirlýsingu um að OR myndi kaupa allan hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Gengið skyldi frá kaupunum innan sex mánaða samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Kaupverð fyrir um 15 prósenta hlut átti að vera 7,6 milljarðar króna.

Í mars 2008 sagðist OR telja að samningurinn væri í andstöðu við samkeppnislög og því yrði ekki af kaupunum. Héraðsdómur hafnar þessari túlkun sem og öðrum hjá lögmanni OR í málinu, sem reyndar var sjálfur forstjóri fyrirtækisins, Hjörleifur Kvaran.

Héraðsdómur bendir á að OR hafi ekki fyrr en seint og um síðir ýjað að því að samningurinn um kaupin væri ógildur: „Stefnandi [Hafnarfjarðarbær] mátti því treysta því að full alvara væri hjá stefnda [OR] að efna samninginn.“ Auk kaupverðsins á OR að greiða dráttarvexti sem nú nema ríflega hálfum öðrum milljarði króna.

LÚÐVÍK GEIRSSON HJÖRLEIFUR KVARAN

„Þetta er það sem við áttum alla tíð von á, enda tekur dómurinn alfarið undir okkar málflutning,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði. Hjörleifur Kvaran hefur sagt að OR muni áfrýja dómnum. - gar

Ríkissaksóknari ákærir:

Réðst á mann og rændi hann

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir líkamsárás og rán.

Honum er gefið að sök að hafa í október á síðasta ári ráðist á mann, slegið hann nokkrum sinnum í andlitið þannig að hann féll í jörðina og tekið af honum seðlaveski, sem í voru 100 þúsund krónur, og farsíma. Þjófurinn gerði þetta í félagi við annan mann sem komst undan. Fórnarlambið hlaut mikla áverka við árásina. Hann krefst þess að árásarmaðurinn verði dæmdur til greiðslu miskabóta og fjártjóns upp á 2,1 milljón króna. - jss

Fyrsta ræða óbreytts Bush:

Mun ekki gagnrýna Obama

CALGARY, AP George W. Bush, fyrrum Bandaríkjaforseti, óskaði Barack Obama velfarnaðar, í fyrstu opinberu ræðu sinni frá því hann lét af forsetaembætti, í Calgary í Kanada í gær.

GEORGE W. BUSH

„Obama fær enga gagnrýni frá mér, ég elska land mitt meira en pólitík,“ sagði Bush. Hann lýsti því einnig yfir að hann hygðist skrifa bók um tólf erfiðustu ákvarðanirnar sem hann þurfti að taka á forsetastóli. „Ég vil að fólk geti gert sér í hugarlund hvernig það er að sitja á forsetaskrifstofunni og þurfa að taka allar þessar ákvarðanir,“ segir Bush. - alþ

Friðrik J. Arngrímsson:

Viljum komast að stjórnuninni

SJÁVARÚTVEGSMÁL „Konungssáttmálinn frá því 1262 er löngu genginn úr gildi svo Audun hefur ekkert um þetta að segja,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, um gagnrýni Auduns Maràk, framkvæmdastjóra Sambands norskra útgerðarmanna, á makrílveiðar Íslendinga.

„Ísland hefur fullveldisrétt í efnahagslögsögunni og hefur því fulla heimild til að stjórna veiðum á fiskistofnum hérna. Það sem við viljum er að koma að fiskveiðistjórninni með þeim en meðan við fáum það ekki úthlutum við okkur einhliða eins og Norðmenn gera reyndar líka því þeir úthluta sér viðbót við það sem þeim er úthlutað í samkomulaginu við Færeyinga og Evrópusambandið.“ - jse

Segir makrílveiðar vera ögrun við Rússa

Framkvæmdastjóri Sambands norskra útgerðarmanna er afar ósáttur við fyrirhugaðar makrílveiðar Íslendinga. Hann hefur mælist til þess að Norðmenn kaupi hvorki mjöl né lýsi frá Íslendingum. Hann segir veiðarnar ögrun við Rússa.

SJÁVARÚTVEGSMÁL Íslendingar verða að fá rannsóknarkvóta á makríl og rannsaka hversu mikið sé af honum í þeirra lögsögu áður en þeir hefja hefðbundnar markílveiðar, segir Audun Maràk, framkvæmdastjóri Sambands norskra útvegsmanna, í samtali við Fréttablaðið.

Hann er afar ósáttur við það að Íslendingar hafi ákveðið einhliða að hefja veiðar á 112 þúsund tonnum af makríl. Þar af verða 20 þúsund tonn veidd á alþjóðlegu hafsvæði utan lögsögu ríkja.

Hann segir slíkt mikla ögrun við Rússa sem þeir hljóti að bregðast við, en hefð er fyrir því að rússnesk skip veiði makríl á þessu alþjóðlega svæði.

Hann ætlar að mælast til þess að norsk stjórnvöld banni innflutning á lýsi og mjöli úr makríl frá Íslandi líkt og hann gerði á síðasta ári. Yfirvöld urðu ekki við þeim tilmælum þá en hann er bjartsýnn á að á því verði breyting nú.

„Við Norðmenn höfum þurft að lúta ströngu aðhaldi í þessum efnum í 30 ár,“ segir hann. „Heimildir okkar í ár eru um 180 þúsund tonn en ef við viðhefðum vinnubrögð Íslendinga myndum við veiða milljón tonn.“

Norðmenn, Færeyingar og Evrópusambandið sjá um stjórnun á veiðum úr makrílstofninum en Íslendingar hafa ekki fengið að koma að henni. „Á fundi okkar í Lundúnum [þar sem rætt var um stjórn makrílveiða] í haust komum við þeim skilaboðum til áheyrnarfulltrúa Íslendinga að við værum verulega ósáttir við framferði þeirra,“ segir Maràk. „Við vorum því afar óhressir þegar við sáum að Íslendingar höfðu ekki skilið þau skilaboð.“

FRÁ VEIÐUM Sátt ætlar ekki að nást um makrílveiðar Íslendinga sem ögra norskum útgerðarmönnum.

AUDUN MARÀK

Hann segir Íslendinga hafa verið mjög ósamvinnuþýða í gegnum tíðna. „Þeir hafa verið afar hrokafullir; þegar þeir fyrst lentu í útistöðum við önnur yfirvöld, á níunda áratugnum, var framferði þeirra með ólíkindum. Viðkvæðið hefur í raun oftast verið að ef þeir fái ekki sínu framgengt þá slíti þeir allri samvinnu. Og það er satt best að segja ótrúlegt hvað þeir hafa náð góðum samningum þegar samið hefur verið við þá. Ég man til dæmis þegar búið var að semja um norsk-íslensku síldina um miðjan síðasta áratug þá kom einn fulltrúi Íslendinga að máli við mig og sagði „ef ég væri Norðmaður hefði ég aldrei sætt mig við þetta samkomulag.“ En nú tel ég að norsk yfirvöld séu farin að skilja að slík undanlátssemi gagnvart Íslendingum gengur ekki lengur.“

Ekki náðist í Steingrím J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

jse@frettabladid.is

20 ÁRA STARFSAFMÆLI

Allur ferskur fiskur í fiskborði og allir fiskréttir

990

kr/kg lax, rauðspretta, skötuselur og fleira og fleira

Hlakka til að sjá alla mína gömlu og nýju viðskiptavini í gegnum árin

Tilboðið gildir út alla vikuna

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

EFTIRLAUNASJÓÐUR
SLÁTURFÉLAGS SUÐURLANDS

Boðað er til ársfundar Eftirlaunasjóðs Sláturfélags Suðurlands.

Fundurinn verður haldinn að Fosshálsi 1, 3. hæð, fimmtudaginn 2. apríl n.k. kl. 17:00.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings, tryggingafræðilegrar úttektar og fjárfestingastefnu.
3. Önnur mál.

Stjórnin

Ung kona dæmd í þriggja mánaða fangelsi fyrir stórþjófnað og fíkniefnabrot:

Hreinsaði út úr íbúð nágranna

DÓMSTÓLAR Ung kona hefur verið dæmd í þriggja mánaða fangelsi fyrir stórþjófnaði og fíkniefnabrot. Þá var hún dæmd til að greiða tryggingafélagi 1,4 milljónir króna.

Konan braust í febrúar inn í íbúð manns og bar þaðan út yfir í eigin íbúð í sama fjölbýlishúsi, skartgripi, hárblásara, sléttujárn, gleraugu, hárkollu, íþróttadót, snyrtivörur, fjögur glös af ilmvötnum, sjö kjóla og annan kvenfatnað, tólf pör af skóm; yfirfatnað og skíðafatnað. Einnig heimabíókerfi af tegundinni LG, heimasíma, fartölvu, GSM-farsíma, 32 tommu plasmasjónvarpstæki, antíksverð, veski með öllum skilríkjum, 10 þúsund krónum í reiðufé og inneignarnótu frá GP-húsgögnum. Þá tók hún iPod-spilara, spegil, tvær sængur og fjóra kodda og stafræna myndavél. Enn fremur karlmannsfatnað, jakkaföt, útiföt, spariskó og þrjú pör af skóm, tvö glös af rakspíra og rakvél. Hún sló eign sinni á allt góssið,

Auk þessa fann lögregla heima hjá konunni tölvu og höggborvél sem hún mátti vita að væru stolin. Þá var konan dæmd fyrir tvö fíkniefnabrot og skemmdarverk á útidyrum fjölbýlishúss.

Konan á nokkurn sakaferil að baki, þar á meðal dóm fyrir húsbrot, frelsissviptingu, rán og fíkniefnabrot. - jss

HÁRKOLLA Meðal munanna sem konan tók úr íbúð nágrannans var hárkolla.

SHISEIDO

PERFECT ROUGE

Varalitur sem fullkomnar varir þínar.

SHISEIDO DAGAR Í HAGKAUP KRINGLU, SKEIFU, SMÁRALIND, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐABÆ 19. – 25. MARS.

Ef þú kaupir SHISEIDO vörur fyrir 4.900 kr. þá velur þú þér eina gjöf*:
Snyrtitösku sem inniheldur annars vegar Benefiance Rakavatn 30ml, 24 stunda næringarkrem 10ml og prufur af nýju varalitnum eða The Skincare Rakavatn 30ml, 24 stunda viðgerðarkrem og prufur af nýju varalitunum.

Ferðapakkningar í öllum línum SHISEIDO á frábæru verði þú sparar að minnsta kosti 35% miðað við fulla stærð.

* Gildir á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1 *Stjórn hvaða Vestur-Evróputíkis stóð af sér vantrauststillögu á þingi á þriðjudag?*

2 *Ljóðabálk hvaða þýska skálds hefur Einar Thoroddsen læknir þýtt?*

3 *Hver mun klippa næstu mynd leikstjóra Festen, Thomasar Vinterberg?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Græningjar í Frakklandi vonast til að auka fylgi sitt í kosningum:

Eva Joly í framboði til Evrópuþings

EVRÓPUMÁL Eva Joly, sem íslensk stjórnvöld hafa ráðið sem ráðgjafa við rannsókn á bankahruninu, býður sig fram til Evrópuþingsins fyrir græningja í Frakklandi. Þetta hefur meðframbjóðandi hennar í Parísarumdæmi, Daniel Cohn-Bendit, tilkynnt.

„Hvort ég verð fyrstur eða í öðru sæti skiptir ekki máli, með Evu Joly er öruggt að við fáum fleiri en tvo fulltrúa í umdæminu," segir Cohn-Bendit.

Joly, sem er norsk-frönsk og var rannsóknardómari í þekktum réttarhöldum í Frakklandi, er umhverfissinnuð, auk þess að hafa sterkar skoðanir á skattamálum og ekki síst skattaparadísum. Þetta telur Cohn-Bendit að muni hjálpa græningjum að ná í atkvæði út fyrir raðir umhverfissinna.

EVA JOLY

DANIEL COHN-BENDIT

Frakkar eiga 78 fulltrúa af 785 á Evrópuþinginu, þar af eru fjórtán úr Parísarumdæmi.

Græningjar náðu sínum besta árangri í kosningum til þingsins árið 1999, þegar þeir hlutu 9,72 prósent atkvæða. Þá leiddi Cohn-Bendit baráttuna. Kosið verður í Frakklandi 7. júní.

Daniel Cohn-Bendit er franskþýskur leiðtogi samtaka græningja á Evrópuþinginu. Hann var einn af leiðtogum stúdenta í uppreisn þeirra í Frakklandi vorið 1968 og er gjarnan kallaður Dany le Rouge, eða Rauði-Danni, vegna stjórnmálaskoðana sinna og hárlitar.

- sh

Fyrirtæki og bankarnir:

Þrýst á að lýsa yfir gjaldþroti

ALÞINGI „Eigendum er boðið að bankinn greiði kostnað vegna gjaldþrotameðferðar, ef eigendur eru tilbúnir til að lýsa yfir gjaldþroti," sagði Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknar, á þingi í gær. Af því tilefni vildi hún spyrja fjármálaráðherra nánar út í meðferð fyrirtækja hjá ríkisbönkunum.

Í svari ráðherra kom fram að þrjú félög hjá Íslandsbanka hafi lagt fram gjaldþrotabeiðni frá 14. október og eitt hjá Kaupþingi. Engin lán hafi verið afskrifuð hjá bönkunum tveimur en miðað við áramót hafi 1,7 milljarður verið afskrifaður hjá Landsbanka. - ss

Hvert símtal kostar **100 krónur** sem renna óskiptar til aðstoðar innanlands.

100 KALL Á HAUS

90 15 100

STÖNDUM SAMAN!

Ef þú vilt gefa meira eða fyrir fleiri þá hringir þú í síma **904 1000** og þá renna **1000 krónur** af símreikningi þínum.

904 1000

Landssöfnun Rauða kross Íslands og Hjálparstarfs kirkjunnar lýkur um helgina. Gefðu fyrir þig og þína!

Síminn, Tal, Nova og Vodafone gefa allan kostnað við innhringingar svo 100 kallinn rennur óskiptur til góðra verka.
Spron, Landsbankinn, Íslandsbanki og Kaupþing styrkja birtingar auglýsinga.
Þeim sem vilja leggja fram hærri upphæð er bent á söfnunarreikninginn: 1151-26-3500 - kt. 530269-2649

Rauði kross Íslands

Hjálparstarf kirkjunnar

RÉTTARHÖLD Skorti á nægu öryggi fyrir börn hefur verið mótmælt fyrir framan dómshúsið í Sankt Pölten í Austurríki, þar sem réttarhöld yfir hinum 73 ára Josef Fritzl eru haldin. NORDICPHOTOS/AFP

Josef Fritzl hefur játað á sig alla sök

Austurríkismaðurinn Josef Fritzl hefur játað á sig sekt í öllum ákæruatriðum og beðist afsökunar á sjúklegri hegðun sinni. Geðlæknir segir Fritzl enn hættulegan umhverfi sínu þrátt fyrir háan aldur.

AUSTURRÍKI, AP Josef Fritzl, Austurríkismaðurinn sem sakaður er um að hafa haldið dóttur sinni fanginni í kjallara í 24 ár, beitt hana kynferðisofbeldi og átt með henni sjö börn, breytti í gær málsvörn sinni fyrir rétti. Fritzl játaði á sig sekt í öllum ákæruliðum, þar á meðal að hafa af gáleysi drepið eitt barnanna skömmu eftir fæðingu þess, og þrælahald, en áður hafði hann lýst sig saklausan af þessum ákæruliðum.

Hinn 73 ára gamli Fritzl breytti málsvörn sinni á þriðja degi réttarhaldanna, sem fram fara í Sankt Pölten í Austurríki. Hin 42 ára Elisabeth Fritzl, dóttir Josefs, gaf vitnisburð sinn yfir föðurnum á myndbandsupptöku sem spiluð var fyrir þá sem voru viðstaddir réttarhöldin, þar á meðal kviðdóm og Josef sjálfan, á þriðjudag. Þegar dómarinn innti Fritzl eftir hvers vegna hann hefði breytt málsvörninni sagði hann myndbandsupptökuna hafa orðið til þess. Auk þess baðst Fritzl afsökunar á „sjúklegri hegðun sinni".

Fritzl á yfir höfði sér lífstíðarfangelsi fyrir manndráp af gáleysi, frelsissviptingu, að hneppa manneskju í þrældóm, sifjaspell og nauðgun. Fritzl er ákærður fyrir að hafa orðið nýfæddum dreng, sem átti erfitt með andardrátt, að bana í apríl árið 1996 með því að neita að koma honum undir læknishendur þrátt fyrir bænarorð dóttur sinnar. Á þriðjudag neitaði Fritzl þeim ásökunum og sagði barnið hafa fæðst andvana. Í réttarsalnum í gær breytti hann framburði sínum og sagðist sjá eftir því að hafa ekki komið barninu til hjálpar. „Ég veit ekki hvers vegna ég hjálpaði ekki til. Ég leit bara fram hjá þessu. Ég hélt að barnið myndi lifa af," sagði Fritzl.

Geðlæknirinn Adelheid Kastner sagði í vitnisburði sínum í gær að Fritzl glímdi við alvarlegar persónuleikaraskanir og þörf fyrir að ráða yfir fólki. Fritzl hafi vitað fullvel að það sem hann gerði Elisabeth og börnunum væri rangt. Kastner sagði að þrátt fyrir háan aldur væri Fritzl enn hættulegur umhverfi sínu og mælti með að hann tæki út dóm sinn á geðdeild fangelsis. kjartan@frettabladid.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

NOTAÐIR BÍLAR Á SPOTTPRÍS

BÍLAOUTLET

KORPUTORGI

ATH! NOTAÐIR BÍLAR

SENDIFERÐABÍLAR - JEPPLINGAR - FÓLKSBÍLAR

Á HÁLFVIRÐI!!

ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐUR FJÖLDI BÍLA FÁANLEGIR Á HÁLFVIRÐI! NÚ ER TÆKIFÆRIÐ! KÍKTU TIL OKKAR Í DAG, HÖFUM OPIÐ FRÁ 11 TIL 19 ALLA VIRKA DAGA.

Korputorgi. Opið: mán-fös kl. 11-19, lau kl. 10-16

BÍLAOUTLET

ÆFT Í JERÍKÓ Liðsmaður óeirðalögreglusveitar, hollrar Fatah-hreyfingum Palestínumanna og Mahmoud Abbas heimastjórnarforseta, veður rauðan reyk á æfingu í Jeríkó á Vestubakkanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjórnin skipar starfshóp til að vinna siðareglur í stjórnsýslunni:

Fjárupplýsingar birtar strax

STJÓRNMÁL Nýjar reglur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna þingmanna og ráðherra, sem samþykktar hafa verið í forsætisnefnd, taka gildi strax hvað varðar ríkisstjórnina. Allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar munu á næstu dögum birta upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. Á Alþingi er gert ráð fyrir að þessar reglur, sem eru valkvæðar fyrir alþingismenn, taki gildi 1. maí.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja á fót starfshóp sem skipaður verður fulltrúum forsætisráðherra, fjármálaráðherra og einum utanaðkomandi sérfræðingi sem hafi það hlutverk að semja drög

UNDIRBÝR SIÐAREGLUR Ríkisstjórnin undirbýr siðareglur fyrir ráðherra og embættismenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að siðareglum fyrir embættismenn og aðra starfsmenn innan stjórnsýslu ríkisins. Jafnframt á hópurinn að gera tillögur að sérstökum siðareglum fyrir alla ráðherra. Hópurinn á að vinna í samstarfi við viðkomandi stéttarfélög og skila tillögum til forsætisráðherra fyrir 15. september. Samkvæmt reglunum sem liggja fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að skrifstofa Alþingis haldi skrá og birti opinberlega upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni alþingismanna og trúnaðarstörf þeirra utan þingsins. Stefnt er að því að endurskoða reglurnar með lagasetningu fyrir 1. desember. Jóhanna segir að ráðherrarnir séu bundnir af lögum um ráðherraábyrgð og að þau verði endurskoðuð. Alþingi sé að móta eftirlitsreglur og forsætisnefnd sé að skoða það mál - ghs

Sektaður og á skilorð:

Áreitti andlega fatlaða konu

DÓMSMÁL Héraðsdómur Austurlands hefur dæmt mann í tveggja mánaða fangelsi og til greiðslu 200 þúsunda króna í skaðabætur fyrir kynferðislega áreitni.

Maðurnn var ákærður fyrir að hafa á káfað á konu, utan klæða og innan. Hann viðurkenndi þá háttsemi að hluta. Konan býr við andlega fötlun og segir í dómnum að þess vegna hafi hún verið sérstaklega varnarlaus gagnvart háttsemi mannsins, sem býr í sama húsi og hún. Maðurinn hafði lent í slysi og hlotið heilaskaða, en var þó sakhæfur. Fangelsisdómurinn er skilorðsbundinn. - jss

Eftirfararbúnaður notaður í áratugi

Eftirfararbúnaður sem dómstólar hafa úrskurðað ólögmætan hefur verið notaður hérlendis í tugi ára. Danskir dómstólar eru ósammála íslenskum um búnaðinn og líta á hann þannig að með honum komi tækni í stað lögreglumanna.

LÖGREGLUMÁL Lögregla hóf að nota eftirfararbúnað löngu áður en sérstakar verklagsreglur um notkun hans voru settar árið 1999. Ríkissaksóknari mat það svo eftir fyrirspurn frá lögreglu árið 1992 að ekki þyrfti dómsúrskurð fyrir notkun slíks búnaðar. Búnaðurinn hafði þá verið notaður um nokkurt skeið.

BOGI NILSSON

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði nýverið að búnaðurinn hefði verið ólöglegur fram til síðustu áramóta, þegar notkun hans var fyrst fest í lög. Manni sem búnaðurinn var notaður gegn voru dæmdar bætur fyrir vikið. Lögmaður hans hefur krafist þess að yfirvöld geri öllum þeim viðvart sem búnaðurinn hefur verið notaður gegn ólöglega og bæti þeim tjónið. Ljóst sé af reglunum frá 1999 að búnaðurinn hafi verið notaður ólöglega síðan þá hið minnsta.

„Það er alllangt síðan lögreglan hér á landi notaði miðunarbúnað til eftirfarar í fyrsta skipti en ég veit ekki nákvæmlega hvenær það var. Notkunin hefur fyrst og fremst tengst fíkniefnamálum og fóru þau að verða áberandi um 1970 eða fljótlega upp úr því," segir Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari. Frekar hafi verið settar skorður við notkuninni í reglunum árið 1999 heldur en að þá hafi hún fyrst verið leyfð.

LÖGREGLA VIÐ STÖRF Nefndin sem samdi reglur um búnaðinn árið 1999 vildi að dómsúrskurð þyrfti til að koma búnaðinum fyrir inni í farartækjum og í föggum fólks – en ekki utan á farartækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Í málinu togast á tvenn ólík sjónarmið. Annars vegar þeirra sem telja að notkun búnaðarins eigi að vera háð dómsúrskurði. Þeir telja að notkun búnaðarins sé innrás í einkalíf fólks og að fyrir slíkum aðgerðum þurfi alltaf úrskurð dómstóla. Á þetta sjónarmið hefur Héraðsdómur Reykjavíkur fallist.

Hins vegar eru þeir sem líkja því að festa búnaðinn utan á farartæki við það þegar lögreglumenn fylgjast með og elta grunaða brotamenn, svokallaða „skyggingu".

Fyrir slíkri eftirför þurfi ekki dómsúrskurð og notkun búnaðarins sé af sama meiði, nema að tækni komi í stað lögreglumannanna.

Danskir dómstólar aðhyllast síðarnefndu skoðunina. Þannig komst Landsréttur Danmerkur að því árið 1996 að notkun eftirfararbúnaðar væri ekki þvingunarúrræði í skilningi þarlendra hegningarlaga og því þyrfti ekki dómsúrskurð fyrir honum. Það er sama niðurstaða og nefndin sem vann íslensku reglurnar um notkun búnaðarins árið 1999 komst að.

Dómsmálaráðherra og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hafa kosið að tjá sig ekki um úrskurð héraðsdóms fyrr en ríkislögmaður ákveður hvort honum verður áfrýjað. stigur@frettabladid.is

ÖSE boðar kosningaeftirlit á Íslandi í nýrri skýrslu:

Sérfræðinefnd fylgist með kosningum

KOSNINGAR Sendinefnd ÖSE leggur til að sérfræðinefnd verði send til Íslands til að fylgjast með kosningunum sem fram fara 25. október. Þetta er mat sendinefndarinnar eftir heimsókn þeirra til Íslands þar sem rætt var við stjórnmálamenn, fræðimenn, fulltrúa grasrótar og fjölmiðlamenn, meðal annarra. Miðað við sendinefndir ÖSE til annarra vestrænna ríkja, þar sem kosningaeftirlit hefur farið fram má búast við 8 til 12 manna nefnd.

Í niðurstöðum sendinefndarinnar, en skýrsla hennar er birt á heimasíðu ÖSE, kemur fram að svo virðist sem framkvæmd kosninga njóti mikils trausts á Íslandi þrátt fyrir efnahagsörðugleikana og miklar kröfur um endurskoðun á stjórnmálum sem komu í kjölfarið.

Sendinefndin mun leggja áherslu á að skoða lagaumhverfi kosninga og mögulegar breytingar á kosningalögum, utankjörfundaratkvæðagreiðslu, ýmis mál er varðar fjölmiðla og aðgang eftirlitsmanna með kosningunum. - ss

BARNASÁTTMÁLI Þessir ungu nemendur Austurbæjarskóla hafa síðustu daga unnið að verkefni sem tengist Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Alþingi samþykkti lögfestingu sáttmálans á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stórt skref stigið í réttindum barna

Lögfesting Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var samþykkt á Alþingi. Varaformaður Samfylkingarinnar á von á að sáttmálanum verði mikið beitt. Umboðsmaður barna fagnar ákvörðuninni.

ALÞINGI „Þetta eru stór og mikilvæg skef sem við erum að taka með lögfestingu Barnasáttmálans. Með þeim verðum við brautryðjendur í réttindum barna á heimsvísu," segir Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður og varaformaður Samfylkingarinnar. Eftir þriggja ára vinnu var samþykkt á Alþingi á mánudag að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verður lögfestur hér á landi. Samningurinn tók gildi árið 1990 og var fullgiltur hér á landi tveimur árum síðar, árið 1992.

Ágúst flutti málið fyrst fyrir þremur árum og segist afar sáttur við að það hafi náð í gegnum þingið. Ísland sé eitt fárra ríkja sem stigið hafi skrefið til fulls. „Flestar þjóðir hafa látið sér nægja að fullgilda sáttmálann, en hafa ekki lögfest hann þannig að hann sé jafnrétthár innlendri lagasetningu. Reynslan hefur sýnt að Barnasáttmálanum er sjaldan beitt fyrir dómstólum, en ég á von á að hann verði mikið notaður í dómaframkvæmd hér eftir og styrki allar stoðir undir réttindum barna."

Lögfesting Barnasáttmálans kallar á endurskoðun allra laga sem varða börn svo þær kröfur sem Barnasáttmálinn setur verði uppfylltar. Frumvarp sem feli í sér lögfestingu samningsins og aðlögun íslenskra laga að sáttmálanum skuli vera tilbúið hinn 20. nóvember á þessu ári. „Það er hitt og þetta sem þarf að skoða í ljósi sáttmálans. Sem dæmi má nefna rétt barna til að tjá sig í málum, sem er mjög ríkur samkvæmt Barnasáttmálanum. Einnig þarf að endurskoða réttindi einstakra hópa barna eins og til dæmis ungra afbrotamanna, en sáttmálinn takmarkar að ungir afbrotamenn séu vistaðir í fangelsi með fullorðnum eins og tíðkast hér á landi. Þá mun friðhelgi barna aukast til muna með tilkomu lögfestingarinnar að mínu mati," segir Ágúst Ólafur.

Sem kunnugt er sækist Ágúst Ólafur ekki eftir endurkjöri til Alþingis í vor. Hann segist afar stoltur af þessu máli og hann yfirgefi pólitíkina sáttur við þessa niðurstöðu.

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, fagnar þessari ákvörðun Alþingis. Hún segist vona að lögfestingin styðji enn frekar við stöðu barna í samfélaginu því ekki veiti af. „Ég vonast líka til að í þessu felist mikil kynning. Óformlegar kannanir okkar hafa sýnt að Barnasáttmálinn er allt of illa kynntur og það er of algengt að börn þekki hann ekki. Einnig er viðbúið að farið verði að vísa í sáttmálann fyrir dómi og að hann geri gagn sem slíkur. Þetta eru mikil og gleðileg tíðindi," segir Margrét María Sigurðardóttir.

kjartan@frettabladid.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-2254

Hvernig fæ ég yfirsýn yfir útgjöld heimilisins?

Get ég hætt að vinna við 65 ára aldur?

Er munur á nafn- og raunvöxtum?

Eru skuldabréf málið í dag?

Af hverju losna ég aldrei við yfirdráttinn?

Hvort er betra að spara í verðtryggðu eða óverðtryggðu í dag?

Hver er munurinn á vara- og neyslusparnaði?

Hvað er verðtrygging og hvernig virkar hún?

Hvernig næ ég tökum á fjármálunum?

Mikil aðsókn á fjármálanámskeið

Undanfarið hefur Íslandsbanki í samstarfi við Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík boðið fjármálanámskeið fyrir almenning. Námskeiðin hafa mælst mjög vel fyrir og viðtökurnar verið framar vonum. Enn eru nokkur námskeið eftir og hvetjum við áhugasama til að skrá sig sem fyrst.

Markmið námskeiðsins er að veita ráðleggingar um flest sem snýr að fjármálum fjölskyldunnar. Þátttakendur verða fræddir um sparnað, lán, efnahagsreikning heimilisins, heimilisbókhald, fjárfestingar, lífeyrissparnað og margt fleira.

Námskeiðin fara fram í Opna háskólanum í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, og eru öllum opin. Hvert námskeið stendur í 3 klst. og þátttökukostnaður er 1.000 kr. eða 1.000 punktar í Vildarklúbbi Íslandsbanka.

Nánari upplýsingar á islandsbanki.is/fjarmalanamskeid.

Næstu námskeið:

- Laugardaginn 21. mars Kl. 10.00–13.00
- Miðvikudaginn 25. mars Kl. 17.15–20.15
- Miðvikudaginn 1. apríl Kl. 17.15–20.15

Skráning á www.opnihaskolinn.is eða í síma 599 6394.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Íslandsbanki

„ORÐRÉTT“

Tali hver fyrir sig

„Nú erum við kannski frjáls í fyrsta sinn í langan tíma.“

EIRÍKUR JÓNSSON RITSTJÓRI FJALLAR UM KREPPUNA

Séð og heyrt 18. mars

Af hverju sagðir þú það ekki strax?

„Mér þykir þetta leitt.“

JOSEF FRITZL JÁTAÐI SAKIR Í GÆR

Reuters 20. mars

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR, RITSTJÓRI OG BLAÐAMAÐUR

Skiptir öllu að hafa nóg að gera

„Ég missti vinnuna þann 1. febrúar, ég var ritstjóri tímaritsins hann/hún. Ég hef verið að skipuleggja þemagönguferðir fyrir ferðamenn og vinn núna að því að markaðssetja þær. Gönguferðirnar eru bæði innan og utan höfuðborgarsvæðisins,“ segir Steingerður Steinarsdóttir ritstjóri og blaðamaður hress í bragði. Lögð er áhersla á mismunandi þætti í gönguferðunum, til dæmis sagnfræði, þjóðsögur, náttúrufræði eða grasafræði. Áherslurnar fara eftir óskum göngugarpanna.

Steingerður segir mjög mikilvægt fyrir atvinnulausa að hafa nóg fyrir stafni, annars sé hætta á að festast í neikvæðu mynstri. „Það skiptir mig öllu máli að hafa nóg að gera, að vita að það er eitthvað á dagskránni þegar ég vakna á morgnana,“ segir Steingerður, sem er býsna ötul við að sækja námskeið í atvinnuleysinu. „É g er á tveimur námskeiðum, annað heitir „Nýttu kraftinn“ þar sem unnið er til dæmis með hvernig á að skipuleggja hvern dag eins og um vinnudag væri að ræða. Hitt námskeiðið heitir Master Mind og þar kemur saman góður hópur kvenna og vinnur að markmiðasetningu. Í upphafi settum við okkur markmið og við hittumst mánaðarlega og förum yfir það hvernig okkur gengur að ná þeim og hvaða leiðir við notum til þess. Svo fer ég reglulega í jóga og í kraftgöngu í Öskjuhlíð.“

INCA KOLA

VINSÆLLA EN COCA-COLA

■ Perú er eitt örfárra landa veraldar þar sem Coca-Cola er ekki vinsælasti gosdrykkurinn. Perúbúar drekka meira af svokölluðu Inca Kola en nokkru öðru gosi. Fyrsta Inca Kola-verksmiðjan var sett á laggirnar árið 1928 og hefur notið fádæma vinsælda í Perú frá 1940. Inca Kola er gult á lit, bragðast eins og tyggigúmmí og hefur 31 prósents markaðshlutdeild. Eftir að hafa reynt að bola því af markaði í áratugi gafst Coca-Cola loks upp fyrir tíu árum og keypti meirihluta í Inca Kola.

SJÓNARHÓLL

KYNJAKVÓTI

Fólk vanmetur sjálft sig

„Ég er alfarið á móti kynjakvóta. Ég held að vandamálið liggi ekki í því af hvaða kyni einstaklingar eru, heldur hvernig einstaklingurinn metur sjálfan sig,“ segir Jóhannes Haukur Jóhannesson, leikari við Borgarleikhúsið. Hann bendir á að það þurfi að eiga sér stað hugarfarsbreyting meðal kvenna, því yfirleitt sé kynjakvóti settur á til að styrkja stöðu kvenna. „Konur verðleggja sig of lágt. Þær hafa allt fram að færa sem þörf er á til að komast áfram á eigin verðleikum en virðast stundum þurfa löggjöf til að geta sannfært sig um að þær komist í þær stöður sem þær eiga skilið. Það þarf að efla trú einstaklinga á sjálfum sér,“ segir Jóhannes Haukur. „Ég er sammála því að það er vandamál til staðar sem full þörf er á að taka á, en ég held samt sem áður að með kynjakvóta séum við því miður að leysa vandamálið frá vitlausum enda.“

JÓHANNES HAUKUR JÓHANNSSON

FRÖNSKURÚTA Vika franskrar tungu er haldin hátíðleg víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Franska á faraldsfæti

Síðustu daga hefur rúta keyrt á milli grunnskóla Reykjavíkur til eflingar franskri tungu.

Svokölluð frönskurúta ekur á milli grunnskóla Reykjavíkur og með kennara sem kenna ungum grunnskólakrökkum grundvallaratriði í franskri tungu. Tilefnið er vika franskrar tungu sem haldin er víða um heim.

„Við náum því miður ekki að fara í alla skólana, en við förum í fimm til sex skóla sem flestir bjóða upp á frönsku í eldri bekkjum,“ segir Friðrik Rafnsson forseti Alliance Française, sem stendur fyrir uppátækinu. „Alliance Française á að gegna hlutverki franskrar menningarmiðstöðvar hér á Íslandi og yfirleitt bjóðum við fólki á öllum aldri upp á frönskukennslu en þetta er smá tilraunaverkefni hjá okkur og er til þess ætlað að koma frönskunni út til krakkanna og vonandi vekja forvitni þeirra um franska tungu.“

Rútunni hefur verið vel tekið þar sem leið hennar hefur legið hingað til. „Rútan stoppaði hér í dágóðan tíma og krökkunum voru kennd orð og farið með þau í leiki. Þetta er mjög frísklegt framtak og tókst eftir því sem ég best veit vel í alla staði,“ segir Ásta Karen Rafnsdóttir deildarstjóri í Víkurskóla. „Þessi hugmynd er eilítið óvenjuleg en samt alveg meiri háttar og yngri krakkarnir höfðu mjög gaman af því að fá smá tilbreytingu frá hefðbundnu skólastarfi.“

Frönskurútan er aðeins einn liður af mörgum í því að kynna franska menningu og tungu, en einnig er ætlun Alliance Française að halda ljósmyndasýningu, sem ber heitið „Morgundagurinn í myndum“, og ljóðasamkeppni með frönsku ívafi sem ætluð er öllum framhaldsskólanemum landsins.

- ams

BSRB

Ísland og Evrópusambandið

OPINN FUNDUR UM EVRÓPUSAMBANDIÐ Á VEGUM BSRB

FÖSTUDAGINN 20. MARS KL. 14 – 16 Í BSRB – HÚSINU GRETTISGÖTU 89

Á fundinum verður fjallað um stefnu ESB í sjávarútvegi og iðnaði

Framsögu hafa

Aðalsteinn Leifsson lektor við Háskólann í Reykjavík

Bjarni Már Gylfason hagfræðingur Samtaka iðnaðarins

Fundarstjóri

Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB

Að loknum framsöguerindum verður opnað fyrir spurningar úr sal

Laganemar bjóða ókeypis aðstoð við skattframtalið:

Talið fram í tólf tíma

SAMFÉLAGSMÁL Laganemar í Háskólanum í Reykjavík bjóða öllum sem vilja aðstoð við skattframtalið næsta laugardag. Að sögn Elínborgar Jónsdóttur, sem er einn laganemanna sem býður aðstoð sína, verða um tíu til fimmtán kollegar hennar í húsakynnum háskólans ásamt endurskoðendum og skattalögfræðingum frá endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækinu Deloitte.

„Í fyrra höfðum við sérstakan skattadag fyrir innflytjendur,“ útskýrir Elínborg. „Það kom alveg gríðarlegur fjöldi, ég held að það hafi aldrei verið skilað jafn mörgum skattframtölum inn á einum degi. En nú viljum við bjóða öllum upp á þessa aðstoð frítt, það er okkar innlegg í að létta undir með fólki í ástandinu.“

Laganemarnir munu, margir hverjir, standa tólf tíma vakt en hægt er að leita til þeirra með skattframtalið og meðfylgjandi gögn frá klukkan níu að morgni til klukkan níu um kvöldið. „Þetta er kannski ekki sú hugmynd sem fólk hefur um það hvernig megi eyða góðum laugardegi en þetta verður skemmtilegt og auðvitað gríðarlega lærdómsríkt fyrir okkur,“ segir hún.

- jse

ELÍNBORG JÓNSDÓTTIR OG ÞÓRA BJÖRK GÍSLADÓTTIR LÖGFRÆÐINEMAR Það er ekki allra hugmynd um laugardagsfjör að sitja yfir skattframtölum en Elínborg og Þóra Björk gera það með glöðu geði næstkomandi laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

ELÍSABET SEGIR MIKILVÆGT AÐ FÓLK HAFI MEÐ SÉR:

- **Launamiða síðasta árs.**
- **Lykilorð og auðkennislykil til að komast í heimabanka.**
- **Veflykil inn á www.rsk.is.**
- **Gögn ef kaup og/eða sala á fasteign hafa átt sér stað á liðnu ári.**
- **Gögn er varða kaup og/eða sölu og stöðu á verðbréfum í árslok.**

OKKAR FRAMLAG

NÝJAR VÖRUR VOR/SUMAR 09

dömu & herra

bolir 990,-
skyrtur 1.990,-
flíspeysur 2.990,-
softshell 4.990,-
kvartbuxur 2.990,-
buxur 2.990,-
zip off buxur 4.490,-
isotex jakkar 4.990,-
isotex kápur 5.990,-
regnbuxur 1.490,-
regnjakkar 1.990,-
bakpokar 2.990,-
sokkar 990,-
ofl. ofl.

barnafatnaður

bolir 990,-
flíspeysur 1.990,-
softshell 3.990,-
kvartbuxur 1.990,-
zip off buxur 2.990,-
regnbuxur 990,-
regnjakkar 1.490,-
gönguskór 5.490,-
bakpokar 1.990,-
ofl. ofl.

www.utivistogsport.is

LOKADAGAR

OPIÐ UM HELGINA

Regatta
GREAT OUTDOORS™

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –17

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322
AÐRIR SÖLUSTAÐIR: Hafnarbúðin **Ísafirði**, Hjá Dóru **Hornafirði**, Útivist og veiði, **Sunnuhlíð Akureyri**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU

NÝTT GRÍSAKJÖT GAMALT VERÐ

798

GRÍSAGÚLLAS 798 kr./kg.

498

GRÍSAHAKK 498 kr./kg.

798

GRÍSASNITSEL 798 kr./kg.

798

GRÍSAHNAKKASNEIÐAR ÚRB 798 kr./kg.

398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.

798

GRÍSAKÓTILETTUR 798 kr./kg.

1298

GRÍSALUNDIR 1298 kr./kg.

1679

ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR M/SKINNI
40% AFSLÁTTUR 1679 kr./kg.

198

GRÍSASKANKAR 198 kr./kg.

FERSKUR KJÚKLINGUR

1477

KJÖRFUGLS-KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2109 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR 1477 kr./kg.

1798

ALI FERSKAR KJÚKLINGARBRINGUR
40% AFSLÁTTUR 1798 kr./kg.

419

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 698 KR./KG. 419 kr./kg.

49

EUROSHOPPER BASMATI
HRÍSGRJÓN
400g 49 kr.

239

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 398 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 239 kr./kg.

OS TILBOÐS-SMJÖR 500g
NÚ 20% LÆGRA VERÐ 205 kr stk.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

198
FAIRY UPPÞVOTTALÖGUR
500 ml 198 kr.

298
UMBRO STURTUSÁPA
400ml 298 kr.

49
PRINGLES SNAKK 33g poki 49 kr.

878
N.F SJÓFRYST ÝSUFLÖK rað og beinlaus
MERKT VERÐ 1098 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
878 kr./kg.

598
N.F SALTFISKUR m/roði og beini
598 kr./kg.

579
N.F FORSTEIKTAR FISKBOLLUR
579 kr./kg.

179
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 gr 179 kr

1998
MACKINTOSH 2,9 KG DÓS
1998 kr.

359
EMMESS ÍSBLÓM 6 STK. 359 kr.

298
BÓNUS KLEINUR 15 STK 298 kr

598
FILIPPO BERIO
ExtraVirgin olía
750 ml 598 kr.

198
BÓNUS MAJONES
550 ml 198 kr.

259
BÓNUS FETAOSTUR 250g
259 KR.

259
MJÓLKU RJÓMI
400 ml 259 kr.

98
GOÐA KÆFUR 150g 98 kr. 10 ÞÚS DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI.

399
K.F NÝTT
KJÖTFARS
399 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

FBL-GREINING: MAKRÍLL

Norðmenn gagnrýna veiðar á makríl

Allt stefnir í deilu við Norðmenn vegna makrílveiða Íslendinga í eigin fiskveiðilögsögu. Samtök norskra útvegsmanna gagnrýna þessar veiðar og segja þær óábyrgar og óafsakanlegar. Þau hvetja enn fremur önnur strandríki til að standa saman gegn þessum veiðum Íslendinga.

■ Hvað er makríll?

Makríll er fremur feitur fiskur. Hann er skyldur túnfiski og er algeng fæða víða um heim. Hér á landi hefur hann einkum fengist niðursoðinn, oft og tíðum baðaður tómatsósu.

■ Hversu mikið veiða íslensk skip af makríl?

Heildaraflinn í ár má ekki fara yfir 112.000 tonn. Þar af mega 20.000 tonn veiðast á alþjóðlegu hafsvæði utan lögsögu ríkja. Meira er veitt af makríl nú en áður, árið 2007 veiddust 36.500 tonn. Ekki er langt síðan makríll fór að ganga í auknum mæli upp að ströndum Íslands, ástæðan er talin vera hlýnandi umhverfi.

■ Hverjir veiða makríl?

Heildarmakrílkvótinn í Norðaustur-Atlantshafi í ár er um 625.000 tonn. Hann skiptist á milli Evrópusambandsins, Norðmanna og Færeyinga. Veiðar Íslendinga eru ekki inni í þessari tölu, en Ísland hefur farið fram á það í mörg ár, án árangurs, að koma að samningaborðinu þegar makrílkvótanum er skipt. Því hafa veiðiheimildir á makríl í íslenskri lögsögu verið settar einhliða af Íslendingum. Evrópusambandið hefur gagnrýnt makrílveiðar Íslendinga og Norðmenn halda því fram að þær séu óábyrgar.

LAGERSALA

Opið
virka daga frá 13 – 18
Helgar frá 13 - 16

Eldhúsvaskar
Frá kr. 3.900

Blöndunartæki
Frá kr. 3.900

Baðspeglar
Kr. 990

Símar 894-1411 og 861 7540
Norðurhella 10 Hafnarfjörður

Auglýsingasími

FRÉTTASKÝRING: Varnarþörf Íslands

Deilur um varnarþörf

Varnarmálastofnun er ekki orðin eins árs en nú þegar eru uppi raddir um að hún verði lögð niður. Deilt er um hver þörfin er fyrir stofnunina og hvort hægt sé að sinna vörnum landsins á hagkvæmari máta. Utanríkisráðherra hefur lýst því yfir að hann sé með málefni stofnunarinnar til rækilegrar endurskoðunar.

RATSJÁREFTIRLIT

Lofthelgi landsins er 12 mílur en loftumferðarsvæði mun stærra, að meðaltali um 150 mílur. Að meðaltali eru um 50 til 60 flugvélar inni á svæðinu í einu og stýra Flugstoðir umferð þeirra.

Rætt hefur verið um að færa ratsjárkerfi undir Flugstoðir, eða jafnvel til Neyðarlínunnar.



Varnarmálastofnun tók til starfa 1. júlí í fyrra samkvæmt varnarmálalögum. Helsta hlutverk hennar er að sjá um ratsjárkerfið sem Nató hafði umsjón með áður, en þar að auki rekur hún fjarskipta- og samskiptakerfi, auk þess að sjá um öryggisgagnagrunna og rekstur Nató-mannvirkja.

Þegar bandaríski herinn hvarf af landi brott gerbreyttist staðan í varnarmálum landsins. Kallað var eftir því að sjálfstætt mat færi fram á varnarþörf landsins. Áður en það var gert var samið við Atlantshafsbandalagið um loftrýmiseftirlit, sem skyldi fara fram fjórum sinnum á ári. Haustið 2007 skipaði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, starfshóp til að meta varnarþörfina, undir forystu Vals Ingimundarsonar sagnfræðings. Sá hópur hefur nú skilað niðurstöðu sinni. Í skýrslunni er hvatt til innbyrðis samstarfs stofnana, en margir hafa kvartað yfir því, sérstaklega eftir tilkomu Varnarmálastofnunar.

Togstreita

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, er ekkert að skafa utan af því og segir beinlínis að stofnun Varnarmálastofnunar hafi verið til óþurftar. „Samstarf okkar við systurstofnanir hefur verið mikið, ekki síst á Norðurlöndunum. Þær eru af hernaðarlegum toga, en við áttum bein og milliliðalaus samskipti við þær. Það að vera með þennan millilið sem heitir Varnarmálastofnun gerir þetta samstarf ómarkvisst og óöruggt," segir Georg.

Hugmyndin um Varnarmálastofnun verður til í utanríkisráðuneytinu. Í undirbúningi stofnunarinnar voru þau rök notuð að öryggisreglur Nató krefðust þess að stofnun sú sem sæi um ratsjáreftirlitið væri ekki borgaraleg.

Björn Bjarnason, fyrrum dómsmálaráðherra, þvertekur fyrir að Nató gerir kröfur í þessum efnum. „[A]llt tal um, að NATO eigi að ákveða, hvaða stofnunum hér á landi sé heimilt að taka á móti upplýsingum frá bandalaginu byggist á viðleitni til að auka mikilvægi sitt á kostnað annarra stofnana, sem eru jafnfærar til að taka á móti þessum upplýsingum, enda uppfylli þær kröfur bandalagsins um meðferð hernaðarlegra leyndarupplýsinga."

Hver er þörfin?

„Engar vísbendingar eru um að Íslandi stafi hernaðarógn af nokkru ríki eða ríkjabandalagi í náinni framtíð. Þetta álit er í samræmi við hættumat annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins." Svo segir í áhættumatsskýrslu fyrir Ísland. Þar er hins vegar sagt að fylgjast þurfi með flugi herflugvéla, heræfingum og ferðum kjarnorkuknúinna skipa nálægt Íslandi.

Í skýrslunni er ekki tekið tillit til þess hvort nauðsynlegt sé að halda úti loftrýmiseftirliti og Valur Ingimundarson hefur aðspurður sagt það vera pólitískt spursmál. Utanríkisráðherra segir fullt tilefni til að skoða hvort loftrýmisgæslan hafi hlutverk við landvarnir og skýrslan bendi ekki til að svo sé. Þessi mál séu til skoðunar í ráðuneytinu.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, fagnar mjög skýrslunni. Hann segir að með henni sé tilburðum til að byggja upp hernaðarlega ógn sem bregðast þurfi við slátrað og ljóst sé að ekki sé neinn að fara að ráðast á okkur. Kötlugos sé alvarlegri ógn við öryggi okkar en hugsanleg hernaðarleg ógn.

„Í skýrslunni er sterk undirbygging að því að slá megi Varnarmálastofnun af, sem og heræfingar og loftrýmiseftirlit. Enda er þetta bara rugl og nær væri að spara fjármuni sem fara í þetta."

Kostnaður

Varnarmálastofnun hlaut á árinu 2009 1,227 milljarða króna á fjárlögum og hafði framlagið þá verið skorið niður um 257 milljónir vegna efnahagsástandsins. Í minnihlutaáliti utanríkismálanefndar, sem Steingrímur stóð að, var lagt til að öllum fjárútlátum til hernaðarlegra verkefna yrði hætt og fjármagninu frekar varið í þróunarsamvinnu og hjálparstarf.

Við venjulega flugumferð eru notaðar svarratsjár sem nema merkjasendingar flugvéla. Hjá Varnarmálastofnun er einnig frumratsjá, en hún nemur alla umferð á svæðinu, jafnvel þó slökkt hafi verið á merkjasendingum flugvéla.

Í úttekt sem Neyðarlínan vann um kostnað við að taka ratsjáreftirlitið yfir er gert ráð fyrir kostnaði upp á 476 milljónir króna. Ratsjárstofnun, sem sá um eftirlitið, fékk á fjárlögum 2008 822 milljónir króna og nefnt hefur verið að um 830 milljónir fari í eftirlitið innan Varnarmálastofnunar. Ljóst er því að töluverður sparnaður næðist væri verkið flutt til Neyðarlínunnar. Björn Bjarnason talaði strax við brotthvarf Bandaríkjahers fyrir því að það yrði gert, eða til Flugstoða.

Varnarmálastofnun hefur hins vegar borið brigður á þessar tölur og dregið í efa að mögulegt sé að reka kerfið í vaktstöðinni við Skógarhlíð. Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, segist standa við kostnaðarmatið.

Skipt upp

Össur Skarphéðinsson hefur sagt að málefni Varnarmálastofnunar séu í miklum forgangi hjá honum. „Ég tel að það séu miklir möguleikar á því að spara fé með því að sameina ýmsa þætti sem eru hjá henni og öðrum stofnunum. Í þeirri stöðu sem Íslendingar eru nú þarf að velta hverri krónu fyrir sér og gera allt sem hægt er til að spara og hagræða."

Georg Lárusson hefur talað fyrir því að Landhelgisgæslan taki yfir vissa þætti Varnarmálastofnunar og telur það nauðsynlegt til að hægt sé að rækja hlutverk gæslunnar. Friðrik Jónsson, verkefnisstjóri hjá Varnarmálastofnun, segir sjálfsagt að skoða möguleika til hagræðingar. „Verkefnin sem við erum að sinna skipta máli, ekki endilega ramminn utan um þau." Hann neitar því þó að flækjustig hafi aukist með stofnuninni, þvert á móti séu bandalagsþjóðir ekki lengur í neinum vafa við hvern eigi að ræða varnarmál.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra hefur sagst vilja skoða málefni stofnananna. Eðlilega hafi menn áhuga á öllum hagræðingarmöguleikum í ríkisrekstri. Þá hefur Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, talað fyrir því að stofnunin verði lögð niður.

Úr þessu er varla líklegt að núverandi ríkisstjórn taki varnarmál til rækilegrar endurskoðunar. Líklegra er að þau bíði næstu stjórnar. Ljóst er hins vegar að krafan um hagræðingu verður ekki minni hjá þeirri stjórn og ekki ólíklegt að fregna verði að vænta í þessum efnum.

Menn geta hins vegar spurt sig hver raunveruleg varnarþörf er ef staða ríkissjóðs hverju sinni segir til um hvernig henni skuli sinnt.

FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

VARNARMÁLASTOFNUN
1,227 millijarðar á fjárlögum 2009

Fjarskiptakerfið	Samskiptakerfið	Ratsjárkerfið	Öryggisgagnagrunnar	NATO-mannvirki
Lagt niður. Næg önnur kerfi á landinu.	Ljósleiðari í eigu ríkisins opnaður fyrirtækjum í fjarskiptarekstri. Mundi auka samkeppni.	Flutt til Neyðarlínunnar eða sameinað Flugstoðum.	Fluttir til greiningadeildar ríkislögreglustjóra.	Fara til fjármálaráðuneytisins eins og aðrar eigur ríkisins.

Hugmyndir eru uppi um að leggja Varnarmálastofnun niður, eða sameina öðrum stofnunum, og færa verkefni annað. Verði það að veruleika væri hægt að flytja verkefnin eins og hér er sýnt. Ekkert liggur þó fyrir í þeim efnum.

Max Kauptúni

79.989 kr.

Fullt verð ~~99.989~~

Heimabíó Magnarar Hátalarar Snúrur Ferðatæki DVD spilarar Veggfestingar Bílgræjur Útvörp Vekjarar Hljómtæki Ferðatæki Prentarar Blek Tölvuhátalarar Flakkarar Mýs Lyklaborð Skrifanlegir diskar Tölvuvörur Fartölvutöskur iPOD græjur Myndavélatöskur MP3 aukahlutir Tölvuleikjahlutir Nýir tölvuleikir Tölvuleikir á borði DVD - nýtt efni Seríur á DVD Blue Ray diskar Ódýrir DVD Heimasímar Heyrnatól Hljómborð Símahlutir GSM Myndavélar Minniskort Straujárn Frystiskápar Blásarar Rakvélar Pizzaofnar Vogir Viftur Hárvörur Rafmagnspottar Brauðvélar Töfrasprotar Hraðsuðukatlar Kaffivélar Hitakönnur Senseo Kaffivélar Pottar Pönnur Saumavélar Ryksugur Ryksugupokar Barnavörur Roomba Heilsuvörur Batterí Fjöltengi Perur B-borð Örbylgjuofnar Ísskápar Örbylgjuofnar í hillu Sjónvörp Amerískir ísskápar Þvottavélar Frystikistur Ofnar Þurrkarar Vínkælar Helluborð Gufugleypar Eldavélar Heimabíó Magnarar Hátalarar Snúrur Ferða DVD DVD spilarar Veggfestingar Blek Tölvuhátalarar Skrifanlegir diskar Tölvuvörur Fartölvutöskur Tölvuleikjahlutir Nýir tölvuleikir Blue Ray diskar Snúrur Ódýrir DVD Símahlutir GSM Myndavélar Minniskort Pizzaofnar Vogir Viftur Hárvörur Rafmagnspottar Brauðvélar Töfrasprotar Hraðsuðukatlar Kaffivélar Hitakönnur Senseo Kaffivélar Pottar Pönnur Saumavélar Ryksugur Ryksugupokar Barnavörur Roomba Heilsuvörur Batterí Fjöltengi Perur B-borð Örbylgjuofnar Ísskápar Örbylgjuofnar í hillu Sjónvörp Amerískir ísskápar Þvottavélar Frystikistur Ofnar Þurrkarar Vínkælar Helluborð ofl.

OPNUNARTÍMI

Mán.	kl. 11-19	Fim.	kl. 11-19
Þri.	kl. 11-19	Fös.	kl. 11-19
Mið.	kl. 11-19	Lau.	kl. 11-18
		Sun.	kl. 12-18

MAX / Kauptúni 1
Garðabæ
Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI

Útgjöldin
> Meðalverð á fimm pylsubrauðum í febrúar.



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON LEIKARI

Ástarjátningar í Andrésblaði

Bergur Þór hugsar sig vel og vandlega um áður en hann kemst að niðurstöðu um verstu kaup sem hann hefur gert, en hann nær þó að velja ein kaup sem honum þótti verri en flest önnur. „Verstu kaup sem ég hef gert eru að öllum líkindum sjálfskiptur Dodge Caravan sem ég fjárfesti í fyrir þó nokkru síðan. Ég fékk því miður ekki eins mikinn tíma til að keyra hann og ég hefði viljað því eftir aðeins eina viku bilaði sjálfskiptingin."

Bergur Þór segir bílakaupin hafa verið gríðarlega sár þar sem billinn var algjörlega ónýtur á eftir en eins og með svo marga eldri bíla hefði frekar borgað sig að kaupa annan bíl en að borga varahlutina og þjónustuna sem bílinn þarfnaðist. Hann náði þó að jafna sig á þessu áfalli seinna meir og hefur aftur fengið traust á bílum og vali sínu í bílakaupum.

„Bestu kaupin eru einnig talsvert minnisstæð en þar stendur Andrésblað öðrum hlutum hærra," segir Bergur Þór glettinn. Þrátt fyrir að flestir hafi ekki myndað sterk tilfinningaleg tengsl við teiknimyndasögur er talsvert sérstök ástæða fyrir því að Bergi líka þessi kaup frekar en önnur, því þau voru gerð í rómantískum tilgangi. Andrésblaðið útfærði hann eftir eigin höfði og gaf svo konunni sinni. „Andrésblaðið notaði ég sem ástarbréf til konunnar minnar. Ég náði að stroka út það sem stóð fyrir í talblöðrunum og skrifaði í þeirra stað ástarjátningar til hennar." Bergur bendir á að hlutir þurfi ekki að vera dýrir til að öðlast tilfinningalegt gildi og oftar en ekki er betra að nota smá frumleika til að gera gjöfina ennþá minnisstæðari.

GÓÐ HÚSRÁÐ:

■ *Láta pólitíkina á ís í nokkur ár*

Eggert Skúlason almannatengill hefur sagt mörgum manninum til sem koma þarf fram fyrir alþjóð. Hann á húsráð mörg handa þingmönnum sem standa í ströngu þessa daga þegar kosningar eru í nánd.

„Mitt húsráð hentar fólki úr öllum flokkum og það hljóðar svona: látið stjórnmálin alveg í friði næstu þrjú til fjögur árin þar til biturðin, sem nú er að drekkja þjóðinni, er runnin af fólki."

Eflaust eiga margir eftir að eiga í vandræðum með að fara að þessu ráði.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

NEYTENDUR: Blöndunartæki keypt inn í miðju hruni:

Ikea vill ekki monta sig af lækkun

DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Almenn hugmyndin um sænska kaupfélagið í Garðabæ, öðru nafni Ikea, er að þar sé hagstætt að versla. Sumum finnst þó annað, til dæmis Gnúpi, sem hafði samband. Hann er ósáttur við verð á blöndunartækjum. *„Hjá Ikea hér kostar blöndunartækið 14.950 krónur,"* skrifar hann. *„Mér þótti það dýrt en sæmilega sloppið miðað við BYKO eða Húsasmiðjuna. Þegar til kom var varan ekki til, en væntanleg. Þar sem ferming stendur fyrir dyrum ákvað ég að sjá hvort tækið væri til í Ikea í Svíþjóð og fá það sent. Þegar ég sá verðið í Svíþjóð rak mig í rogastans. Þar kostar sama blöndunartæki 695 kr. sænskar, eða 9.540 ISK á gengi gærdagsins, mismunur rúmlega 5.000 ISK! Þetta er því greinilegt okur hjá Ikea. Ef þeir vilja fela sig á bak við gengismál þá má spyrja þá út í hækkun sem þeir létu ganga yfir alla línuna hjá sér í október á seinasta ári. Enga höfum við séð lækkunina."*

Þórarinn H. Ævarsson, framkvæmdastjóri Ikea, svarar: *„Blöndunartækin sem um ræðir voru tekin inn í október þegar hrunið átti sér stað og voru þau tollafgreidd á afar óhagstæðu gengi."*

Varðandi það hvort Ikea ætli að lækka verðið nú þegar krónan hefur styrkst segir Þórarinn: *„Við erum fyrir nokkru byrjuð að lækka verð. Okkur þótti það einfaldlega það sjálfsagt að við töldum ekki ástæðu til að vera að monta okkur af því. Við höfum lækkað verð á öllum sængurfatnaði, koddum og sængum í vefnaðarvörudeild. Næst á dagskrá er mottudeild og síðan verður farið í ljósadeildina og svo koll af kolli. Haldi yfirstandandi styrking áfram mun þessi lækkun ná til allra deilda fyrirtækisins og verður það þá afgreitt á komandi vikum."*

Borgarferð til Akureyrar

Skíði, menning, skemmtun!
Einstök upplifun fyrir alla fjölskylduna í sannkallaðri ævintýraferð.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

Menning: Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar og viðburðir.

Afþreying: Vetrarparadís, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, sleðabrekkur, skautahöll, sundlaugar, líkamsræktastöðvar, heilsulindir, kvikmyndahús, skemmtistaðir, keilusalur, gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og útivistarsvæðið í Kjarnaskógi.

Gisting: Fjölbreyttir möguleikar, hótel, gistiheimili, íbúðir, bústaðir auk sveitahótela í næsta nágrenni.

Matur og drykkur: Úrval kaffihúsa og veitingastaða, matur úr Eyjafirði.

Verslun: Fjölbreytt og gott úrval verslana í miðbænum, Glerártorgi og víðar.
Stuttar vegalengdir, frítt í strætó og frí bílastæði – munið bílastæðaklukkurnar.

Verið hjartanlega velkomin!
visitakureyri.is og nordurland.is

BETRI KAUP

Húsasmiðjan í heimabyggð

Göngubretti
0-12 km/h
3899532

39.990
~~54.990~~
15stk
TAKMARKAÐ MAGN

Frábært verð
Klósettseta með dempara.

12.990
ódýrt

Klósettseta Delphi
Hæglokandi með dempara
8048601

30%
afsláttur
af ljósum

Frábært verð

Þrekhjól/spinning
YK B-15, tímaklukka, vegalengdar-, hraða-, og kalóríumælir
3899524

19.990
~~31.549~~

MÁLA INNI
OG **MEÐ ÁHERSLU Á HEILSUNA?**
Eina málningartegundin sem samþykkt er af norska og íslenska astma- og ofnæmisfélaginu

Kynningarverð
4.995

3 ltr.
Veggmálning gljástig 10
7122103-5

ódýrt
30%
AFSLÁTTUR
999

Reiðhjólahjálmar
Barna.
5872012-2067

Innkaupataska
Á hjólum.
2009195

199
ódýrt

Málningarrúlla
27 sm, polyester
7010049

Reiðhjól 12 og 16”
Bob the builder og My Bonnie
3899960/61/62/63

12”
12.390

14”
14.590

FRÁBÆRT VERÐ
Vönduð og sterk hjól með bögglabera, brettum, handbremsu, bjöllu, endurskini ofl.

Umpottun

Nú er tími til að skipta um mold á pottaplöntunum

299kr
~~449~~
10 ltr. mold

499kr
~~760~~
Blaðgljái 200ml

449kr
~~699~~
Blómaáburður

299kr
~~590~~
Blaðklútar

VIÐ BORGUM ÞÉR!
EF ÞÚ FÉKKST INNEIGN Í FEBRÚAR, MUNDU ÞÁ EFTIR AÐ NOTA HANA Í MARS

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

UM HELGINA

PALLAEFNI FYRIR VORIÐ

FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN.

Timburráðgjöf
Grafarholti og
Skútuvogi.

TIMBURRÁÐGJÖF í **Húsasmiðjunni**

Í VERSLUNUM OKKAR UM LAND ALLT FÆRÐU RÁÐGJÖF HJÁ SÉRFÆÐINGUM OKKAR VARÐANDI:

- **TIMBUR**
- **BYGGINGALAUSNIR**
- **VIÐHALD**
- **PÍPULAGNIR**
- **GARÐINN**
- **PALLINN**

ÞAKRENNUR Á BETRA VERÐI

Norskar kanntaðar PVC rennur til í hvítu og svörtu, henta öllum byggingum, einföld samsetning, kraginn á rennunum er tvöfaldur sem gerir þær stöðugri.

Danskar plast þakrennur, mjög harðar og sterkar, enda límdar á samskeytum, til í gráu og hvítu, hægt að sérpanta svartar og brúnar.

Ath!
Munið að nýta ykkur töflureikninn fyrir þakrennur sem finna má á www.husa.is

BÍLSKÚRSHURÐAOPNARI FYLGIR ÖLLUM HÖRMANN BÍLSKÚRSHURÐUM Í MARS.

GILDIR AF ÖLLUM KEYPTUM HÖRMANN BÍLSKÚRSHURÐUM Í MARS.

Stíhrein og vönduð hönnun

Plastparket hnota
3ja stafa hnotulíki, borðastærð
1292x192x7 mm.
146950

Frábært á bílskúrsgólfið

frostþolnar

Gólfflísar
Grá, beige og dökk grár.
30x30, frostþolnar, þykkt 8.6 mm.
8630030/31/33

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 24 **Velta:** 60 milljónir

OMX ÍSLAND 15
225 **+1,57%**

OMX ÍSLAND 6
576 **+1,66%**

MESTA HÆKKUN

EIMSKIPAFÉLAGIÐ	33,33%
FØROYA BANKI	1,89%

MESTA LÆKKUN

ICELANDAIR	-30%
MAREL FOOD SYS.	-2,32%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 2,80 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 235,00 +0,00% ... Bakkavör 1,45 +0,00% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +33,33% ... Føroya Banki 108,00 +1,89% ... Icelandair Group 7,00 -30,00% ... Marel Food Systems 46,40 -2,32% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Össur 73,30 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Facebook fyrir ríkisbubba

Ef marka má umfjöllun Børsen í Danmörku eru um 20 þúsund „svínslega ríkir" einstaklingar skráðir á samskiptavefinn Affluence.org, en honum hefur verið lýst sem Facebook fyrir ríkisbubba. Þeir sem vilja fá að vera með á vefnum verða að uppfylla eitt þriggja skilyrða, eiga eignir upp á þrjár milljónir dala (nálægt 350 milljónum króna), hafa árstekjur upp á 300 þúsund dali (tæplega 2,9 milljónir króna á mánuði), eða þekkja einhverja fimm sem fyrir eru í klúbbnum og vilja bjóða viðkomandi að vera með. Þarna eiga svo svipað þenkjandi einstaklingar að geta átt í netsamskiptum án þess að „sauðsvarturalmúginn" þvælist þar fyrir. Líkast til hafa svo aðstandendur vefsvæðisins ætlað að hagnast vel á að selja auglýsingar á vefinn sérsniðnar að þessum efnamikla hópi.

Óheppileg tímasetning?

Affluence.org vefurinn var hins vegar stofnaður í september í fyrra og má setja nokkur spurningarmerki við þá tímasetningu. Þetta er enda rétt fyrir hrun Lehman Brothers og einhverjar yfirgengilegustu hörmungar sem gengið hafa yfir fjármálakerfi heimsins í manna minnum. Aðstandendur síðunnar hafa því líkast til mátt hafa sig alla við að fylgjast með því hvort þeir sem skráðir eru í klúbbinn hafi glatað svo miklu af virði sínu að gera verði þá brottræka. Børsen segir að aðstandendur vefsins hafi ekki gefið upp neinar tölur í þessum efnum, en áætlar að brottfall kunni að vera nálægt 30 prósentum. Kannski er það tímanna tákn að í gær lá vefur Affluence.org niðri, um leið og hrakspár birtust um að efnahagssamdráttur heimsins kynni að verða enn meiri en búist hefur verið við.

Straumur fær nýjan forstjóra

Óttar Pálsson hefur verið skipaður forstjóri Straums-Burðaráss fjárfestingabanka. Skipunin tók gildi frá og með gærdeginum að því er fram kom í tilkynningu bankans.

Óttar var áður yfir lögfræðisviði bankans.

William Fall, fyrrverandi forstjóri bankans, lét af störfum þegar Fjármálaeftirlitið tók Straum yfir í byrjun síðustu viku, vék stjórninni frá störfum og skipaði bankanum skilanefnd.

Innlán Straums færast til Íslandsbanka gegn útgáfu skuldabréfs samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Eignarhaldsfélag í eigu kröfuhafa verður stofnað um það sem eftir stendur. **- óká**

MARKAÐSVIRÐI SEM HLUTFALL AF LANDSFRAMLEIÐSLU



HEIMILD: HAGSTOFAN, NASDAQ OMX NORDIC, OECD OG WORLD FEDERATION OF EXCHANGES

Kauphöllin breytist úr risa í dverg

„Flest þróuð ríki í heiminum eru með öfluga kauphöll. Við vorum með þá stærstu sem hlutfall af landsframleiðslu um mitt þarsíðasta ár. Nú er hún sú minnsta miðað við samanburðarlöndin," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland, sem í daglegu tali nefnist Kauphöllin.

ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON

Þórður var með erindi um markaðinn á vegum Fjármálaréttarstofnunar í Háskólanum í Reykjavík í gær.

Þar kom fram að markaðsverðmæti skráðra fyrirtækja hér hafi verið tæp 270 prósent af landsframleiðslu þegar gamla Úrvalsvísitalan náði hámarki um mitt ár 2007. Hlutfallið skrapp saman eftir því sem tak fjármálakreppunnar herptist og stóð í 150 prósentum fyrir bankahrunið í fyrra. Aðstæður hafa lítið batnað síðan þá. Markaðsverðmæti skráðra fyrirtækja nú er um 15 til 20 prósent af landsframleiðslu og gerist vart lægra.

„Hlutfallið hefur verið að lækka víða um heim. Það var um 130 til 140 prósent af landsframleiðslu að meðaltali erlendis þegar best lét en er nú komið niður í 70 prósent víða. Í Bandaríkjunum er það um 85 prósent," segir Þórður.

Hann áætlar að skuldabréfamarkaðurinn taki við sér síðar á þessu ári og markaður með hlutabréf á því næsta. Áætlanir eru í takt við hagvaxtarhorfur ásamt ýmsum hvötum, svo sem skattaafslætti fyrir fjárfesta og skráningu hlutabréfa í evrur.

„Þótt við vonum að það verði fyrr reikna ég ekki með að svo verði fyrr en við sjáum fram úr efnahagssortanum og náum betra jafnvægi," segir Þórður. **- jab**

Nasdaq OMX Broker Services á Íslandi selt

Fyrirtækið Fjármálalausnir ehf., sem Þórður Gíslason fer fyrir, hefur fest kaup á NASDAQ OMX Broker Services á Íslandi af OMX Technology AB. Í tilkynningu Kauphallarinnar kemur fram að Þórður starfaði áður fyrr sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins (sem þá hét Libra).

Fyrirtækjaráðgjöf Auðar Capital hf. annaðist söluferlið, en kaupverð er ekki gefið upp.

„NASDAQ OMX Broker Services á Íslandi sérhæfir sig í ráðgjöf og hugbúnaðargerð fyrir fjármálafyrirtæki. Fyrirtækið er í viðskiptum við yfir 20 fjármálafyrirtæki og stofnanir á Íslandi. Helstu vörur fyrirtækisins eru seldar undir Libra vörumerkinu og eru helstu vörur Libra Securities, Libra Loan og Libra Pension," segir í tilkynningunni og staðhæft að eigendaskiptin hafi engin áhrif á þjónustustig fyrirtækisins. **- óká**

Eignir meiri en skuldir

Skuldastaða þjóðarinnar erlendis verður lítillega jákvæð þegar leiðrétt hefur verið fyrir erlendum eignum og skuldum gömlu bankanna. Þetta kemur fram í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka.

„Erlendar skuldir fara þá niður í um tvöfalda landsframleiðslu eða tæplega 3 þús. ma. kr. og eru erlendu eignirnar aðeins meiri," segir í umfjöllun greiningardeildarinnar. Útreikningurinn er byggður á áætlun Seðlabankans, en hún er sögð viðlíka og mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á þessum stærðum. „Rétt er að geta þess að þar sem tölurnar miða við síðustu áramót er væntanleg skuld vegna Icesave og lánveitingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem ekki hefur enn verið greidd út ekki með í þessum tölum."

Án þess að leiðrétt sé fyrir skuldum bankanna, sem hverfa munu smám saman á næstu misserum, samhliða eignasölu og afskriftum á skuldum, var hrein erlend staða þjóðarbúsins neikvæð um 3.544 milljarða króna í lok síðasta árs. **- óká**

Horfur versna enn í hagkerfum heimsins

Núverandi kreppa á engan sinn líka. Aðstoðarframkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) segir ólíklegt að vænta megi uppsveiflu eftir að botninum nái. Ný bráðabirgðaspá sjóðsins er enn svartsýnni en sú sem gefin var út í byrjun árs.

FJÁRMÁLAKREPPAN RÆDD Í ÞAULA Dominique Strauss Kahn, framkvæmdastjóri AGS, ásamt Kofi Annan, fyrrverandi aðalritara Sameinuðu þjóðanna, og Jakaya Mrisho Kikwete, forseta Tansaníu, á ráðstefnu um áhrif fjármálakreppunnar á Afríku, í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) telur líkur á að kreppan muni draga alþjóðlegt efnahagslíf neðar á þessu ári en reiknað var með í byrjun árs. Samkvæmt nýjustu bráðabirgðaspá sjóðsins er gert ráð fyrir samdrætti upp á 0,6 prósent á árinu samanborið við væntingar um 0,5 prósenta hagvöxt í byrjun árs.

Þetta er í samræmi við það sem fram kom á fundi með Mark Flanagan, yfirmanni sendinefndar AGS á Íslandi, á fundi hans hér í síðustu viku. Þar kom fram að samdráttur í hagkerfinu hér verði allt að 10,5 prósent á árinu í stað 9,6 prósenta líkt og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

AGS hafði áður gefið út að ólíklegt væri að fyrri spá myndi halda lengi. Fréttastofa Reuters vitnar til þess í gær, að haft hafi verið eftir Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóra AGS, að efnahagsþrengingarnar nú megi kalla kreppuna miklu.

John Lipsky, aðstoðarframkvæmdastjóri AGS, sagði á fundi í Vínarborg í Austurríki í gær það eiga að vera forgangsmál ríkisstjórna að tryggja stöðugleika á fjármálamörkuðum og leggja út björgunarpakka með þeim hætti að þau dragi ekki úr styrki hins opinbera til að standa af sér utanaðkomandi áföll. Takist það ekki sé hætta á að þau verði viðkvæmari en áður gagnvart áhrifum fjármálakreppunnar.

„Kreppan nú á engan sinn líka," sagði Lipsky og bætti við að aðstæður væru slíkar að ekki megi vænta uppsveiflu eftir að botninum nái líkt og eftir netbóluna á árabilinu 2003 til 2007.

Gert er ráð fyrir að hagvöxtur sjö stærstu iðnríkja heims dragist að meðaltali saman um 3,2 prósent á þessu ári. Til betri vegar horfi á næsta ári en vonir standa til að hagvöxtur verði þá jákvæður um 0,2 prósent. Bretland verður verst úti af löndunum sjö en hætt er við að hagvöxtur þar verði neikvæður fram á þarnæsta ár.

Næsta spá AGS um horfur í alþjóðlegu efnahagslífi verður birt fyrir fund með Alþjóðabankanum undir lok næsta mánaðar.

jab@markadurinn.is

SAMANBURÐUR Á SPÁM UM HAGVÖXT Á ÁRINU*

Land / hagsvæði	janúar	ný spá
Alþjóðlegt hagkerfi	0,6%	-0,5%
Bandaríkin	-1,6%	-2,6%
Kanada	-1,2%	-2,0%
Evrusvæðið	-2,0%	-3,2%
Bretland	-2,8%	-3,8%
Asía		
Indland	6,25%	5,25%
Japan	-2,6%	-5,0%
Kína*	7,5%	6,5%
Víetnam	5,0%	4,75%

*Spá Alþjóðabankans

HEIMILD: ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐURINN

Lækkunarferli vaxta að hefjast

Greining Íslandsbanka og IFS Greining spá varfærinni lækkun stýrivaxta í dag. Íslandsbanki 0,50 til 1,0 prósentustigs og IFS 1,50 prósentustigum.

„Verkefni Seðlabankans er nokkuð vandasamt þar sem vextir mega ekki vera svo lágir að þeir veiki tiltrú en einnig er óæskilegt að stýrivextir séu svo háir að þeir valdi efnahagslífinu verulegum skaða," segir í umfjöllun IFS Greiningar.

Greining Íslandsbanka telur forsendur komnar til vaxtalækkunar enda er fátt sem haldi verðbólgu uppi um þessar mundir. „Af málaflutningi sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem var hér að störfum í upphafi mánaðar er ekki annað að skilja en að AGS muni leggja blessun sína yfir þá ákvörðun að lækka vexti á morgun. Mark Flanagan yfirmaður sendinefndar sagði á blaðamannafundi í síðustu viku að svigrúm hafi skapast til hóflegrar vaxtalækkunar. Flanagan sagði þó einnig að ekki væri útlit fyrir að hægt yrði að aflétta höftum á gjaldeyrismarkaði fyrr en síðar á þessu ári en þegar það yrði gert yrðu vextir enn að vera allháir. Þetta styður þá skoðun að hóflega verður farið í vaxtalækkanir til að byrja með," segir í áliti greiningardeildarinnar.

SVEIN HARALD ØYGARD Nýr seðlabankastjóri kynnir væntanlega í dag fyrstu ákvörðun nýrrar peningastefnunefndar Seðlabankans um stýrivexti. Almennt er búist við vaxtalækkun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skuggabankastjórn Markaðarins mælir hins vegar með heldur veglegri vaxtalækkun og bendir á að hér hafi áður verið farið skarpt í lækkunarferli stýrivaxta með góðum árangri í kjölfar þjóðarsáttarsamninga á níunda áratugnum. Mælir hún með allt að 4,0 prósentustiga lækkun. **- óká**

ÞVOTTA DAGAR

19.–29. MARS

AEG
FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

TILBOÐSVERÐ

GERÐU HREINLEGA **GÓÐ KAUP**!

Þörum okkur saman!

ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR

ÁN EFA
EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði
LAVAMAT 76850 ÍSLAND
- Taumagn: 7 kg
- Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.

AEG barkalaus þurrkari
með íslensku stjórnborði
LAVATHERM 58840 ÍSLAND
- Taumagn 7 kg
- Fjöldi prógramma

TILBOÐVERÐ: Kr. 254.000 / PARIÐ

AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði
LAVAMAT 64851 ÍSLAND
- Vindingarhraði 1400/1000/600 sn. á mín.
- Taumagn 7 kg.

AEG þurrkari
LAVATHERM 56740
- Mjög hljóðlátur,
- Fjöldi prógramma
- Taumagn 7 kg.

TILBOÐVERÐ: Kr. 240.000 / PARIÐ

AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði
LAVAMAT 52840
- 1200 snúninga • Taumagn 6 kg.

AEG þurrkari
LAVATHERM 56740
- Mjög hljóðlátur
- Fjöldi prógramma
- Taumagn 7 kg.

TILBOÐVERÐ: Kr. 220.000 / PARIÐ

Íslenskt stjórnborð og ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir okkar vélum.

Allar einstakar þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar eru nú á tilboðsverði.

ORMSSON

- ORMSSON **LÁGMÚLA 8** SÍMI 530 2800
- ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
- ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
- ORMSSON MODEL-**AKRANESI** SÍMI 431 3333
- ORMSSON ÞRISTUR-**ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
- ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
- ORMSSON BÓKABÚÐ-**HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
- ORMSSON VÍK-**EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
- ORMSSON VÍK-**NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
- ORMSSON ÁRVIRKINN-**SELFOSSI** SÍMI 480 1160

www.ormsson.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

skoðun

greinar@frettabladid.is

Lögfesting Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna:

Mannréttindi barna tryggð

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Lögfesting Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er mikilvægt skref í mannréttindum barna á Íslandi. Íslendingar undirrituðu sáttmálann árið 1990 og tveimur árum síðar var hann fullgiltur hér á landi.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er yfirlýsing um sérstök réttindi börnum til handa, óháð réttindum hinna fullorðnu. Hann er skuldbindandi samkomulag þeirra ríkja sem aðild eiga að honum.

Flest lönd heims hafa látið staðar numið við fullgildingu Barnasáttmálans en með lögfestingu gengur Ísland skrefinu lengra og kemst þar með í lítinn hóp þjóða sem lögfest hafa samninginn og verður hann með því jafnrétthár íslenskri lagasetningu.

Þrátt fyrir að nú sé liðið á sautjánda ár frá fullgildingu barnasáttmálans á Íslandi þekkja allt of fáir innihald hans og svo virðist sem hann hafi ekki náð fótfestu meðal þeirra sem starfa með börnum og bera ábyrgð á velferð þeirra.

Eftir lögfestingu Barnasáttmálans verður hægt að beita honum með beinum hætti fyrir dómi. Reynslan sýnir að ekki virðist hafa verið horft til Barnasáttmálans fyrir íslenskum dómstólum hingað til.

Skemmst er að minnast sýknudóms yfir manni sem flengdi börn unnustu sinnar. Ólíklegt hlýtur að teljast að sambærilegur dómur geti fallið þegar sáttmálinn hefur öðlast lagalegt gildi enda stangast dómurinn á við 19. grein hans.

Lögfesting Barnasáttmálans leiðir vonandi til aukinnar þekkingar á innihaldi hans, ekki aðeins meðal dómara. Það er afar mikilvægt að efni sáttmálans sé handgengið og virt af starfsfólki skóla og leikskóla. Uppákoma eins og sú sem var í fréttum í síðustu viku þar sem dregið var í efa að víkja mætti úr starfi leikskólastarfsmanni sem staðinn hafði verið að því að löðrunga barn, heyra vonandi sögunni til. Í máli sem þessu mega réttindi starfsmanns aldrei vera mannréttindum barns yfirsterkari.

Síðast en ekki síst þarf að kynna sáttmálann vel fyrir börnunum sjálfum og foreldrum þeirra. Mikilvægt er að forráðamenn barna geri sér grein fyrir réttindum barnanna um leið og þeir gera sér grein fyrir og axla þá ábyrgð sem við sem fullorðin erum berum á börnum.

Á þessu tekur Halldóra Halldórsdóttir, ráðgjafi í Stígamótum, í afar athyglisverðri grein sem birtist hér í Fréttablaðinu síðastliðinn laugardag. Þar bendir hún á þá hættu sem fylgir því að leggja of mikla ábyrgð á herðar barns með því að kenna því að segja nei við kynferðislegu áreiti og áréttar ábyrgð fullorðinna á öryggi barna og misgjörðum sínum gagnvart þeim.

Margt hefur áunnist í réttindum barna á undanförnum áratugum. Ljóst er þó að talsvert vantar upp á að nægilega vel sé búið að börnum á Íslandi. Lögfesting Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er áreiðanlega afgerandi skref í átt til aukinnar virðingar við börn á Íslandi og mannréttindi þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Réttur maður

Vefmogginn sagði frá því í gær að fresta hafi þurft atkvæðagreiðslu á Alþingi nokkrum sinnum vegna slæmrar mætingar þingmanna. Guðbjartur Hannesson þingforseti brýnir fyrir formönnum þingflokka að hafa aga á sínu liði og sjá til þess að það mæti í atkvæðagreiðslur. Samkvæmt skoðanakönnunum hefur virðing almennings fyrir Alþingi farið þverrandi og eru fréttir á borð við þessar síst til þess fallnar að breyta því. Guðbjarti þingforseta ætti þó ekki að verða skotaskuld úr því að snúa þessari þróun við enda gamall skólastjóri og vanur að taka á tossum sem skrópa.

Þjóðmál komin út

Í inngangi nýjasta tölublaðs Þjóðmála kvartar Jakob F. Ásgeirsson ritstjóri yfir því að Fréttablaðið og Morgunblaðið sýni tímaritinu ekki áhuga. Sjálfsagt er að bæta úr því. Þjóðmál eru komin út. Meðal efnis í blaðinu eru greinar á borð við „Tvískinnungur“, „Pólitískar hreinsanir minnihlutastjórnar“, „Hvað er „faglegt“ við þetta“, „Flaðrað upp um Norðmenn“, „Nú, er Jón Ásgeir ekki lengur góði kallinn?“, „Spillt skriffinnskubákn“, „Tveir rithöfundar á framfæri hins opinbera“ og „Skattmenn gleðjast“.

Ef brynja sig gegn rógi skal

Stjórnmálamenn mega stundum þola að menn séu meinyrtir og níðskældir í þeirra garð og segja sumir að prófkjör séu frekar olía á þann eld en hitt. Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, skrifaði til dæmis grein í Morgunblaðið í gær, þar sem hann sagði frá hvernig reynt hefði verið að gera fjármál hans tortryggileg. Það er auðvitað óþolandi fyrir stjórnmálamenn að sitja undir slíkum dylgjum. Ein einföld leið til að brynja sig gegn ásökunum af þessu er að þingmenn gefi upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína. Af hverju var Björgvin ekki bara löngu búinn að því? **bergsteinn@frettabladid.is**

Hvað er til ráða?

Fjármálakreppan úti í heimi hefur reynzt dýpri og erfiðari viðfangs en flesta óraði fyrir. Í febrúar 2007 sagði Ben Bernanke, þá nýorðinn seðlabankastjóri Bandaríkjanna, að efnahagslíf landsins væri í góðu jafnvægi: „hvorki of heitt, með verðbólgu, né of kalt, með vaxandi atvinnuleysi.“ Nokkru síðar byrjaði að hrikta í fjármálakerfinu þar vestra og einnig í Evrópu. Atvinnuleysi í Bandaríkjunum er nú meira en það hefur verið þar síðan 1983. Hvað kom fyrir? Hvað er til ráða?

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Bjargráð í kreppunni

Arfleifð fyrri seðlabankastjóra

Forsagan skiptir máli. Á undan Ben Bernanke stýrði Alan Greenspan bandaríska seðlabankanum frá 1987 til 2006. Greenspan naut mikils álits, enda var uppgangur í efnahagslífinu flest árin, sem hann stýrði bankanum, og lítil verðbólga. Forvera hans, Paul Volcker, sem var seðlabankastjóri 1979-87, hafði tekizt að snúa verðbólguna niður með ströngu aðhaldi í peningamálum. Atvinnuleysi fór þá um skeið upp fyrir 10 prósent af mannaflanum, en full atvinna komst aftur á fáeinum árum síðar. Greenspan tók við góðu búi. Ríkisstjórn Clintons forseta 1993-2001 fylgdi tiltölulega aðhaldssamri stefnu í fjármálum ríkisins og vatt ofan af hallarekstrinum, sem var arfleifð frá stjórnartíð Reagans forseta 1981-89 og Bush eldra 1989-1993.

Nú gerðist þrennt. Þegar Bush yngri tók við Hvíta húsinu af Clinton 2001, tók hann upp skattalækkunarstefnu Reagans og Bush eldra með fulltingi Greenspans. Fulltingi hans greiddi götu skattalækkunarfrumvarpa forsetans gegnum þingið: þingmenn hljóta sumir að hafa hugsað sem svo, að skattlækkunaráform forsetans gætu varla ógnað stöðugleikanum í efnahagslífinu, úr því að seðlabankastjórinn var hlynntur þeim. Í annan stað hafði Greenspan áður lagzt á sveif með repúblikönum á þingi, svo að þeim tókst að draga verulega úr lögboðnu eftirliti með bönkum og öðrum fjármálastofnunum. Í þriðja lagi fylgdi Greenspan lágvaxtastefnu, sem ýtti undir lántökur fólks og fyrirtækja án þess þó, að verðbólgan færi úr böndum. Lágir skattar, lágir vextir og veikt fjármálaeftirlit voru angar á sama meiði og blésu upp undirmálslánabóluna, sem Greenspan sá þó ekki ástæðu til að bregðast við eða jafnvel til að athuga þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir innan seðlabankans um aðsteðjandi hættu. Greenspan stökk af sökkvandi skipi, þegar hann lét af störfum í bankanum 2006. Hann hefur nú beðið forláts á andvaraleysi sínu og röngu stöðumati.

Samræmdar aðgerðir

Barack Obama forseti og ríkisstjórn hans hafa ákveðið að ráðast gegn fjármálakreppunni með þeim ráðum, sem bezt þykja hafa dugað við svipaðar kringumstæður á fyrri tíð, og reyna nú að fá ríkisstjórnir annarra landa í lið með sér. Reynslan af kreppunni miklu 1929-39 talar skýru máli, þótt ólíku sé saman að jafna. Atvinnuleysi í Bandaríkjunum er nú um 8 prósent af mannaflanum, en var 25 prósent, þegar verst lét í kreppunni miklu – og það fyrir daga atvinnuleysistrygginga.

Hvaða ráð hafa dugað? Í fyrsta lagi þarf að örva þjóðarbúskapinn með auknum útgjöldum almannavaldsins og lægri sköttum, enda þótt hallarekstri fylgi auknar skuldir. Þetta var ekki reynt nema að litlu leyti í kreppunni miklu og gaf þá bærilega raun. Reynslan af ríkishallarekstri stjórnar Roosevelts forseta í kreppunni hefur leitt Obama forseta og ríkisstjórn hans að þeirri niðurstöðu, að smáskammtalækningin, sem þá var reynd, hefði skilað meiri árangri, hefðu skammtarnir verið stærri. Í annan stað þarf að auka peningamagn í umferð. Verðlag fór lækkandi í kreppunni miklu, svo að raunvextir voru háir, þótt nafnvextir væru nálægt núlli. Lækkandi verðlag leiddi til þess, að heimilum og fyrirtækjum fannst borga sig að fresta útgjöldum eins og hægt var. Það borgaði sig ekki að taka lán. Peningaprentun var ætlað að vinna gegn verðhjöðnuninni og endurlífga lánamarkaðinn. Í þriðja lagi þurfa ríkisstjórnir margra landa í senn að snúa bökum saman um nauðsynleg bjargráð, þar eð kreppan ferðast land úr landi og bitnar ekki aðeins á iðnríkjum, heldur einnig á þróunarlöndum. Þetta kallar á samræmdar aðgerðir. Asíulönd standa nú frammi fyrir minnkandi eftirspurn eftir útflutningsvörum sínum. Bandaríkjamenn, Bretar, Japanar og Kínverjar hafa sama skilning á nauðsyn stórtækra örvandi aðgerða í ríkisfjármálum og peningamálum, en Evrópusambandsríkin á meginlandinu hika. Þau óttast aukna verðbólgu og skuldasöfnun meira en atvinnubrest og samdrátt. Þau þurfa að sjá sig um hönd.

Fíllinn í þinghúsinu

UMRÆÐAN

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifar um efnahagsmál

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Meginverkefni ríkisins næstu mánuði og ár er að halda skuldum í lágmarki. Það hjálpar til að við hrun bankanna var ríkissjóður skuldlítill en síðan hefur sigið á ógæfuhliðina. Hluti lausnarinnar felst í að að halda arðbærum fyrirtækjum í rekstri og atvinnustigi sem hæstu og semja af fullri hörku um Icesave skuldbindingar.

Einn meginþáttur þessa verkefnis hlýtur að felast í að draga úr ríkisútgjöldum. Þar duga engin vettlingatök. Í bjartsýnu mati fjármálaráðherra eru skuldir ríkissjóðs áætlaðar 1.100 milljarðar í árslok 2009. Þetta er án skuldbindinga vegna Icesave og AGS sem samtals nema 1.200 milljörðum. Vaxtagreiðslur þessa árs áætlar ráðherra tæpa 90 milljarða. Til samanburðar kom fram í vikunni að heildaraflaverðmæti Íslendinga árið 2008 námu 99 milljörðum. Hallarekstur ríkisins á þessu ári er áætlaður 150 milljarðar. Tölurnar eru ógnvænlegar og ég þori varla að ímynda mér stöðuna ef niðurstaðan verður verri en Steingrímur áætlar.

Í þessu ljósi er furðulegt hversu lítið þingmenn, ólíkt sveitastjórnarmönnum, hafa rætt hvernig spara megi útgjöld. Þetta á ekki síst við um þingmenn flokkanna í minnihlutastjórninni. Umræðan um hagræðingu og niðurskurð er fíll í þinghúsinu sem allir leiða hjá sér.

Við stjórnvölinn sitja mestu eyðsluklær íslenskra stjórnmála. Núverandi forsætisráðherra t.d. neitaði að skera niður í félagsmálaráðuneytinu í fyrri ríkisstjórn. Sömu flokkar mynduðu R-listann í Reykjavík. Á valdatíma þeirra jukust skuldir borgarinnar úr öllu hófi, þegar lag hefði verið til að minnka skuldir. Ég tók þátt í kosningabaráttu árið 2002 þar sem skuldasöfnun R-listans var gerð að meginefni. R-listinn vann þá baráttu þar sem fólki fannst þetta ekki skipta máli þá.

Mánuður er í kosningar. Minnihlutastjórnin sem og þingmenn allir verða að útskýra hvernig eigi að hagræða. Kjósendur eiga rétt á að vita hvort hækka eigi skatta, skera niður, eða hvort höfðinu verði stungið í sandinn. Fílinn í þinghúsinu verður að fara að ræða.

Höfundur er borgarfulltrúi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

FIÐRILDI eru fallegt skraut sem nota má á ýmsan hátt. Litrík fiðrildi eru tilvalin til að lífga upp á fermingarborðið og fermingarpakkana má líka vel skreyta með smekklegum fiðrildum.

;ALLT

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Þurrkari - 10 kg -
Þvottavél Topphlaðin - 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

bfo.is
Þjónustuverkstæði fyrir eftirtaldar bifreiðar
reynsla – þekking – góð þjónusta
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Freyja Huld viðurkennir að líklega sé hún að breytast í aðeins meiri dömu með aldrinum og segir fermingarkjólinn vera þann flottasta í fataskápnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flottasti kjóllinn til þessa

Fermingardagurinn markar tímamót í lífi hvers fermingarbarns, enda mikið tilstand og athygli sem beinist að unglingnum. Freyja Huld Hrólfsdóttir hlakkar til stóra dagsins og hefur nú þegar valið kjólinn.

„Við fórum í flestar búðir í Smáralind og Kringlu en fundum rétta kjólinn á endanum. Hann keyptum við í Coast í Smáralind og ermarnar í Jane Norman," segir Freyja Huld Hrólfsdóttir sem fermist næsta laugardag í Lindakirkju.

Silfurlita skóna átti Freyja Huld hins vegar í handraðanum. „Ég æfi samkvæmisdansa í Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar og átti gamla silfurlita dansskó sem mér og mömmu fannst passa vel við en það fundust engir skór sem pössuðu á mig þar sem ég er með svo litla fætur," segir hún og hlær. Skórnir fara vel við silfurþræðina í kjólnum auk þess sem Freyja Huld getur tekið léttan snúning í fermingarveislunni.

„Við vorum ekki beint að leita að þessum týpísku fermingarfötum heldur bara einhverjum sígildum og fallegum kjól sem ég gæti notað við fleiri tækifæri," segir Freyja Huld og nefnir sem dæmi um vinsæl fermingarföt kjóla með belti, ermar og einfalda skó. „Ég hef meira gaman af að skoða kjóla og klæðast þeim eftir því sem ég eldist. Ætli ég sé ekki að breytast í aðeins meiri dömu núna, en áður fyrr var ég meira bara í þægilegum fötum," segir hún hispurslaust en segist þó dags daglega yfirleitt klæðast gallabuxum. „Í samkvæmisdönsunum er ég hins vegar í fínum kjólum þegar ég keppi en annars í þægilegum fötum. Í kjölfarið fékk ég meiri áhuga á að skoða kjóla. Svo fer ég líka á hestbak og þá er ég náttúrulega bara í útreiðargallanum."

Freyja Huld hlakkar vissulega til stóra dagsins og viðurkennir að gaman sé að standa í undirbúningnum og láta allt snúast um sig í smátíma. „Ekki spillir fyrir að fá fólk í heimsókn, bara út af mér, og fermingarfræðslan var líka skemmtileg. Þar sem ég fermist snemma var kennt mikið og hratt en ég lærði mikið af þessu. Þó svo gjafirnar séu auðvitað spennandi þá hlakka ég samt einna mest til að fá fólk í heimsókn," segir Freyja Huld einlæg.

hrefna@frettabladid.is

Eirberg
Stigalyfta
Einföld lausn, auðveldar ferðir milli hæða
• Þægileg í notkun
• Snúningssæti
• Fyrirferðarlítil og hljóðlát
• Sætið má fella að vegg

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

Patti húsgögn
NÚ RÝMUM VIÐ FYRIR NÝJUM VÖRUM
50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM
Hornsófar, tungusófar sófasett, rúm, borðstofusett ofl.
aðeins í eina viku
takmarkað magn
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Nýkomið mikið úrval af fallegum vörum.
Lampar, lugtir, speglar, hillur, snagar, dúkar, gestabækur, albúm o.fl....

FYRIR BÚSTAÐINN OG HEIMILIÐ
Opið: má-fö. 12-18, lau.11-16
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is
Nóra

Auglýsingasími 512 50 50

– Mest lesið



AXLAPÚÐAR eru víst komnir aftur í tísku. Til þess að þeir haldi lögun sinni er sniðugt að festa þá inn í flíkurnar með smellum eða frönskum rennilás svo auðvelt sé að taka þá úr fyrir þvott.

Glæsilegt Konukvöld

LÉTT BYLGJUNNAR
Í SMÁRALIND 25. MARS 2009

SKEMMTUN
Í VETRARGARÐINUM

- Á móti sól
- Eyjólfur Kristjánsson
- Arnar Jónsson söngvari
- Fúlar á móti
- Afrekskona Létt Bylgjunnar kynnt og heiðruð
- Hera Björk er gestgjafi kvöldsins og tekur lagið

- Fordrykkur í boði K. Karlssonar
- Glæsilegt happdrætti – meðal vinninga er helgarferð til Akureyrar með Flugfélagi Íslands, árskort í Hreyfingu og gjafabréf að upphæð 20.000 kr. í Smáralind.

Skemmtileg og lifandi stemmning á göngum Smáralindar og verslanir opnar. Glæsileg tískusýning og skemmtilegar uppákomur.

www.lettbylgjan.is

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!



Hér má hönnun Gudrun & Gudrun frá Færeyjum.

Föt frá Spakmannsspjörum verða til sýnis á hátíðinni.

Svar tískunnar við Airwaves

Norræni tískutvíæringurinn hefst í Norræna húsinu í dag en á hátíðinni, sem stendur til 5. apríl, verða vestnorrænni tísku- og skartgripahönnun gerð skil með sýningum, fyrirlestrum og öðrum uppákomum.

Nordic Fashion Biennale eða Norræni tískutvíæringurinn hefst í Norræna húsinu í dag en þar verður Vestnorrænni tísku- og skartgripahönnun gerð rækileg skil. Þessi fyrsti tískutvíæringur er haldinn að frumkvæði Norræna hússins í samstarfi við menntamálaráðuneyti Færeyja, Grænlands og Íslands en um er að ræða einn stærsta viðburð ársins í Norræna húsinu.

„Þetta gæti verið svar tískunnar við Iceland Airwaves," segir Ilmur Dögg Gísladóttir, verkefnastjóri hátíðarinnar en boðið verður upp á fjölbreytta tískutengda viðburði. Þýski sýningarstjórinn Matthias Wagner K setti hátíðina saman og valdi hönnuði frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi, en meðal þátttakenda eru STEiNUNN frá Íslandi, Guðrun & Guðrun frá Færeyjum og Else Møller frá Grænlandi.

Á dagskránni verða sýningar, fyrirlestrar, ráðstefnur og fjölmargar aðrar uppákomur. „Á morgun, föstudag, heldur Karl Aspelund fyrirlestur um sjálfbærni í fatahönnun og klæðaburði og á laugardag verður fyrirlestur um færeyska fatamerkið Gudrun & Gudrun sem á mikilli velgengni að fagna. Á mánudag heldur svo tískubloggarinn Ása Ottesen fyrirlestur um tískublogg svo eitthvað sé nefnt," segir Ilmur.

Hátíðin nær hámarki á hönnunardögum 26. til 29. mars en þá mun Fatahönnunarfélag Íslands standa fyrir fjölbreyttri dagskrá. Þá verður heimildarmyndin Möguleikar 2009, sem fjallar um íslenska fatahönnuði, sýnd og ljósmyndasýningin Rísa undir nafni, sem sýnir Íslenska fatahönnuði að störfum, opnuð svo dæmi séu tekin.

Föstudaginn 27. mars verður fatamarkaði slegið upp en þar verða á boðstólum vörur frá Nakta apanum, E-label, Hidden goods, Munda, Thelmu og fleirum auk þess sem fjöldi tónleika og tónlistaratriða verða á dagskrá alla hátíðina, en tónlist hefur ávallt verið nátengd tískunni. Ilmur segir stefnt að því að halda sams konar hátíð að tveimur árum liðnum en þá með öðru þema.

Hátíðin er með stærstu viðburðum ársins í Norræna húsinu. Fyrir aftan Ilmi Dögg Gísladóttur má sjá hringekju sem skartar gínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

vera@frettabladid.is

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Fiðraðir klæðskiptingar McQueens og grímuklæddar gleðikonur Gaultiers

Þá er tískuviku lokið í París og ró að færast yfir verslanir hér í landi en tískuvikunni fylgir almennt nokkuð kaupæði meðal tískufræðinga. Sumir segjast þó lítið hafa orðið varir við gestina að þessu sinni.

Óvæntir gestir buðu sér á sumar tískusýningarnar eins og til dæmis hjá Jean-Paul Gaultier þar sem félagar úr dýraverndunarsamtökunum PETA, sem berjast gegn notkun loðskinna í tískuframleiðslu, gauluðu „Gaultier morðingi“ en hann er þekktur fyrir að nota mikið loðfeldi í sinni framleiðslu sem voru reyndar áberandi á sýningunum. Gaultier eru allir vegir færir þegar peningar eru annars vegar og sýningin var undir yfirskriftinni Sex sells, eða kynlíf selur. Fyrirsæturnar voru í „eighties“-stílnum með breiðar herðar og hátt mitti, skreyttar og grímuklæddar í anda sadó/masókisma.

Hjá Alexander McQueen var meiri húmor í sýningunni og ekki eins gróf vísun í kynlíf en „Drag-queen“ var yfirskriftin á sýningunni. Hann hefur reyndar aldrei beygt sig undir þá reglu að fötin eigi að vera nothæf. Mikið um dragtir með dálítið ýktum línum í stíl „New look“ Diors á gullárum Christians en varir málaðar í fáránlegri yfirstærð á fyrirsætunum og þykkbotna skórnir við hæfi bestu draggdrottninga. Tískuritstjórarnir áttu í mestu erfiðleikum með að mynda sér skoðun á þessum furðufyrirbærum með greiðslum sem líktust brenndum lampaskermum og ruslapokum, allar línur í ýktum yfirstærðum, með fellingum og plíseringum. Einkennileg afskræming á tískusýningum með næturklúbbastemningu líkt og tónlistin gaf til kynna. Spurning hvort að fiðruðu englarnir, annar svartur og hinn hvítur, sem enduðu sýninguna eigi eftir að seljast mikið næsta vetur. Hins vegar er áberandi munur á húmor McQueens og grófleika Gaultiers að þessu sinni.

Nýir hönnuðir tískuhúss Valentino, Maria Garzia Chiuri og Pier Paulo Piccioli, sýndu í fyrsta skipti kventísku sína ef frá er talin hátískusýning þeirra í janúar. Eftir allan þann skaða sem róttækar breytingar Alessöndru Faccinetti gerðu á síðasta ári eftir að gamli Valentino dró sig í hlé og stórskaðaði ímynd tískuhússins eru nýju hönnuðirnir neyddir til að undirstrika arfleið Valentinos og því fannst tískupressunni sýningin lítið spennandi og alltof mikið vísað í verk meistarans. Þau eiga því langan veg fram undan við að rétta flaggskipið við.

Indland er í tísku bæði á Óskarshátíðinni sem á tískuvikunni. Manish Arora bauð upp á gríðarlega sýningu með blöndu milli hins dýrs- og mannlega, til dæmis rauður kjóll með dýrshöfði á miðjunni og klæðnaður líkari leikbúningum en fatnaði til daglegra nota.

bergb75@free.fr

Jil Sander snýr aftur

Þýski tískuhönnuðurinn Jil Sander hefur samið við japanskt stórfyrirtæki og hannar nú fyrir fjöldann.

Þýski tískuhönnuðurinn og einfarinn Jil Sander er komin aftur á sjónarsvið tískuheimsins. Sander hefur gert samning við japanska fyrirtækið Uniqlo sem mun fjöldaframleiða og markaðssetja hönnun hennar á karl- og kvenfatnaði. Uniqlo rekur yfir 765 verslanir um allan heim.

Fyrsta línan kemur í verslanir næsta haust eða vetur og verður seld á aðeins broti af því verði sem Jil Sander tæki venjulega fyrir að hanna klæðnað.

Sander stofnaði tískumerkið Jil Sander árið 1973. Árið 1999 var það tekið yfir af Prada en Sander sjálf yfirgaf fyrirtækið aðeins sex mánuðum eftir yfirtökuna vegna ágreinings við yfirmann Prada. Hún sneri reyndar aftur nokkru síðar en entist eingöngu í tvö ár og hætti þá á ný, nú fyrir fullt og allt.

Jil Sander merkið var árið 2008 selt til samsteypunnar Onward Holdings fyrir 244 milljónir dollara. Frá árinu 2005 hefur Jil Sander tískulínan verið hönnuð af Raf Simons.

- sg

Tíska er siður eða venja, breytileg eftir breytilegum smekk, ríkjandi um skemmri eða lengri tíma, einkum í klæðaburði og snyrtingu.

Íslensk orðabók

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta

ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Tilboð!
Úlpur - Kápur 50% afsl.
Stærðir til 54
KOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 10-16

Helgarbrjálæði í Flash

Gallabuxur & gallakvartbuxur háar í mittið, áður 6990
Nú 4.990
Stærðir 36-46
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201
Ný sending. Póstsendum.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

KERTI fullkomna dúkað veisluborð. Alltaf er þó hætta á að kertavax fari í dúkinn en ekki þarf að vera mikið mál að ná því úr. Best er að leggja síðu úr dagblaði á blettinn og strauja yfir.

Sé innrétting sem þessi máluð í einhverjum fallegum lit fær hún umsvifalaust nýtt líf. Nýjar skápahöldur gera svo gæfumuninn.

Voldugar stálhöldur úr Brynju. Verð 790 krónur. Stálhöldur í sixties-stíl úr Brynju. Verð 550 krónur.

Hippalegar blómahöldur úr Laura Ashley. Verð 1.200 krónur.

Innréttingum gefið nýtt líf

Með nýjum lit og skápahöldum má halda lífi í gömlum eldhúsinnréttingum. Sumir poppa þær upp með háglans og nettum höldum en aðrir halda sig við fortíðina og velja mattari liti og höldur sem skera sig úr, eins og rómantískar glerhöldur.

Eldhúsið er víða hjarta heimilisins. Þar koma heimilismeðlimir saman til að nærast og skrafa og þar er jafnan mestur umgangur. Mikið mæðir því á flestum eldhúsinnréttingum og láta þær að vonum á sjá eftir tiltekinn tíma. Hafi fólk ekki ráð á því að skipta um innréttingu kemur ýmislegt annað til greina. Flestar innréttingar er hægt að sprauta eða mála og þá geta nýjar skápahöldur gert gæfumuninn.

vera@frettabladid.is

Sjarmerandi glerhöldur sem setja sterkan svip. Laura Ashley. Verð 1.200 krónur.

Fermingartilboð

Gott verð í 16 ár !

Hirzlan

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040

www.hirzlan.is

nýsköpun

FIMMTUDAGUR 19. MARS 2009

Opin nýsköpun

Anna María Pétursdóttir ræðir um viðskiptalíkan framtíðarinnar. SÍÐA 4

FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY

Pláss er fyrir sex manns í einu á bátnum og því möguleiki á góðum afla.

Heimsendur fiskur og smábátaveiði í boði

„Í fyrsta lagi seljum við ódýran, vistvænan og góðan línufisk að vestan á Netinu. Má þar nefna sem dæmi ýsu á 610 krónur kílóið og sendum við heim til fólks. Í öðru lagi erum við með hótel á Suðureyri og bátaleigu þar sem við bjóðum fólki upp á að leigja bát og veiða," segir Valdimar Birgisson, markaðsstjóri Fisherman.is.

Sex manns geta veitt í einu á bátnum og kostar um 20.000 krónur að leigja bát yfir daginn. „Þá er möguleiki á góðum afla. Undanfarin ár höfum við verið að bjóða upp á sjóstangveiði og hafa aðallega Þjóðverjar komið til okkar og veitt og eru þá oft viku í einu. En það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að Íslendingar geti komið til okkar líka," segir Valdimar og nefnir að einnig sé mikið af sjófugli sem hægt er að veiða á vorin á Vestfjörðum.

Á vefsíðunni Fisherman.is má finna allar nánari upplýsingar um bátaleigu og gistingu en þar er einnig að finna pöntunarsíðu fyrir fiskafurðir. „Lágmarkspöntun er tíu kíló af blönduðum vörum í einni pöntun en boðið er upp á fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er mjög einfalt og þægilegt. Sem dæmi má nefna að hægt er að kaupa tíu kíló af lausfrystri ýsu sem send er heim og greitt er minna fyrir en í Bónus. Þá er þetta í þægilegum umbúðum og bitum sem einfalt er að grípa til," segir Valdimar en heimsendingin hófst í byrjun vetrar. „Þessi hugmynd kom snögglega upp. Ástæðan var að við eigum fisk eftir sumarið, sem viðskiptavinir okkar hafa veitt, og af hverju ekki að selja hann svona í staðinn fyrir að flytja hann út?" segir hann og nefnir að undirtektir hafi verið framar vonum. „Við sendum hvert á land sem er en hins vegar dreifum við bara frítt á Ísafirði, Bolungarvík og í Reykjavík. Annars borgar fólk bara flutningskostnaðinn sjálft."

- hs

Bátaleigan og hótelið er á Suðureyri. MYND/FISHERMAN.IS

Hugmyndin að netsölu á fiski kom upp þegar mikið var til af fiski eftir sumarið sem selja þurfti.

Kristinn Johnsen framkvæmdastjóri Mentis Cura sem hlaut nýsköpunarverðlaunin 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Greina Alzheimer og ofvirkni með heilariti

Fyrirtækið Mentis Cura hlaut Nýsköpunarverðlaunin 2009 á nýafstöðnu Nýsköpunarþingi.

„Starfsemi Mentis Cura er í grófum dráttum tvíþætt, annars vegar stundar félagið viðamiklar klínískar rannsóknir og hins vegar eru þróuð reiknirit sem greina gögnin sem fást úr klínísku rannsóknunum," segir Kristinn Johnsen, framkvæmdastjóri Mentis Cura, sem hlaut nýverið Nýsköpunarverðlaunin 2009. Kristinn er ánægður með viðurkenninguna. „Þetta vekur auðvitað jákvæða athygli sem hefur áhrif á hvernig okkur gengur að gera samninga og ná inn fjármagni," segir Kristinn en Mentis Cura þróar einkum aðferðir til að greina miðtaugakerfissjúkdóma, það er sjúkdóma sem tengjast heilanum.

„Í fyrstu einbeitti Mentis Cura sér að því að þróa aðferðir til þess að greina heilabilanir hjá öldruðum. Sérstök áhersla var lögð á greiningu Alzheimer sjúkdómsins ásamt öðrum heilabilunum sem leiða til svipaðra einkenna," útskýrir Kristinn en heilalínurit eru notuð til að safna gögnum og nútíma tölfræðiaðferðir til að vinna úr þeim. Mentis Cura hefur byggt upp stóran gagnagrunn af heilaritum sjúklinga. „Við rýnum svo í gögnin og þróum út frá þeim reiknirit sem seinna meir geta reiknað út úr heilaritum og metið líkur á því að ákveðið ástand sé fyrir hendi, til dæmis Alzheimer, ofvirkni eða slíkt," segir Kristinn en Mentis Cura hefur þegar fullþróað próf sem notað er til að greina Alzheimer. Prófið hefur verið í þróunarfasa á Landakotsspítala og á nokkrum spítölum í Noregi.

Nú býður Mentis Cura þá þjónustu að greina heilarit fyrir heilbrigðisstofnanir. Starfsemin fer þannig fram að heilarit sjúklings er tekið hjá viðkomandi heilbrigðisstofnun. Ritið er síðan sent í gegnum netið til Mentis Cura sem greinir það og skilar skýrslu til baka.

Prófið hefur reynst vel að sögn Kristins og um þessar mundir er verið að ganga frá stórum dreifingarsamningi við alþjóðlegt fyrirtæki sem hefur þrjátíu prósenta markaðshlutdeild í heiminum og fjörutíu prósenta markaðshlutdeild í Bandaríkjunum.

Vonir standa því til að prófið skili Mentis Cura nokkrum hagnaði. „Samkvæmt þeim áætlunum sem unnar hafa verið gera þær íhaldssamari ráð fyrir að velta Mentis Cura vegna þessa verði með tímanum 900 milljónir króna," segir Kristinn ánægður.

Fleiri verkefni eru í deiglunni hjá Mentis Cura. „Það sem við erum komin lengst með er að greina ofvirkni í börnum, og núna erum við byrjuð að vinna með þunglyndi hjá fullorðnum og höfum áhuga á að kíkja á ofvirkni hjá fullorðnum. Svo erum við að hefja viðræður við aðila í Bandaríkjunum til að þróa aðferðir til að greina áfallastreituröskun," segir Kristinn en níu manns starfa hjá Mentis Cura og fer öll starfsemin fram á Íslandi. „Við vonumst til að geta fjölgað starfsmönnum um tvo til þrjá í nánustu framtíð," segir Kristinn sem er bjartsýnn á að fyrirtækið stækki og blómstri.

- sg

Nýsköpun á landsbyggðinni

Kvasir eru samtök níu fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Markmið samtakanna er meðal annars að efla endur- og símenntun á landsbyggðinni, að efla og auka háskólanám á landsbyggðinni og að efla og stuðla að aukinni samvinnu símenntunarmiðstöðva. Þungamiðjan er réttur allra landsmanna til náms en miðstöðvarnar halda úti fjarnámi og þjónustu við fjarnema.

Kvasi er meðal annars ætlað að gæta hagsmuna fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna en samtökin hafa skipað þriggja manna stjórn. „Þessar stofnanir eiga það sameiginlegt að þegar þær fyrstu voru stofnaðar var í öllum tilfellum um að ræða einyrkjafyrirtæki sem engin fordæmi voru fyrir á Íslandi. Þær þurftu því nauðsynlega bakland og stuðning. Því var þörf á samtökum sem höfðu það hlutverk að gæta sameignilegra hagsmuna símenntunarmiðstöðva og kynna starf þeirra," segir Erla Björg Guðmundsdóttir, gjaldkeri Kvasis og framkvæmdastjóri hjá Símey – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

Mikið er að gerast hjá hverri símenntunarmiðstöð fyrir sig og fengu þær allar styrki úr mótvægisaðgerðasjóði til að mæta þorskaflasamdrætti og í kjölfarið hefur heilmikil nýsköpun átt sér stað.

„Sem dæmi má nefna Brimbrjótinn, alveg sérstakt nám fyrir sjómenn, sem er keyrt á þeirra forsendum. Námið fer aðallega fram úti á sjó en auk þess í örstuttum lotum sem settar eru upp í tengslum við komu og brottfarardaga.

Við hjá Símey fengum auk þess styrk til að hanna veflægt námsráðgjafarumhverfi sérstaklega hugsað með tilliti til stöðu á vinnumarkaði. Það vex fólki stundum í augum að ræða við ráðgjafa en á vefnum verður hægt að taka fyrsta skrefið, skila inn upplýsingum og svo er það á stigi tvö sem komið er á persónulegu sambandi."

- ve

Níu fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar eru á landsbyggðinni. Símey – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar hlaut nýverið styrk til að hanna veflægt námsráðgjafarumhverfi en það er sérstaklega hugsað með tilliti til stöðu á vinnumarkaði. MYND/ÚR EINKASAFNI



NÝIR BÍLAR OG MEIRI HRAÐI

FORMÚLA 1 HEFST 26. MARS Í OPINNI DAGSKRÁ

Aldrei hafa verið horfur á meiri spennu í Formúlu 1 en á þessu ári. Breyttar reglur hafa gjörbreytt útliti bílanna og eiginleikum þeirra. Meira jafnræði er á milli ökumanna og keppnisliða og þar með meira um framúrakstur og spennu. Á síðasta ári réðust úrslitin í síðustu beygju í síðasta móti ársins.

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

TENGIR
- framtíðin er ljós
Við erum á Akureyri
Við erum 93% í eigu Akureyringa
Við rekum öflugasta fjarskiptakerfi
á norðurlandi fyrir gagnaflutning,
Internet, Sjónvarp og Síma
Við erum Framtíðin
TENGIR HF. • RANGARVÖLLUM • 603 AKUREYRI
S: 460 1300 - LJOS@TENGIR.IS

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Viðskiptamódel morgun

Íslenskt þjóðlíf stendur á tímamótum og nýrra úrræða er þörf til að láta viðskiptalífið tifa, blómstra og dafna.

„Opin nýsköpun er viðskiptamódel morgundagsins, en í kerfi lokaðrar nýsköpunar hafa fyrirtæki verið höll undir að hæfileikaríkasta fólkið vinni aðeins á þeirra vettvangi við að þróa öflugustu hugmyndirnar, sem svo hefur verið mikilvægt að samkeppnisaðilar komist ekki yfir. Þetta lokaða umhverfi þarf að opna, því það skapar frekari tækifæri en að halda því áfram lokuðu," segir Anna María Pétursdóttir starfsmannastjóri Vífilfells, sem vakið hefur athygli fyrir umræðu sína um opna nýsköpun í starfandi fyrirtækjum og þörf á breyttu hugarfari.

„Það er þörf á breyttu hugarfari því með auknu samstarfi, sem er lykilþáttur í opinni nýsköpun, eru meiri líkur á aukinni framleiðni með því að stytta hugmynd að markaði og minnka þróunarkostnað, sem er stór þáttur vöru sem kannski hefur ekki markaðstækifæri. Því þurfa stjórnendur að breyta hugarfari sínu og taka upp verkfæri opinnar nýsköpunar til að efla útflutning, vöru, þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi," segir Anna María og ítrekar að mörg tækifæri felist í samstarfi.

„Opin nýsköpun kallar ekki aðeins á breytt hugarfar stjórnenda, heldur einnig endurskoðun á menntakerfi okkar. Mannauður er ríkur þáttur í opinni nýsköpun og krefst nýrrar hugsunar og menntunar í viðskiptafræði og MBA-námi, því nú er þörf á góðum markaðsmönnum sem hafa þekkingu og færni í undirstöðuatriðum opinnar nýsköpunar."

Að sögn Önnu Maríu er mikilvægasta verkfæri opinnar nýsköpunar það sem á ensku kallast Living Lab, en mætti kalla „lifandi tilraunastofu" í beinni þýðingu.

„Living Lab er vettvangur samsköpunar neytenda, fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana í gegnum virkt og skipulagt tengslanet. Í dag eru mörg öflugustu hátæknifyrirtæki heims virkir þátttakendur í Living Lab, og má þar nefna Nokia, Apple, HP og fleiri. Þá selja fyrirtæki hugmyndir og tækni sem ekki eru partur af þeirra lykilstarfsemi eða spinna úr henni inn í ný fyrirtæki, en gott dæmi um slíkt spin-off er fyrirtæki sem spratt út úr Philips, ASML, og framleiðir tæki til framleiðslu rafrása og rofa," segir Anna María, sem á næstunni sér fram á opnun fyrstu íslensku lifandi tilraunastofunnar, sem Nýsköpunarmiðstöðin er nú með í þróun. „Með Living Lab hérlendis getum við laðað að okkur stór fyrirtæki og opnað á aukið samstarf og atvinnutækifæri."

Anna María tekur undir þá heimsspeki Kínverja að í kreppu felist dýrmæt tækifæri til nýsköpunar og breytts þjóðfélags.

Hugmyndir verða að fullmótuð

Nýsköpunarmiðstöð Íslands setti stafrænu smiðjuna Fab Lab (Fabrication Laboratory) á fót í Vestmannaeyjum síðastliðið sumar en þar geta einstaklingar og fyrirtæki spreytt sig á því að búa til allt sem hugurinn girnist.

„Í smiðjunni sem meðal annars er búin tölvustýrðum fræsivélum, tölvustýrðu leiser-skurðtæki, vínilskera og þrívíddarskanna, lærir fólk að nýta sér stafræna tækni og tölvustýrð tæki til að þróa hugmyndir sínar yfir í frumgerðir af fullmótuðum vörum," segir Frosti Gíslason verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð.

Fab Lab er hugarfóstur Neils Gershenfeld prófessors við MIT háskólann í Boston en 37 slíkar smiðjur eru nú starfræktar víða

Hjá Fab Lab eru nokkrir ungir drengir með skemmtilegt taflborð í smíðum en þar er lundinn peð, súlan drottning Atlantshafsins og geirfuglinn konungur. MYND/ÚR EINKASAFNI

Gæði og fjölbreytni í fyrirrúmi

Gulleggið 2009, frumkvöðlakeppni Innovit, stendur nú sem hæst og lýkur í Ráðhúsinu næstkomandi laugardag þegar tíu efstu viðskiptaáætlanirnar verða kynntar fyrir dómnefnd. Að sögn Andra Heiðars Kristinssonar, framkvæmdastjóra Innovit, eru metnaður, gæði og fjölbreytni áberandi en alls bárust 122 viðskiptahugmyndir í keppnina, sem hefur það markmið að skapa vettvang fyrir frumkvöðla og háskólafólk til að koma hugmyndum sínum á framfæri, ásamt því að mynda tengsl við fjárfesta og aðila í atvinnulífinu.

„Fjölbreytni verkefna er ótrúleg; samfélagsþjónusta með áherslu á heilsu, ferðaþjónusta og hátæknilausnir svo fátt eitt sé nefnt. Þau eru líka fleiri sem standa framarlega en í fyrra þegar keppnin var fyrst haldin og mikil aukning hefur orðið, sem er athyglisvert þar sem yfirleitt dettur þátttaka niður milli ára í svona keppnum erlendis,“ bendir Andri á og útilokar ekki að þjóðfélagsástandið ýti undir þátttöku. „Hugsanlega verður það til þess að fólk framkvæmir frekar hugmyndir. Enda tilgangurinn með að skapa fyrirtæki framtíðar og ýta undir og efla verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Það er alltaf betra að eiga mörg egg í körfunni.“ *- rve*

Andri er ánægður með þátttöku í Gullegginu 2009, sem hófst í janúar og lýkur í Ráðhúsinu á laugardag.

Anna María Pétursdóttir, starfsmannastjóri hjá Vífilfelli, telur mörg tækifæri felast í opinni nýsköpun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

dagsins

„Því betur sem fyrirtæki mennta fólkið sitt, verður meiri framgangur. Heimurinn er alltaf að minnka og fólk sækir þangað sem tækifærin eru. Flæði þekkingar flyst því með fólki sem flyst milli fyrirtækja og ef við ætlum ekki að halda áfram að laða að okkur vel menntað fólk munum við staðna.

Því er nauðsynlegt að nýsköpun fái að fljóta inn í menntun sem kallar á fremur óhefðbundnar aðferðir í menntun einstaklinga, því við þurfum að kenna þeim að hlusta á markaðinn, skoða í kringum sig hvað aðrir eru að gera og ekki gera, og hvað notandinn vill, því vara verður alltaf að uppfylla þarfir notenda og hver kann betur að leysa þau vandamál en neytandinn sjálfur? Aðferðir opinnar nýsköpunar og Living Lab eru því réttu tækin til að hitta með rétta vöru á markaðinn og stundum þarf að kyssa marga froska áður en prinsinn sem leitað er að finnst.“ *-plg*

um vörum

um heim. Smiðjunni hefur að sögn Frosta verið einstaklega vel tekið af Vestmannaeyingum og eru líkur á því að fleiri Fab Lab smiðjum verði komið á fót víðar á landinu en mikill áhugi er fyrir þeim í Reykjavík, á Höfn og Sauðárkróki.

„Við erum að kenna námskeið fyrir nemendur á grunn- og framhaldsskólastigi auk þess sem einstaklingar og fyrirtæki hafa sótt okkur heim. Hingað komu til dæmis húsgagnaframleiðendur sem hönnuðu Íslandslaga fatahengi með þeim möguleika að hengja af sér á ólíkum landshlutum. Þá er verið að búa til vélmenni, fjarstýrða bíla, tölvur frá grunni og margt fleira enda eru ímyndunaraflinu engar skorður settar.“ *- ve*

Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur 20. mars

Rannsóknasjóður
Ný úthlutun 2009

Í tilefni af nýrri úthlutun Rannsóknasjóðs fyrir styrkárið 2009 verður dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur **föstudaginn 20. mars frá kl. 15 - 18.** Kynntar verða áherslur í starfsemi sjóðsins auk þess sem haldin verður sýning á nokkrum verkefnum sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum.

Dagskrá

15:00 Katrín Jakobsdóttir *menntamálaráðherra* setur dagskrána

15:10 Guðrún Nordal, *prófessor og formaður stjórnar Rannsóknasjóðs,* kynnir nýja úthlutun fyrir styrkárið 2009 og áherslur í starfsemi sjóðsins

15:30 Hannes Jónsson, *prófessor,* Reiknisetur fyrir hönnun efna og íhluta *(nýtt öndvegisverkefni 2009)*

15:45 Vilmundur Guðnason, *prófessor,* Breytingar í stærð og samsetningu skella í hálsæðavegg og tengsl orsakaþátta - Langsniðsrannsókn *(nýtt öndvegisverkefni 2009)*

16:00 Sýning á nokkrum verkefnum sem njóta stuðning Rannsóknasjóðs *(opin til kl. 18:00)*

Almenningur er hvattur til að kynna sér starfsemi Rannsóknasjóðs og opinberan stuðning við rannsóknir.

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HVAR ER ÞÍN AUGLÝSING ?

Eftirfarandi sérblöð fylgja Fréttablaðinu á næstunni

FÖSTUDAGUR 20. mars

Föstudagur:

Vikulegt sérrit á léttu nótunum. Viðtöl við þjóðþekkta einstaklinga, allt það nýjasta í tísku, heilsu og hönnun svo dæmi sé tekið.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir í síma 512-5462 eða sigridurdagny@365.is

LAUGARDAGUR 21. mars



Heimili & hönnun:

Vikulegt sérrit um heimili & hönnun, hugmyndir fyrir öll rými heimilisins sem og áhugaverðar fréttir úr heimi hönnunar jafnt innanlands sem utan.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Þ. Steingrímsson í síma 5125439 eða hlynurs@365.is

LAUGARDAGUR 21. mars

Ferðalög:

Mánaðarlegt sérrit um ferðalög. Ferðir er líflegt, fróðlegt og um fram allt skemmtilegt tímarit fyrir ævintýraþrána sem blundar í okkur öllum

Nánari upplýsingar veitir Benedikt Freyr Jónsson í síma 512 5411 eða Benediktj@365.is

LAUGARDAGUR 21. mars

Atvinnublaðið:

Mest lesna atvinnublað landsins – alla laugardaga.

Nánari upplýsingar veitir Viðar Ingi Pétursson í síma 512-5426 eða vip@365.is

MÁNUDAGUR 23. mars

Fasteignir:

Fasteignablað Fréttablaðsins - alla mánudaga.

Auglýsendur athugið að panta þarf auglýsingar fyrir klukkan 12 föstudaginn 20. mars.

Nánari upplýsingar veitir Viðar Ingi Pétursson í síma 512-5426 eða vip@365.is

MIÐVIKUDAGUR 25. mars

Markaðurinn:

Vikulegt sérrit um allt er snýr að viðskiptum og efnhagsmálum – alla miðvikudaga.

Nánari upplýsingar veitir Laila Awad í síma 512-5451 eða laila@frettabladid.is

Allt sem þú þarft... ... alla daga

Byggja þarf upp fjölbreytt fyrirtæki

Eitt af grundvallaratriðum í velgengni nýsköpunarfyrirtækja er aðgangur að fjármagni. Ýmsar leiðir eru færar í því tilliti en þó eru margir um hituna.

Eggert Claessen er framkvæmdastjóri Frumtaks, sjóðs sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af svokölluðu klakstigi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Eitt af því sem stendur í vegi fyrir því að nýsköpunarfyrirtæki nái flugi er aðgangur að fjármagni. Í upphafi er það aðallega V-hópurinn, fyrir utan frumkvöðulinn, sem kemur með fjármagn en í V-hópnum eru vinir, vandamenn og velunnarar," segir Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtaks, sem hélt fyrirlestur um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja á nýafstöðnu Nýsköpunarþingi.

Að sögn Eggerts hafa stjórnvöld byggt upp veglega innviði til að styðja við nýsköpunarfyrirtæki, þótt vissulega megi alltaf gera betur. „Þar ber fyrst að nefna styrkjakerfið og stuðning eins og þann sem hægt er að fá hjá Nýsköpunarmiðstöðinni. Síðan eru styrkir Rannís og er þá aðallega um að ræða Tækniþróunarsjóð," segir hann og heldur áfram: „Þegar kemur að því að fá inn hlutafé eru það svokallaðir viðskiptaenglar og nokkrir sjóðir sem koma til greina." Viðskiptaenglar eru oftar en ekki einstaklingar sem hafa verið í hlutverki frumkvöðla og atvinnustjórnenda en hættir störfum og einbeita sér að því að taka þátt í skemmtilegum verkefnum með von um góðan arð. „Þetta eru oft kallaðir peningar með sál, því viðkomandi viðskiptaengill kemur ekki aðeins með fjármagn heldur einnig sína persónulegu reynslu og tengsl," segir hann.

Ýmsir sjóðir standa nýsköpunarfyrirtækjum til boða. „Í sjóðaflórunni er fyrstur Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sem fjárfestir í sprotafyrirtækjum og síðan er það Frumtak, sem er sjóður sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af svokölluðu klakstigi enda liggi fyrir ítarlegar viðskiptaáætlanir. Frumtak er í eigu Nýsköpunarsjóðs, sex af stærstu lífeyrissjóðum landsins og nýju bankanna þriggja. Einnig eru starfandi tveir aðrir fjárfestingasjóðir, Auður Capital og Brú II, en þessir sjóðir fjárfesta í fyrirtækjum sem eru lengra komin. Þá er rétt að minnast á Bjarkarsjóðinn sem er í umsjá Auðar Capital, en þeim sjóði er ætlað að fjárfesta í sprotafyrirtækjum þar sem sjálfbærni og orka er í hávegum," útskýrir Eggert áhugasamur.

Því er ljóst að nokkrir koma að fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja en samt sem áður skortir mörg þeirra fjármagn. „Í góðærinu undanfarin ár virtumst við missa jarðtenginguna í grasrót nýsköpunarinnar en atburðir síðustu mánaða hafa aftur beint sjónum manna á mikilvægi þess að við byggjum upp lítil og meðalstór fyrirtæki í sem flestum geirum til að skapa sem flest störf og minnka þannig þjóðhagslega áhættu okkar en auka um leið þjóðhagslega hagsæld," segir Eggert ákveðinn. *- hs*

Leigja netlykla til ferðamanna

Nýtt fyrirtæki, 3G-local ætlar að hefja leigu á 3G netlyklum til ferðamanna í vor í nánu samstarfi við Nova, Icelandair og 10/11 verslanirnar.

Páll Kr. Svansson og Jón Sigurðsson hafa stofnað fyrirtækið 3G local og hyggjast leigja svokallaða 3G punga til ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mennirnir á bak við 3G-local eru þeir Páll Kr. Svansson og Jón Sigurðsson sem báðir stunda MBA nám við Háskóla Íslands. „Þessi hugmynd vaknaði í fyrravor milli okkar Jóns en þá hafði ég í nokkra mánuði verið með netlykil, eða 3G pung, frá Nova til að komast á netið," segir Páll sem starfar sem ráðgjafi og kann vel að meta að komast á netið hvar sem er, enda mikið á flakki. „Jón kom þá með þá hugmynd að leigja slíka netlykla, eða punga, til útlendinga," útskýrir Páll sem gerði sér strax grein fyrir að aðalatriðið væri að koma upp góðri dreifileið. Þeir höfðu því samband við Icelandair sem tók strax vel í hugmyndina.

Páll segir að margir ferðamenn sem leggi leið sína til Íslands hafi fartölvu meðferðis. Hins vegar sé dýrt að greiða fyrir nettengingar á hótelum og erfitt að komast í netsamband á ferðalögum. „Útreikningar sýna að með því að leigja 3G pung geti ferðamenn sparað að meðaltali tæplega sex þúsund krónur miðað við sjö megabæta notkun á dag," útskýrir Páll en sala á þjónustunni mun fara fram í flugvélum Icelandair og verður fyrirkomulagið svipað því og þegar bíll er leigður.

Ætlunin er að hefja rekstur þjónustunnar á vormánuðum 2009. *- sg*

Júlíus með eintak af dvergkafbátnum sem Hafmynd hefur verið að hanna og framleiða síðan 1997. MYND/ÚR EINKASAFNI

Algjör umskipti

„Við vorum að selja tvo dvergbáta sem eru ætlaðir til sprengjuleitar á vegum NATO. Nýlega gekk félagið svo frá samningi um sölu tveggja annarra dvergkafbáta til NCS Survey í Bretlandi, en það félag annast meðal annars eftirlit með olíupípum í sjó víðs vegar um heiminn,“ segir Júlíus B. Benediktsson, framkvæmdastjóri Hafmyndar, sem hefur frá árinu 1999 þróað og hannað sjálfstýrðan dvergkafbát sem er meðal annars notaður til öryggiseftirlits og leitar, til eftirlits með olíupípum, og til rannsóknarverkefna í undirdjúpum hafsins.

Að sögn Júlíusar er af sem áður var, þar sem nokkuð tvísýnt var um afdrif fyrirtækisins í aðdraganda bankahrunsins á síðasta ári. „Þá gekk illa að fjármagna framleiðsluna, enda eru þetta dýr tæki. En fyrir tilstuðlan hlutafjáraukningar og lána var hægt að fjármagna framleiðsluna og þannig hefur Hafmynd tryggt sér yfir 400 milljón króna veltu á árinu. Líkur eru á að félagið nái í fyrsta skipti rekstrarhagnaði af starfsemi sinni,“ bendir hann á og leynir ekki ánægju sinni með þessi umskipti. *- rve*

Kynning Rannsóknasjóðs

Í tilefni af nýrri úthlutun Rannsóknasjóðs fyrir styrkárið 2009 verður dagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 20. mars frá klukkan 15 til 18. Kynntar verða áherslur í starfsemi sjóðsins og haldin sýning á nokkrum verkefnum sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra ávarpar gesti í upphafi kynningarinnar og kynnir Guðrún Nordal, prófessor og formaður stjórnar Rannsóknasjóðs, nýja úthlutun fyrir styrkárið 2009.

Stjórn Rannsóknasjóðs hefur úthlutað styrkjum til nýrra rannsóknaverkefna fyrir styrkárið 2009. Um 314 milljónum króna var úthlutað í þrjár styrktegundir; öndvegisstyrki, rannsóknastöðustyrki og verkefnastyrki. Bárust 237 umsóknir í Rannsóknasjóð fyrir 2009 og var 51 þeirra styrkt. Sótt var um ríflega 1,3 milljarða króna en um 314 milljónir króna veittar. Meðalupphæð umsókna var um 5,5 milljónir króna en meðalupphæð styrkja nú er ríflega 6,1 milljón króna. Til samanburðar má geta þess að fyrir styrkárið 2008 bárust 241 umsókn og var 71 þeirra styrkt. Þá var sótt um tæpan milljarð en rúmar 303 milljónum veittar. Meðalupphæð umsókna var um 3,9 milljónir króna en meðalupphæð styrkja um 4,2 milljónir króna.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra ávarpar gesti.

Lotusphere 2009 í Salnum

Framtíðarsýn IBM í samskiptalausnum er til umfjöllunar á ráðstefnunni Lotusphere 2009, sem verður haldin í Salnum í Kópavogi í dag. Nýjasta útgáfa tölvupósts- og samskiptaforritsins Lotus Notes og rauntímaspjallið Lotus Sametime verða meðal annars kynnt á ráðstefnunni.

Gísli Þorsteinsson og Heimir Erlingsson frá Nýherja, og Jón Gunnar Björnsson frá TM Software. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

IBM Lotusphere 2009 verður haldin í Salnum í Kópavogi í dag fimmtudaginn 19. mars. Ráðstefnan er haldin á vegum Nýherja og TM Software og miðar að því að kynna framtíðarsýn IBM í samskiptalausnum. Má þar nefna lausnir sem auðvelda fjarfundi innan fyrirtækja og spara gagnamagn og ókeypis skrifstofuhugbúnað sem býr yfir ritvinnslu, töflureikni og glærusmið.

„Á Lotusphere verður meðal annars sagt frá nýjustu útgáfu Lotus Notes, tölvupósts- og samskiptaforritsins, og Lotus Sametime rauntímaspjalli sem gerir starfsfólki mögulegt að ná sambandi við samstarfsfélaga sína, hvort sem það er um tölvu eða farsíma,“ segir Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Nýherja. Þá nefnir að með Lotus Sametime sé auðvelt að halda veffundi. Að auki verður kynnt Lotus Quickr sem geri fólki mögulegt að miðla upplýsingum í gegnum miðlægan stað.

„Einnig verður greint frá Lotus Symphony, sem er ókeypis skrifstofuhugbúnaður og býr yfir öflugri ritvinnslu, töflureikni og glærusmið. IBM hefur hlotið lof fyrir Lotus Symphony, sem var valinn sá skrifstofuhugbúnaður sem stuðlar að mestri framleiðni starfsfólks, að mati lesenda Datamation tímaritsins í fyrra,“ segir Gísli.

Enn ein nýjungin er Lotus Notes í farsíma. „Lotus Traveler er svo ókeypis fyrir þá farsímanotendur sem eru með Lotus Notes. Í Lotus Traveler er Lotus Notes póstur og Sametime rauntímaspjall fyrir alla Notes notendur á vinnustaðnum.“

Ráðstefnan verður eins og áður segir haldin í Salnum í Kópavogi og hefst klukkan 13 en skráning hefst hálftíma fyrr og er þátttaka ókeypis. Sjá www.nyherji.is/lotusphere2009. *- sg*

innovit
Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur

Innovit býður öllum áhugasömum á verðlaunaafhendingu Frumkvöðlakeppni Innovit 2009.

Verðlaunaafhendingin fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 21. mars á milli klukkan 17:00 og 18:30.

Dagskrá:
Ávarp borgarstjóra
Andri Heiðar Kristinsson, Innovit
Guðjón Már Guðjónsson, Hugmyndaráðuneytið
Þátttakendur kynna 10 efstu viðskiptahugmyndirnar
Verðlaunaafhending

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri, Finnbogi Jónsson framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins afhenda vegleg verðlaun.

Sigurhugmyndin hlýtur að launum verðlaunagripinn Gulleggið 2009 og 1.500.000,- kr. í verðlaunafé.

Allir velkomnir, vinsamlegast tilkynnið mætingu með tölvupósti á netfangið **skraning@innovit.is**

GULLEGGIÐ 2009

GULLEGGIÐ 2009

SJÁÐU FERMINGARBARNIÐ REKA UPP STÓR AUGU

fermingar.hataekni.is

HUGMYNDABANKI FERMINGANNA

Fullt verð
139.995

Fermingartilboð
119.995 kr.

Panasonic
TX-32LED8F
Glæsilegt 32"
HD-Ready
LCD sjónvarp
frá Panasonic
með stafrænum
móttakara.

Hátækni

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR • SÍA • 90439

BÍLAR & FARATÆKI

bílaborg.is

Tilboð 699 þús !
OPEL COMBO C VAN MEÐ GLUGGUM. Árgerð10. 2004, ekinn 51 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.410.000.- Rnr.125806

Tilboð 790 þús !
BMW 7. Árgerð 1999, ekinn 196 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1390.000. Rnr.114030

Tilboð 290 þús !
PEUGEOT 306 . Árgerð 1998, ekinn 87 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 390.000. Rnr.131574

Tilboð 1290 þús !
SUZUKI JIMNY JLX. Árgerð 2007, ekinn 16 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.114036

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
http://www.bilaborg.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

Ótrúlegt Tilboð 2.290 þ. stgr.
VOLVO XC70 2.5T 4WD, árg 11/2004, ek 102.þ km, Sjsk 210 Hö, Leður, Magasín, Dolby Hljómkerfi, Filmur, Bakkskynjarar, Dráttarkúla, Loftkæling Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 567 2700

VERÐ 1.590 þ. stgr
CHEVROLET SUBURBAN DÍSEL 35", árg 1998, ek 187.þ km, 6.5L Dísel, Sjálfskiptur, Leður, Rafmagn í öllu, Loftkæling, Dráttarbeisli Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 567 2700

TILBOÐ 395 þ. STGR
FORD FOCUS STATION, árg 5/2000, 1.6L 5 gíra, ek 141.þ km, Nýyfirfarin vél og tímareim, Nýskoðaður til 2010, Dráttarkúla, Þakbogar Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is

50% AFSL. Nissan Terrano II 08/98 ek 170 þ.km verð áður 590 nú 50% afsl verð aðeins 299 þús

50 % AFSL: KIA Clarus 05/2002 ek 100 þkm verð áður 590 nú 50% afsl verð aðeins 299 þús

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

Bílabankinn

Tilboð 119.000.-
Allt að 100% lán í boði SUNSHINE SCOOTER CADI-107 RFKNÚIÐ. Árgerð 2009, ekinn 0 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 249.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is ásett verð 249 þús

Allt að 100% lán í boði
Allt að 100% lán í boði KIA ELAN ROADSTER. Árgerð 2000, ekinn 17 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.590.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Tilboð 990 þús stgr
Allt að 100% lán í boði TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD. Árgerð 2001, ekinn 111 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 990.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Tilboð miðast við staðgreiðslu 990 Þús ásett verð 1190

Tilboð 1790 þús stgr
Allt að 100% lán í boði DODGE DURANGO 4WD LIMITED. Árgerð 2005, ekinn 49 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.790.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is TILBOÐ!!! ásett verð 2990

Tilboð 399 þús stgr
Allt að 100% lán í boði JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO. Árgerð 1998, ekinn 135 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 390.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Tilboð ásett 590.000.-

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is

Bílalíf.is
Bílasala Matthíasar

STAÐGREIÐSLA Í BOÐI
Óskum eftir að kaupa Toyota Corolla árg.'93-'01 ,ásamt fleiri tegundun af sömu árgerð. Upplýsingar í síma.562-1717 og 8673769 hjá Bílalíf,Kletthálsi 2. bilalif@bilalif.is

Bílalíf
Kletthals 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.
www.bilalif.is

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

DODGE DURANGO 4WD HEMI LIMITED. Árg 2004, ekinn 65 þ.mílur, BENSÍN, Sjálfskiptur. Ásett 3.990 þús. TILBOÐVERÐ 3.490 þús Rnr.126879

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

CITROEN C3 SX. Árg 2005, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.390. þús. TILBOÐSVERÐ 1.070. þús. Lán 1.040 þús Rnr.102186

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

Flautukonsertinn frá 1973 hlaut Tónlistarverðlaun Norðurlanda árið 1976. Þar eru notaðar margs konar flautur, pikkólóflautur, vanalegar flautur og austurlenska flautu. Hljómsveitin er styrkt með öflugu hammondorgeli og miklu slagverki.

Frumflutningur kvöldsins er sjötta sinfónía tónskáldsins. Hljómsveitin verður stór í kvöld og bætt er við mörgum hljóðfærum sem óvanaleg eru í sinfóníuhljómsveit, til dæmis hljómborði rafknúnu eins og í poppinu, fölskum pianógarmi, rafgítar og -bassa: og allt uppmagnað! Þá eru fimm slagverksleikarar ásamt pákumeistara. Verkið er í 13 þáttum. Áhugasamir sem ekki eiga heimangengt geta hlustað á beina útsendingu á rás 1 Ríkisútvarpsins í kvöld kl. 19.27.

pbb@frettabladid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 21/3 kl. 14:00 U	Lau 4/4 kl. 14:00 U	Sun 26/4 kl. 14:00 U
Lau 21/3 kl. 17:00 U	Sun 5/4 kl. 17:00 U	Sun 26/4 kl. 17:00 U
Sun 22/3 kl. 14:00 U	Sun 5/4 kl. 17:00 U	Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. U
Sun 22/3 kl. 17:00 U	Lau 18/4 kl. 14:00 U	Sun 3/5 kl. 14:00 U
Lau 28/3 kl. 14:00 U	Lau 18/4 kl. 17:00 U	Sun 3/5 kl. 17:00 U
Lau 28/3 kl. 17:00 U	Sun 19/4 kl. 14:00 U	Þri 5/5 kl. 18:00 U
Sun 29/3 kl. 14:00 U	Sun 19/4 kl. 17:00 U	Sun 10/5 kl. 14:00 U
Sun 29/3 kl. 17:00 U	Lau 25/4 kl. 14:00 U	Sun 10/5 kl. 17:00 U
Lau 4/4 kl. 14:00 U	Lau 25/4 kl. 17:00 U	Lau 16/5 kl. 17:00 U

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

Hart í bak (Stóra sviðið)

Mið 18/3 kl. 20:00 U	Mið 1/4 kl. 20:00 Ö	Mið 15/4 kl. 20:00
Mið 25/3 kl. 20:00 Ö	Fim 2/4 kl. 20:00 Ö	Fim 23/4 kl. 20:00

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

Fim 19/3 kl. 20:00 2.sýn. Ö	Fös 27/3 kl. 20:00 5.sýn.	Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn
Fös 20/3 kl. 20:00 3.sýn. Ö	Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn.	
Fim 26/3 kl. 20:00 4.sýn.	Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn.	

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

Sædýrasafnið (Kassinn)

Þri 24/3 kl. 21:00 fors. Ö	Fös 3/4 kl. 21:00 Ö	Fös 24/4 kl. 21:00
Fim 26/3 kl. 21:00 fors. Ö	Sun 5/4 kl. 21:00	Lau 25/4 kl. 21:00
Fös 27/3 kl. 21:00 frums. U	Fös 17/4 kl. 21:00	
Lau 28/3 kl. 21:00 Ö	Lau 18/4 kl. 21:00	

Ath. snarpt sýningatímabil

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

Lau 21/3 kl. 13:00 U	Lau 28/3 kl. 13:00 U	Lau 28/3 kl. 16:00 auka.
Lau 21/3 kl. 14:30 U	Lau 28/3 kl. 14:30 U	

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

Fim 19/3 kl. 21:00 fors. Ö	Fös 27/3 kl. 21:00	Fim 16/4 kl. 21:00
Fös 20/3 kl. 21:00 frums. Ö	Fim 2/4 kl. 21:00	Fös 17/4 kl. 21:00
Fim 26/3 kl. 21:00	Fös 3/4 kl. 21:00	

Stúlka drepin af jarðýtu

Frægur einleikur byggður á dagbókum og bréfum ungrar bandarískar stúlku sem fórst í hernaðarátökum í Palestínu verður frumsýndur í Borgarleikhúsi í kvöld. Rachel Corrie var drepin á Gasa fyrir sex árum, hinn 16. mars, þar sem hún stóð í vegi fyrir jarðýtu sem átti að keyra niður íbúðarhús palestínskrar fjölskyldu. Jarðýtan ók yfir Corrie og hún lést af sárum sínum aðeins 23 ára gömul.

Morðið á henni vakti minni athygli en andlát tveggja annarra Vesturlandabúa sem týndu lífi í átökum þar 2003. Leikarinn góðkunni, Alan Rickman, og breski blaðamaðurinn Katherine Viner skrifuðu upphaflegu leikgerðina en leikritið hefur svo farið eins og eldur um sinu síðan það var frumsýnt í Royal Court leikhúsinu árið 2005. Corrie skildi eftir sig dagbækur og bréf til fólksins síns heima sem, auk þess að bera lífsviðhorfi hennar og baráttuþreki glöggt vitni, gefa sannfærandi mynd af leit ungrar manneskju að sjálfri sér og tilgangi í lífinu.

LEIKLIST Þóra Karítas Árnadóttir leikkona fer með hlutverk Rachel Corrie í kvöld.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þóra Karítas Árnadóttir fer með hlutverk Rachel Corrie en hún er upphafsmaður þess að verkið er tekið hér til sýninga og naut meðal annars tilstyrks Leiklistarráðs til að koma sýningunni á svið. María Ellingsen leikstýrir verkinu sem verður flutt á Litla sviðinu. Frumsýnt er í kvöld kl. 20.

pbb@frettabladid.is

Fermingar 2009

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

JONAS skrifborð B140×D65, H73cm. Birkispónn **25.950,-**
Fæst einnig í eikarspón.

KNÖS skrifborðsmotta B70×D50cm. Svart **4.990,-**

14.950,-

FREDRIK skrifborð B139×D72, H74cm. Svarbrúnt/silfurlitað
Fæst einnig í birki/silfurlituðu.

MOTORP CD kassi B30×D14, H15cm. Pálmalauf **895,-**

KNÖS karfa 18L. H36cm. Svart **2.390,-**

7.990,-

MOSES snúningsstóll Sætishæð 42-53cm. Svart

KNÖS tímaritahirsla B9×D35, H26cm. Svart **1.790,-**

JONAS skrifborð m/útdraganlegri plötu B151×D85-135, H73cm. Eikarspónn **21.950,-**
Fæst einnig í birkispón og hvítu.

VERNER snúningsstóll Sætishæð 43-54cm. Hvítt **14.950,-**
Fæst einnig í svörtu.

MOTORP tímaritabox B10×D25, H23cm. Pálmalauf **1.790,-/2 í pk**

JOAKIM snúningsstóll Sætishæð 43-54cm. Gráblátt **28.950,-**

MOTORP blaðakassi m/loki B35×D28, H18cm. Pálmalauf **1.790,-**

KNÖS CD kassi B15×D26, H15cm. Svart **1.290,-**

MOTORP rekki f/skriffæri B25×D7, H24cm. Pálmalauf **1.790,-**

MIKAEL skrifborð B140×D75, H76cm. Svarbrúnt/hvítt **9.950,-**
Fæst einnig í birkiáferð/hvítt.

MIKAEL vinnustöð B104×D50, H166cm. Birkiáferð/hvítt **17.950,-**
Fæst einnig í svarbrúnu/hvítu og rauðu/hvítu.

EXPEDIT skrifborð B115×D78, H76cm. Hvítt **7.950,-**
Fæst einnig í birkiáferð og svarbrúnu.
Hillueining seld sér.

KARSTEN snúningsstóll. Sætishæð 40-52cm. Blátt/svart **12.950,-**
Fæst einnig í bleiku/svörtu og svörtu.

KNÖS rekki f/skriffæri B32×D10, H20cm. Svart **1.790,-**
KNÖS askja B17xD9, H9cm. Svart **895,-**

SKRUVSTA snúningsstóll Sætishæð 47-55cm. Gervileður hvítt. **16.950,-**
Fæst einnig í svörtu.

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

EINAR TÖNSBERG

PETER, BJÖRN & JOHN

> Í SPILARANUM

Eberg - Antidote
Peter, Björn & John - Living Thing
Lily Allen - It´s Not Me, It´s You
Jason Mraz - We Sing. We Dance. We Steal Things.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Kvartað undan klósettfnyk

Nágrannar Bobs Dylan í Malibu í Kaliforníu hugsa honum þegjandi þörfina vegna ferðasalernis á landareign hans sem starfsfólk hans notar. Mikill fnykur berst frá salerninu yfir til nágrannanna, sem vilja það í burtu hið snarasta svo þeir geti notið ómengaðs sjávarloftsins.

Cindy Emminger á hús beint fyrir aftan klósettið. Hún segir að bæði hún og átta ára sonur hennar hafi veikst af völdum óþefsins vegna þess að þau séu bæði viðkvæm fyrir eiturefnum í loftinu vegna ofnæmis.

Í viðtali við LA Times segist hún hafa brugðist við með því að koma fyrir fimm risastórum viftum til að blása óþefnum aftur til Dylans, en það hafi ekki borið árangur. „Þetta er hneyksli," sagði hún. „Hr. Mannréttindi traðkar á okkar mannréttindum."

Dylan sótti um leyfi fyrir klósettinu árið 1989. Þá var gerð athugasemd við það að ekkert aðgengi væri þar fyrir fatlaða. Svaraði Dylan því að hann ætlaði ekki að ráða til sín fatlað fólk. Yfirvöld í Malibu eru nú með málið til rannsóknar, sem þarf greinilega að leysa hið snarasta. Á meðan undirbýr Dylan útgáfu nýrrar plötu með hinu hugljúfa nafni Together Through Life. Hún kemur í verslanir 28. apríl.

BOB DYLAN Goðsögnin hefur verið gagnrýnd fyrir ferðasalerni sitt.

Bag of Joys snýr aftur

Meðlimir hljómsveitarinnar Bag of Joys, sem hætti störfum fyrir rúmum áratug, verða gestir á þriðja Sýna og sjá-kvöldi Nýlistasafnsins sem verður haldið í kvöld klukkan 20. Á þessum kvöldum koma óháðir tónlistarmenn og þekktir spekúlantar saman og fara yfir sjálfstæða tónlistarsköpun á Íslandi við upphaf tíunda áratugarins.

Meðlimir Bag of Joys, sem var stofnuð í Breiðholti 1992, munu ræða feril sinn í máli og myndum, gefa tóndæmi, sýna heimagert prentefni og skella ómetanlegum myndbandsupptökum af bílskúrsæfingum í tækið.

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Yfirvofandi heimsyfirráð

Kvikmyndin Slumdog Millionaire er ein af þessum myndum sem allur heimurinn elskar. Sagan sjálf er auðvitað lykillinn að velgengni hennar, en til þess að kvikmynd nái svona miklum vinsældum þarf allt að ganga upp. Þar á meðal tónlistin. Og hún er ekkert að klikka í Slumdog Millionaire, enda voru tvenn af þeim átta Óskarsverðlaunum sem myndin fékk fyrir tónlistina; myndin fékk verðlaun fyrir bestu frumsömdu kvikmyndatónlistina og lagið Jai Ho var valið besta lagið.

A. R. RAHMAN Kvikmyndin Slumdog Millionaire á eftir að auka áhugann á indverskri tónlist út um allan heim.

Það er greinilegt að framleiðendur Slumdog veðjuðu á réttan hest þegar þeir völdu listamenn til að gera tónlist fyrir myndina. Í aðalhlutverki er kvikmyndatónskáldið A. R. Rahman, en til að ná til breiðari hóps var sjálf M.I.A. fengin til að syngja eitt laganna í myndinni, auk þess sem smellurinn hennar, Paper Planes, er þar í tveimur útgáfum: upprunalegu útgáfunni og í endurgerð hinna eitursvölu DFA-manna í New York.

Allah Rakha Rahman er enginn nýgræðingur. Hann er fæddur 1967 og er af miklum tónlistarættum. Hann byrjaði ferilinn í nokkrum hljómsveitum, var meðal annars stofnandi og hljómborðsleikari Nemesis Avenue, en fór svo að semja kvikmyndatónlist í byrjun tíunda áratugarins. Hann vakti fyrst athygli fyrir tónlistina í kvikmyndinni Roja (1992) en hefur síðan gert tónlist fyrir yfir hundrað kvikmyndir. Þar á meðal má nefna Rangeela og Zubeidaa: Story of a Princess.

Tónlistin í Slumdog Millionaire ber þess merki að henni er ætlað að ná til breiðs hóps hlustenda. Í henni blandast indversk tónlist og vestræn og útkoman er oft mjög skemmtileg. Velgengni myndarinnar á eflaust eftir að auka áhuga fólks úti um allan heim á A. R. Rahman sérstaklega og indverskri tónlist almennt.

ROKKÓPERA ÚR FORTÍÐINNI

Indísveitin The Decemberists frá Oregon í Bandaríkjunum gefur á þriðjudaginn út sína fimmtu plötu, The Hazards of Love. Um nokkurs konar rokkóperu er að ræða sem fjallar um viðburðaríka ævi konu að nafni Margaret.

THE DECEMBERISTS Hljómsveitin The Decemberists gefur út sína fimmtu plötu, The Hazards of Love, á þriðjudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrir kynslóð sem er alin upp við iTunes og MTV, þar sem litið er á hraðar skiptingar á milli laga og sjónvarpsstöðva sem sjálfsagðan hlut, kemur þessi plata The Decemberists vafalítið eins og skrattinn úr sauðarleggnum.

The Hazards of Love á rætur sínar að rekja til áhuga forsprakka The Decemberists, Colin Meloy, á EP-plötu bresku þjóðlagasöngkonunnar Anne Briggs frá árinu 1966. Platan heitir einmitt The Hazards of Love og þegar Meloy komst að því að ekkert lag á plötunni héti þessu nafni ákvað hann að semja eitt slíkt. Hugmyndin vatt smám saman upp á sig og stór sautján laga plata varð til um viðburðaríka ævi konu að nafni Margaret sem er uppi fyrr á öldum. Fyrirbæri sem er blanda af dýri og manni ræðst á hana, henni er haldið fanginni af þorpara sem kallast The Rake, hún verður ástfangin af manni að nafni William og kemst í kynni við afbrýðisama skógardrottningu. Sannarlega margslungin saga og til að koma öllum persónunum til skila voru ýmsir gestasöngvarar kallaðir til, þar á meðal Jim James úr hljómsveitinni My Morning Jacket, breski tónlistarmaðurinn Robyn Hitchcock og Shara Worden úr My Brightest Diamond.

Margir tónlistarspekingar eru á þeirri skoðun að plötur á borð við The Hazards of Love tilheyri fortíðinni því enginn hafi lengur áhuga á að leggja við hlustir og kafa ofan í „flóknar" þemaplötur sem krefjast mikillar athygli og samfelldrar hlustunar frá upphafi til enda. Meðlimir The Decemberists eru greinilega ekki á sama máli og láta markaðinn ekki segja sér fyrir verkum. Áhættan er að sama skapi nokkur því sveitin fékk mjög góða dóma fyrir síðustu plötu sína, The Crane Wife, sem kom út árið 2006. Hún þótti aðgengilegri en fyrri verk sveitarinnar og opnaði augu margra fyrir henni.

Þemaplötur búa oftast yfir fjölbreyttum tónlistarstefnum og The Hazards of Love er engin undantekning. Blandað er saman rólegu þjóðlagapoppi, rokki, ballöðum og í raun öllu á milli himins og jarðar með áhugaverðri útkomu. Platan hefur fengið fína dóma, þar á meðal fjórar stjörnur hjá The Observer og All Music, 8 af 10 hjá Drowned in Sound og 9 af 10 hjá Contactmusic.com, sem segir að þar sé á ferðinni snilldarverk. Tímaritið Spin er ekki eins hrifið, gefur henni tvær og hálfa stjörnu og segir The Decemberists hafa gengið of langt með prog-pælingum sínum og að plötuna skorti grípandi viðlög.

Hvað sem öllum dómum líður er The Hazards of Love merkileg plata sem segir nútíma markaðslögmálum stríð á hendur hvað varðar uppbyggingu og efnistök.

freyr@frettabladid.is

Leynivopn í íslenskri tónlist

Það hefur farið frekar lítið fyrir Helga Hrafni Jónssyni í íslensku tónlistarlífi. Hann hefur samt náð umtalsverðum árangri á tónlistarsviðinu.

Árið 2005 kom fyrsta platan hans, Glóandi, út hjá austurríska plötufyrirtækinu Material Records, en Helgi var þar við nám í básúnuleik. Hann hefur spilað mikið á tónleikum erlendis og er meðal annars þessa dagana á mikilli tónleikaferð um Bandaríkin og Evrópu með Tinu Dico og nýlega kom önnur platan hans í verslanir. Hún heitir For The Rest Of My Childhood og er gefin út af Playground Music sem er eitt öflugasta óháða plötufyrirtækið á Norðurlöndunum.

Helgi er greinilega mjög hæfileikaríkur. Hann er ekki bara góður hljóðfæraleikari heldur líka vaxandi lagasmiður og söngvari. Það voru nokkur sterk lög á Glóandi, meðal annars titillagið og Make Me Fall, en For The Rest Of My Childhood er mun betri plata. Hljómurinn er betri, hljóðheimurinn þróaðri, lagasmíðarnar sterkari og Helga hefur líka farið mikið fram í söngnum. Það er ekki ofsagt að hann sé orðinn frábær söngvari.

TÓNLIST
For the Rest of My Childhood
Helgi Hrafn Jónsson

★★★★

Helgi Hrafn Jónsson er leynivopnið í íslenskum tónlistarheimi. Hann er hér mættur með plötu númer tvö. Frábær plata frá vaxandi söngvara og lagasmið.

For The Rest Of My Childhood byrjar á fjórum mögnuðum lögum og þau sex sem taka við af þeim gefa þeim lítið eftir. Fyrsta lagið er hið rólega og stemningsfulla Ashes Away, þá kemur September, magnað lag sem minnir mig helst á einhverja ómótstæðilega blöndu af Radiohead og Sigur Rós. Í þriðja laginu Digging Up A Tree sýnir Helgi á sér nýjar hliðar. Þetta er poppsmellur sem Helgi syngur mjög skemmtilega. Söngurinn minnir mig svolítið á David Bowie snemma á áttunda áratugnum. Það kæmi mér ekki á óvart að þetta yrði eitt af lögum ársins 2009. Fjórða lagið, Waltz, er svo ólíkt hinum þremur. Rólegt og mínímalískt. Og það eru fleiri frábær lög, til dæmis Dry Run og AM Radio Signal.

Eins og áður segir hefur Helgi Hrafn Jónsson spilað heilmikið erlendis. Þess verður vonandi ekki langt að bíða að hann haldi tónleika hér á landi. For The Rest Of My Childhood er frábær plata frá vaxandi tónlistarmanni. Hann var efnilegur á fyrstu plötunni og nú rúmum þremur árum seinna er hann orðinn góður. Sígandi lukka er best.

Trausti Júlíusson

Gus-gus

FÖSTUDAGINN 20. MARS

KL. 24:00 Á NASA

MIÐASALA: MIDI.IS / SKÍFAN

burn
INTENSE ENERGY

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Jón Jónsson

> FÉKK SONINN Í MYND

Clint Eastwood ætlar að koma syni sínum, Scott Eastwood, á framfæri á hvíta tjaldinu og hefur útvegað honum hlutverk í mynd um Nelson Mandela sem góðvinur hans, Morgan Freeman, mun að öllum líkindum gera með Matt Damon.

bíó

bio@frettabladid.is

Tilkynnt um þriðju Umbreytingamyndina

Þrátt fyrir að enn séu tveir mánuðir þar til önnur myndin um Transformers eða Umbreytingana verður frumsýnd þá eru framleiðendurnir nokkuð öruggir með að hún eigi eftir að mala gull eins og sú fyrsta. Því nú hafa Paramount-kvikmyndaverið og Dreamworks tilkynnt að þriðja myndin sé í farvatninu. Og þegar hefur verið tilkynnt um frumsýningardag; hún kemur fyrst fyrir sjónir almennings þann 1. júlí 2011.

Variety segir þetta sýna mikla herkænsku því svo vill til að þjóðhátíðardag

ÞRIÐJA MYNDIN VERÐUR GERÐ Þriðja myndin um Optimus Prime og félaga hans verður frumsýnd 1. júlí 2011.

Bandaríkjanna, 4. júlí, ber upp á þá helgi og er mönnum til efs að nokkru kvikmyndaveri detti til hugar að reyna að skáka þessari dagsetningu með einhverjum fokdýrum sumarsmelli. Þegar 4. júlí ber upp á helgi er það yfirleitt ávísun á góða aðsókn. Reyndar má segja að bæði Paramount og Dreamworks séu nokkuð djörf því það getur komið kjánalega út ef mynd númer tvö gengur ekki vel í kvikmyndaáhugafólk þótt taldar séu litlar líkur á því.

Variety bendir jafnframt á að þetta sé til marks um að kvikmyndaverin verði að tryggja góða aðsókn að jafn dýrum myndum og Transformers og því séu frumsýningar nú skipulagðar langt fram í tímann. Besta sönnunin fyrir því er að ekki er enn búið að ganga frá samningum við leikstjóra Transformers-myndanna, Michael Bay, né við aðalleikarana Shia LaBeouf eða Megan Fox.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

Duplicity

Stórleikararnir Clive Owen og Julia Roberts fara með hlutverk fyrrverandi leyniþjónustustarfsmanna sem hafa lagt þá iðju á hilluna og græða nú á tá og fingri á köldu stríði milli tveggja stórfyrirtækja. Þau lenda síðan í miklum eltingarleik um leyniformúlu sem talin er geta gefið vel í aðra höndina. Leikstjóri er Tony Gilroy en meðal annarra leikara má nefna snillinginn Paul Giamatti.

Dómur Rotten Tomatoes: 60 af 100

Race to Witch Mountain

Glímukappinn sem eitt sinn gekk undir nafninu The Rock en heitir nú Dwayne Johnson fer með hlutverk leigubílstjóra í þessari ævintýramynd frá Disney. Farþegarnir sem hann fær eru þó ekkert venjulegir því þótt þeir líti út fyrir að vera venjulegir táningar eru þeir í raun og veru geimverur. Og þessar geimverur brotlentu skipi sínu á Witch Mountain í Nevada og verða að bjarga því, annars koma óvinveittar geimverur og leggja jörðina í rúst.



Dómur Rotten Tomatoes: 37 af 100

Blái fíllinn

Það virðist vinsælt að búa til bardagahetjur í teiknimyndum og nægir þar að minnast á Kung Fu Panda. Nú er það fíll sem fær að reyna sig við bardagalistir. Blái fíllinn á pabba sem var mikil hetja og lét lífið í miklum bardaga við vondan fíl. Litli blái fílinn erfir hæfileika föður síns og þegar árin líða verður hann sjálfur að kljást við þann sem gerði út af við föður hans.

Dómur Rotten Tomatoes: Enginn dómur
Imdb.com: 5,3

Killshot

Mickey Rourke er ekki sestur í helgan stein þótt hann hafi ekki fengið Óskarinn. Hann heldur áfram að leika og nú er hann í hlutverki leigumorðingja sem er á mála hjá mafíunni. Hann hefur hingað til verið ósýnilegur en fyrir slysni sjá venjuleg úthverfahjón hann að störfum. Ekki þarf að fjölyrða um að þau eru í mikilli hættu vegna þessa og eru sett í vitnavernd á vegum FBI. Slíkt stöðvar þó ekki leigumorðingjann sálarlausa. Í öðrum hlutverkum eru Diane Lane og Thomas Jane en leikstjóri er John Madden.

Dómur Rotten Tomatoes: Enginn dómur
Imdb.com: 8,3 af 10

Safaríkt sumar fram undan

Undanfarin sumur hafa einkennst af umtalsverðum fjölda framhaldsmynda. Árið í ár er engin undantekning og kvikmyndaunnendur geta því ekki búist við því að sjá ný andlit þegar sól tekur að hækka á lofti.

Sumarsmellir eru nauðsynlegir fyrir kvikmyndaverin. Af þeim kemur sá gróði sem heldur þeim á floti. Ekki er hægt að sjá að alheimskreppan og lausafjárskortur hafi hrellt sumarframleiðsluna í Hollywood því það verður mikið um öskur og læti þegar hverja stórmyndina á fætur annarri rekur á fjörur landsmanna.

Í sól og sumaryl með Logan

Ofurhetjur hafa verið nokkuð fyrirferðarmiklar því svo virðist sem heimsbyggðin þreytist seint á að horfa á venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Engin kvikmynd um „stórstjörnu“ lítur þó dagsins ljós og því fá áhorfendur frí frá Leðurblökumanninum, Köngulóarmanninum og Ofurmenninu þetta árið.

Hins vegar telja kvikmyndaspekúlantar að þetta verði ár Wolferine eða Úlfsins en það er Óskarsverðlaunakynnirinn Hugh Jackman sem fer með hlutverk Logan í þessari sérkvikmynd um skaphundinn. Ekki hefur mikið lekið út um söguþráðinn en vitað er að Logan hyggur á hefndir eftir að kærasta hans er drepin af Victor Creed eða Sabertooth. Transformer 2 á eflaust eftir að veita Logan mikla samkeppni en fyrri kvikmyndin hlaut frábæra dóma og mikla aðsókn.

G.I. Joe: Rise of Cobra á örugglega eftir að berjast við Logan um hylli unglingsdrengja sem elska menn með byssur. Kvikmyndin skartar Siennu Miller í aðalhlutverk sem sprangar um í níðþröngum galla og það verður eflaust ekki til að skemma skemmtunina fyrir táningspiltum. Upphaflega stóð til að þessi sérsveit yrði á vegum Sameinuðu þjóðanna en horfið var frá þeirri hugmynd snögglega vegna áskorana frá aðdáendum. Og því verða G.I Joe alvöru amerískar hetjur sem berjast við þrjóta og illmenni á sinn sérstaka hátt. Af öðrum leikurum í þessari sumarmynd má nefna reynsluboltann Dennis Quaid. Ekki má heldur gleyma Harry Potter and the Halfblood Prince en þær myndir eru örugg ávísun á gull og græna skóga og má reikna með miklu æði þegar Daniel Radcliffe setur upp gleraugun góðu.

Bale bjargar heiminum

Fyrrum barnastjarnan Christian Bale hefur undanfarin sumur trekkt áhorfendur að sem Leðurblökumaðurinn og ferill hans náði ákveðnu hámarki í fyrra þegar Dark Knight fyllti hvern kvikmyndasalinn á fætur öðrum. Bale reynir þó að toppa sjálfan sig í ár með tveimur myndum sem þykja báðar líklegar til vinsælda.

STJÖRNUR SUMARSINS

Andlitin á **Hugh Jackman**, **Siennu Miller**, **Daniel Radcliffe**, **Tom Hanks** og **Johnny Depp** verða áberandi á veggjum kvikmyndahúsanna í sumar. Jackman leikur Logan í X-Man mynd um Úlfinn, Miller er í aðalhlutverki í G.I. Joe og Radcliffe setur upp gleraugun sem Harry Potter. Tom Hanks endurtekur leikinn sem Robert Langdon og Johnny Depp er John Dillinger í kvikmynd Michaels Mann um Óvini ríkisins.

Annars vegar mun Bale bregða sér í hlutverk framtíðarhetjunnar Johns Connor sem Linda Hamilton bjargaði frá glötun í gömlu Terminator-myndunum. Connor er nú vaxinn úr grasi og við fáum að fylgjast með honum berjast við vélarnar morðóðu í Terminator: Salvation. Bale verður jafnframt einn af Óvinum ríkisins en það er einmitt nafnið á nýjasta verki hins afbragðsgóða Michaels Mann. Bale verður þar í hlutverki Melvins Purvis sem var þjóðþekktur glæpamaður á tímum áfengisbannsins í Bandaríkjunum en kastljósið mun eflaust beinast að Johnny Depp sem vekur hinn goðsagnakennda John Dillinger upp frá dauðum. Annar gæðaleikstjóri á borð við Mann verður einnig með sumarmynd í ár en það er bandaríski leikstjórinn og Íslandsvinurinn Quentin Tarantino. Tarantino er að leggja lokahönd á stríðsmyndina Inglorius Bastards í Þýskalandi um þessar mundir með Brad Pitt og Mike Meyers og má reikna með að aðdáendur hans flykkist í bíó til að sjá nýjasta meistaraverk þessa sérlundaða manns. Ekki skemmir heldur fyrir að Heba Þórisdóttir sér um förðunina og það ætti að kæta þjóðarstoltið á þessum síðustu og verstu.

Hláturinn lengi lifi

Grínið hefur stundum stolið senunni á sumrin og er skemmst að minnast smellsins Wedding Crashers með þeim Owen Wilson og Vince Vaughn. Margir spá Adam Sandler miklum vinsældum í sumar með myndinni Funny People en þar verður Seth Rogen í einu aðalhlutverkanna. Jack Black hefur einnig átt það til að ramba á réttu hlutina og The Year One gæti höfðað til frummannlegra hvata nútímamannsins. Ekki má heldur gleyma framhaldinu af A nigth at the Museum þar sem Ben Stiller endurtekur rullu sína sem hinn seinheppni safnvörður Larry Daley.

Þessi upptalning er náttúrulega hvergi nærri tæmandi. Angels & Demons eftir Ron Howard er byggð á metsölubók Dans Brown og er sjálfstætt framhald Da Vinci-lykilsins. Tom Hanks endurtekur hlutverk táknfræðingsins Roberts Langdon. Þá eru óupptaldar teiknimyndirnar Up og Ice-Age: Tími risaeðlanna sem ættu að geta rakað saman nokkrum krónum.

BONUS BONUS BONUS BONUS

BAYONNESKINKA FRÁ KJARNAFÆÐI

1.079 KR./KG.

MERKT VERÐ 1.799 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

KJARNAKRAKKABÚÐINGUR 635G FRÁ KJARNAFÆÐI

10% AFSLÁTTUR

MERKT VERÐ 442 KR./PK.

398 KR./PK.

NÝTT!

SÉRVALIÐ LAMBAKJÖT!

399

KJÖTFARS, FERSKT, FRÁ KJARNAFÆÐI

10% AFSLÁTTUR

MERKT VERÐ 442 KR./KG.

2.598

LAMBA RIB-EYE, FROSIÐ FRÁ KJARNAFÆÐI

2.598

LAMBA INNRALÆRI, FROSIÐ FRÁ KJARNAFÆÐI

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. **LAUGARD:** 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

> VILL TATTÚ AF ANDLITI FREDDIE MERCURY

Katy Perry vill heiðra minningu söngvarans Freddie Mercury í Queen með því að láta flúra andlit hans á bak sitt. Söngkonan segist næstum því hafa látið setja mynd af honum á andlit sitt fyrir nokkrum árum, en er fegin að hafa ekki gert það þá. Perry lítur mikið upp til Mercury og segir hann hafa mikil áhrif á tónlistarsköpun sína.

fólk

folk@frettabladid.is

Flytur inn majónes með beikonbragði

„Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að allt eigi að smakkast eins og beikon," segir Bjartmar Oddur Alexandersson sem hefur fengið umboð fyrir „baconnaise" sem er majónes með beikonbragði.

„Ég kynntist þessu í The Daily Show með John Stewart. Þar var hann að vísu að gera grín að sköpunargáfu Bandaríkjamanna, að finna upp á því að blanda saman beikoni og majónesi sem er ekki alveg mesta hollustan. Ég sendi svo póst út til framleiðandans, fékk prufusendingu til landsins og var að smakka þetta í gær. Ég prufaði að setja beikonmajónesið á grillaðan hamborgara í hádeginu í gær og á samloku með kalkún og það smakkaðist mjög vel. Ég sé alveg fyrir mér að skella þessu beint á borgarann í staðinn fyrir að bíða eftir að beikonið grillist," segir Bjartmar sem flytur einnig inn beikonvarasalva og beikonsalt frá sama framleiðanda.

BEIKONELSKANDI Bjartmar er bjartsýnn á að Íslendingar muni kunna að meta beikonvörur.

„Fyrirtækið úti var stofnað af miklum beikonelskendum. Þeir framleiða einnig beikonvarasalva og beikonsalt með cheddar, jalapeno og fleiri bragðtegudum, svo hægt er að fullkomna beikonbragðið með þessu þrennu," segir Bjartmar og brosir. „Það er í raun ekki alvöru beikon í þessu heldur bragðefni. Það er líka minni fita í þessu heldur en venjulegu majónesi og það er til létt útgáfa svo þú færð ekki hjartaáfall við fyrsta smakk," bætir hann við.

Bjartmar starfar hjá Vodafone auk þess sem hann nemur markaðsfræði og aljóðaviðskipti við HÍ og kannar nú markaðinn fyrir beikonmajónesið. „Grilltímabilið er að byrja svo ég sé þetta sem grillvöru sem fólk vill prófa í sumar. Við erum búnir að athuga verð á innfluttu majónesi og verðum með lægra kílóverð, en við sjáum bara til hvernig áhuginn verður." - ag



ALLIR ERU STJÖRNUR Í HOLLYWOOD

Hollywood-kynslóðin ætlar að koma saman 4. apríl og rifja upp gamla diskótakta frá velmektarárum þessa sögufræga skemmtistaðar sem var svo áberandi á 9. áratug síðustu aldar.

„Þetta verður alveg geðveikt. Það logar allt á Facebook. Fullt af liði sem maður hefur ekki hitt í milljón ár ætlar að mæta," segir Kristjana Geirsdóttir sem allir þekkja sem Jönu.

Hollywood-liðið, sem skemmti sér frá fimmtudegi til sunnudags í Hollywood við Ármúla þannig að eftir var tekið um miðjan níunda áratug síðustu aldar ætlar að koma saman 4. apríl og rifja upp stemninguna – sem að sögn þeirra sem til þekkja var engu lík. Gleðin verður 1. apríl á Broadway. Jana er í undirbúningsnefndinni og verður móttökustjóri líkt og þegar Hollý var og hét og getur vart beðið. „Þarna verður tískusýning með Módel 79, gömlu fötin, sömu gömlu dyraverðirnir, Óli Laufdal mætir ..." þylur Jana. Margrét Kristjánsdóttir, sem stundaði Hollywood af kappi, stofnaði Facebooksíðu og hátt í tvö þúsund manns skráðu sig nánast um leið.

Jana á möppur með myndum og greinum úr tímaritum og blöðum þar sem fjallað er um Hollywood, keppnina Ungfrú Hollywood og eitt og annað sem konungarnir í Hollywood, Ólafur Laufdal, Páll Þorsteinsson og Magnús Kristjánsson, Leopold Sveinsson og fleiri létu sér detta í hug að gæti orðið þessum stóra hópi til skemmtunar. Í möppum Jönu er í aðalhlutverki fyrrverandi ungfrú Ísland, Anna Margrét Jónsdóttir.

„Á nú að fara að rifja upp gamlar syndir," segir Anna Margrét og vill meina að þessi tími hafi verið hallærislegur en skemmtilegur. Anna Margrét á góðar minningar frá þessum tíma. Segir fólk hafa stundað staðinn grimmt og stór hópur allt frá fimmtudegi til sunnudags. Sjálf var hún valin fulltrúi ungu kynslóðarinnar og ungfrú Hollywood auk þess sem hún starfaði með Módelsamtökunum og var í tískusýningum sem voru viss passi í Hollywood. „Já, það má ekki gleyma því að við sem vorum í tískusýningunum vorum með fín mánaðarlaun, nokkrar tískusýningar og myndatökur í Álafossbækling og ég var komin meö sömu laun og mamma. Þetta var ákveðinn glamor í þessu. Þetta var vinnan mín með skóla og ég átti fullt af peningum til að kaupa mér gloss og herðapúða. Þrefalda herðapúða, ljós í hádeginu og svo utanlandsferðir," segir Anna. Hún rifjar upp þegar móðurbróðir hennar, sem var með prentsmiðju þá, hringdi skelfingu lostinn í móður hennar þegar verið var að prenta Samúel en þar var að finna myndir af Önnu Margréti frá blautbolskeppni á Ibiza. Og þótti þetta afar djarft á sínum tíma. „Já, já, ég vann þetta. Með engin brjóst! Ég fékk 150 þúsund í pesetum fyrir og þetta reddaði alveg ferðinni. En frændi minn fékk taugaáfall," hlær Anna Margrét.

jakob@frettabladid.is

KAMPAVÍN, FEGURÐARDROTTNINGAR OG ÓLAFUR LAUFDAL Lýsandi mynd, en þarna má meðal annars sjá veitingamanninn Ólaf Laufdal og Önnu Margréti krýnda sem fulltrúa ungu kynslóðarinnar.

FJÖRIÐ Í GÓÐU LAGI Jana og Páll Þorsteinsson sem þá var þekktur útvarpsmaður og oft kynnir á viðburðum í Hollý.

ANNA MARGRÉT Á FORSÍÐU VIKUNNAR Hún fékk hundrað og fimmtíu þúsund peseta borgaða fyrir sigur í blautbolskeppni á Ibiza sem bjargaði ferðinni.

„Djöfullegir en dásamlegir." Evening Standard

TIGER LILLIES Á LISTAHÁTÍÐ

„Þessi dásamlega myrki kabarett er eins og Kurt Weill meitlaður af Aleister Crowley og útkoman er gjörsamlega gallalaus. Stórfenglegt." The Guardian

15.–31. MAÍ 2009 LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

Miðasala hafin
á www.listahatid.is
www.midi.is
og í síma 552 8588

Velkomin í Klúbb Listahátíðar!
sjá www.listahatid.is

Iceland Express Radisson SAS SAMSKIP FRÉTTABLAÐIÐ

29. maí Íslenska óperan

THE BODY SHOP™

KAUPAUKI, GJÖRIÐ SVO VEL!

Allir sem versla um þessar mundir fyrir samtals 4990 kr. eða meira í verslunum The Body Shop fá ennfremur kaupaukann sem myndin sýnir.

Um er að ræða snotra snyrtibuddu, rakagefandi dagkrem með E-vítamíni (15ml), jarðarberja-“body butter“-húðnæringu (50ml), varagloss (6ml; litbrigði 10: “Perfectly pink“) auk sturtugels (60ml) sem inniheldur m.a. róandi kamillu- og lofnarblómsilmkjarnaolíur.

Tilboð þetta gildir meðan birgðir endast.

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

THE BODY SHOP®

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
WATCHMEN	kl. 5D - 8D - 10:30D	16
WATCHMEN	kl. 5 - 8	VIP
ELEGY	kl. 5:50 - 8 - 10:10	12
GRAN TORINO	kl. 8	12
SHOPAHOLIC	kl. 5:50 - 8	L
DESPEREAUX m/isl. tali	kl. 5:50	L
FRIDAY THE 13TH	kl. 10:10	16
CHIHUAHUA m/isl. tali	kl. 5:50	L
BENJAMIN BUTTON	kl. 8:30	7
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
WATCHMEN	kl. 6D - 9D	16
GRAN TORINO	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	12
SHOPAHOLIC	kl. 6 - 8:10	L
DEFIANCE	kl. 10:20	16

SAMBÍÓIN SELFOSS		
BENJAMIN BUTTON	kl. 8:30 örfáar sýningar	7
HE´S JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 8	12
DEFIANCE	kl. 10:30	16
SAMBÍÓIN AKUREYRI		
WATCHMEN	kl. 8	16
GRAN TORINO	kl. 8	12
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
WATCHMEN	kl. 8	16
MARLEY AND ME	kl. 8	L
GRAN TORINO	kl. 10:20	12

SAMbio.is

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		
WATCHMEN D	kl. 5 - 8 - 10.30	16
WATCHMEN LÚXUS D	kl. 5 - 8	16
MARLEY AND ME	kl. 5.30 - 10.30	L
THE INTERNATIONAL	kl. 8 - 10.30	16
ÆVINTÝRI DESPERAUX	kl. 3.40	L
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5.30 - 8	12
THE PINK PANTHER 2	kl. 4 - 6	L
SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 3.45	L

5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!		
THE INTERNATIONAL	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
HE'S JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 6 - 9	12
THE PINK PANTHER 2	kl. 6 - 8 - 10	L
FANBOYS	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L

HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919		
LAST CHANCE HARVEY	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L
MARLEY AND ME	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
ÆVINTÝRI DESPERAUX	kl. 6	L
MILK	kl. 8	12
THE WRESTLER	kl. 10.30	14
THE READER	kl. 8 - 10.20	14
VICKY CRISTINA BARCELONA	kl. 5.50	L

BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500		
MARLEY AND ME	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L
ÆVINTÝRI DESPERAUX	kl. 5.50	L
VILTU VINNA MILLJARÐ	kl. 8	12
FROST/NIXON	kl. 10.10	14

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

Björn Jörundur með splunkunýtt lag

„Já, þetta er bara nýtt lag frá hljómsveitinni. Ég ætla að brosa," segir Björn Jörundur söngvari í hljómsveitinni Ný dönsk.

Ávallt heyrir til tíðinda þegar hljómsveitin Ný döns sendir frá sér nýtt efni og í gær var dreift nýju lagi eftir Björn á útvarpsstöðvarnar þannig að hlustendur ættu að geta heyrt „Ég ætla að brosa" á einhverri útvarpsbylgjulengdinni.

„Ef þú smælar framan í heiminn þá smælar heimurinn framan í þig eru svona beisikklí skilaboðin. Sú gamla vísa," segir Björn sem samdi lagið fyrir um mánuði. Sem fjallar um að vera bjartsýnn og brosa framan í heiminn. „Já, og að það dýrmætasta sem við eigum er hvort annað. Þetta er klassískt popplag. Adölt kontemporarí eins og það heitir á útlensku. Við Daníel Ágúst syngjum þetta saman. Ekta Ný danskur slagari."

NÝR NÝDANSKUR SLAGARI Hljómsveitin ætlar að fara um allt land og taka upp eitt nýtt lag á hverjum stað fyrir næstu plötu sína.

Hljómsveitin Ný dönsk verður starfandi í sumar og er með spennandi og sérstætt verkefni í gangi. „Við erum að taka upp nýtt efni en dreifum því yfir árið. Eitt lag í senn og þetta er það fyrsta í röðinni. Það verður á næstu plötu sem kemur út þegar nóg af lögum er komið sem við erum ánægðir með. Pælingin er að fara til Eyja og taka næsta lag upp þar. Svo fara í Tankinn á Vestfjörðum og taka eitt lag þar. Svo klára eitt lag á Akureyri og annað fyrir Austan. Og í hverri slíkri ferð ætlum við að halda tónleika á viðkomandi stað. En verðum á laugardaginn á Selfossi, á 800 bar, þar sem við ætlum að frumflytja lagið og brosa framan í sunnlendinga." **- jbg**

Skólastjóri Verzló hneyksl-aður á dónaskap í skólablaði

Ritstjóri Verzlóblaðsins var skammaður af skólastjóra skólans fyrir myndatexta sem birtist í blaðinu. Hefði aldrei átt að birtast, segir ritstjóri blaðsins.

SÖGULEGT VERZLÓBLAÐ Birgir Þór Harðarson kom sjálfur á skrifstofu skólastjórans í Verzló og greindi frá mistökum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það eru atriði í blaðinu sem ekki samræmast okkar reglum og það hefur verið tekið á því," segir Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands. Nýtt Verzlóblað leit dagsins ljós fyrir nokkru og er venju samkvæmt ákaflega íburðarmikið og glæsilegt. Hins vegar hafa margir hnotið um myndatexta og myndaþátt sem er að finna í blaðinu. Myndatextinn er með þeim hætti að borgaralegt blað á borð við Fréttablaðið getur ekki haft slíkt eftir og myndaþátturinn þykir ýta undir kvenfyrirlitningu. Ingi segir að ekki hafi verið gripið til neinna harðra aðgerða enda hafi ritstjóri blaðsins séð að sér og beðist afsökunar áður en málið kom inn á borð til hans. „Þetta er auðvitað ömurlegt því margir geyma slík blöð til minningar. Við leyfum nemendum okkar hins vegar að hafa frjálsar hendur og þá getur þetta stundum farið svona," segir Ingi.

Birgir Þór Harðarson, ritstjóri blaðsins, harmar að þessi myndatexti skuli hafa ratað í blaðið. Hann hafi verið settur þarna í einhverjum hálfkæringi og hafi alls ekki átt að standa í endanlegri útgáfu. Þrátt fyrir að hafa lesið blaðið allt saman yfir fimmtán sinnum þá hafi þeir þó ekki komið auga á þessi mistök fyrr en blaðið var farið í prentun. „Okkur fannst þetta fyrst fyndið en svo áttuðum okkur á því að þetta væri það alls ekki," segir Birgir og bætir því við að þeir hafi verið fljótir að biðja hlutaðeigandi afsökunar og sá hafi tekið þeirri afsökunarbeiðni. Hvað kvenfyrirlitningu í myndaþætti varðar segir Birgir að hann hafi aldrei átt að koma svoleiðis út. Sjálfur líti hann einmitt á myndaþáttinn sem ádeilu á kynjahlutverk. „Með því að magna þau upp þá sést kannski hvað best hversu asnaleg þau eru." Skólablað Verzló hefur árum saman vakið mikla athygli fyrir glæsilegt og metnaðarfullt útlit. Stórfyrirtæki hafa jafnan séð sér hag í að auglýsa í blaðinu og alla jafna hafa forstjórar ausið úr viskubrunni sínum á síðum blaðsins. Nemendur Verzlunarskólans hafa aftur á móti á undanförnum mánuðum orðið fyrir barðinu á fordómum í garð skólans vegna bankahrunsins og lýsti rithöfundurinn Andri Snær Magnason því meðal annars yfir að efnahagskreppan væri gjaldþrot fyrir SUS, Heimdall og Verzló. Það er því kannski í takt við tíðarandann að eitt af aðalviðtölum blaðsins skuli vera við byltingarhetjuna Hörð Torfason og að blaðið skuli vera selt gegn vægu gjaldi.

„Þegar Geir H. Haarde kom í sjónvarpið og sagði allt vera að fara til fjandans þá vorum við að fara í auglýsingasöfnun þannig að sú yfirlýsing var ansi mikið högg," segir Birgir. Af þeim sökum hafi verið gripið til þess ráðs að selja blaðið. „Og í fyrsta skipti í langan tíma er blaðið ekki að skila tapi fyrir nemendafélagið heldur stöndum við á sléttu og það er kannski helsta afrekið." **- fgg**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 19. mars 2009

Opnanir

17.00 Opnaðar verða tvær sýningar með verkum eftir **Elínu Hansdóttur** og **Jeannette Castioni** í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Safnið er opið til kl. 22 á fimmtudögum.

Hönnun og tíska

17.00 Norræni tískutvíæringurinn opnar í Norræna húsinu við Sturlugötu. Tíska og skartgripahönnun frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.nordice.is.

Fyrirlestrar

12.00 Margrét Rósa Jochumsdóttir þróunarfræðingur flytur erindið „Þróun í þágu kvenna – allra hagur: Saga og starfsemi landsnefndar UNIFEM á Íslandi í tuttugu ár" í stofu 104 á Háskólatorgi við Sæmundargötu 4.

20.00 Rannsóknarkvöld hjá **Félagi íslenskra fræða** í húsi Sögufélags við Fischerssund. **Aðalheiður Guðmundsdóttir** flytur erindið „Góðæri og kreppa hjá Völsungum og Gjúkungum". Allir velkomnir.

Málþing

20.00 Frambjóðendurnir **Bjarni Harðarson, Lúðvík Geirsson, Valgeir Skagfjörð, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Höskuldur Þórhallsson og Ögmundur Jónasson** verða á málþingi í Strandbergi, Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu. Umræðum stjórna **Ævar Kjartanson** ásamt prestum kirkjunnar, **Sr. Kjartan Jónsson** og **Gunnþór Þ. Ingason**. Allir velkomnir.

Pub Quiz

20.00 Pub Quiz verður haldið á Dillon Sportbar við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði.

Tónlist

18.00 Nemendur í Tónlistarskólanum á Akureyri við Hvannavelli 14, halda tónleika. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

20.00 Pontiak Pilatus spila á Fimmtudagsforleik í kjallara Hins Hússins við Pósthússtræti 3-5 (gengið inn Austurstrætismegin. Allir allsgáðir 16 ára og eldri velkomnir. Aðgangur ókeypis.

20.00 Félagar í **Kór Bústaðakirkju** verða með einsöngstónleika þar sem á efnisskránni verða aríur og dúettar úr þekktum óratoríum. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Jazzklúbburinn Múlinn stendur fyrir tónleikum í kjallara Cafe Cultura við Hverfisgötu. Fram koma **Tríó Sunnu Gunnlaugs** og **Kvartett Leifs Gunnarssonar.**

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

92% ÍSLENDINGA TELJA ÞAÐ VERA MIKILVÆGT AÐ SPARISJÓÐIRNIR STARFI **ÁFRAM** Á ÍSLENSKUM FJÁRMÁLAMARKAÐI*

*Gögn m.v. rannsókn sem framkvæmd var 3. til 5. mars 2009
á einstaklingum 18 til 67 ára.
Rannsóknin var framkvæmd af MMR (Markaðs- og miðlarannsóknir).

Við þökkum kærlega fyrir stuðninginn!

Kveðja,
starfsfólk sparisjóðanna

SPARISJÓÐIRNIR
Á ÍSLANDI
– áfram fyrir þig og þína

Sparisjóðirnir á Íslandi samanstanda af Byr sparisjóði, SPRON og öllum öðrum sparisjóðum á landinu.

Tryggjum samkeppni
Við erum einu fjármála-fyrirtækin á Íslandi sem veita alla almenna bankaþjónustu og starfa án atbeina ríkisvaldsins.



Ný framtíðarsýn
Framtíðarsýn sparisjóðanna er að byggja á enn hag-kvæmari rekstrareiningum með áherslu á persónulega þjónustu í námunda við þig.

Lærdómur sögunnar
Saga okkar hefur verið samofin sögu íslensks samfélags í yfir 100 ár. Þessi saga er rétt að hefjast.

Ánægðustu viðskiptavinirnir
Það er okkur mikill heiður að viðskiptavinir okkar skuli vera þeir ánægðustu á meðal fjármálafyrirtækja á Íslandi tíunda árið í röð, eða frá upphafi mælinga!

Þitt samfélag
Sparisjóðirnir leggja ríka áherslu á stuðning við ýmis samfélagsverkefni og félagastarf.

DYNAMO REYKJAVÍK

Allir við sama borð
Forsenda þess að sparisjóð-irnir geti áfram veitt samkeppnishæfa þjónustu er að fyllsta jafnræðis sé gætt í aðgerðum stjórnvalda við endurreisn íslenska fjármálakerfisins.

Fyrir Íslendinga
Án Íslendinga værum við ekki til. Sparisjóðirnir hafa alltaf lagt höfuðáherslu á að þjónusta íslenskt samfélag og munu halda því ótrauðir áfram.

Fjórðungur þjóðarinnar
Fjórðungur þjóðarinnar nýtur ánægjunnar af viðskiptum við sinn sparisjóð og við bjóðum ykkur velkomin í viðskipti.

Áfram
sparisjóðirnir á
sparisjodirnir.is

> Einar Árni hættur

Einar Árni Jóhannsson hefur ákveðið að hætta þjálfun Breiðabliks sem féll úr úrslitakeppni Iceland Express deildar karla í körfubolta í fyrrakvöld. Einar sagði að hann skilji í góðu við félagið en ástæðan er sú að hann býr í Njarðvík og tímafrekt að mæta á æfingar og leiki. „Ég var búinn að reyna að láta það ganga upp að vera svona mikið á ferðinni en þetta púsluspil gengur einfaldlega ekki upp. Ég hefði viljað halda áfram en fjölskyldunnar vegna varð ég að taka þessa ákvörðun."

sport

sport@frettabladid.is

HELENA SVERRISDÓTTIR: Á LEIÐINNI Í NCAA-ÚRSLITAKEPPNINA Í BANDARÍSKA KÖRFUBOLTANUM MEÐ TCU

Geta unnið bestu liðin og líka tapað fyrir þeim lélegri

Helena Sverrisdóttir og félagar í TCU fá tækifæri til þess að taka þátt í NCAA-úrslitakeppni bandaríska háskólaboltans. Liðið var valið úr hópi margra skólaliða sem voru ekki búin að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni.

„Þetta var mjög stressandi. Allt liðið og nánustu aðstandendur voru saman ad horfa á „selection show" og að sjá TCU koma upp var þvílíkur léttir. Við höfðum farið á æfingu um daginn til að hægja á taugunum en það virkaði nú lítið," segir Helena. TCU datt snemma út úr úrslitakeppni Mountain West-deildarinnar en fær nú annað tækifæri.

„Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir liðið og prógrammið í heild sinni. Það var mjög sárt að tapa í Vegas og það minnkaði möguleika okkar, en sem betur fer komumst við inn, og því er stærsta markmiðinu okkar náð."

Helena fór fyrir liðinu þegar TCU vann bæði Maryland og CAL í vetur og þeir sigrar hjálpuðu liðinu að komast inn. „Við vorum í sama pakka og um 20 önnur lið. Öll voru að berjast um átta laus sæti og af þessum 20 liðum vorum við klárlega með tvo risasigra," segir Helena.

TCU mætir South Dakota State í fyrstu umferð. „Þær eru með lið sem þjálfurum okkar líst vel á, segja að við pössum vel gegn því. Næstu dagar fara í að fá eins margar upplýsingar um þær og mögulegt er, og svo er bara að gíra upp liðið, slípa saman körfuboltapartinn og fara til Lubbock og spila risastóran leik á sunnudag," segir Helena en Lubbock er í um fjögurra tíma fjarlægð.

„Við ætlum okkur ekki að horfa fram hjá neinum liðum, í NCAA ertu komin i allt aðra keppni, og allir gefa allt sem þeir eiga í leikina. Þú verður að koma í hvern leik eins og það sé enginn morgundagur. Því ef þú vinnur ekki leikinn þinn þá er tímabilið bara búið," segir Helena en hún hefur að sjálfsögðu trú á sínu liði.

„TCU-liðið í ár getur unnið bestu liðin, en einnig tapað fyrir lélegri liðum. Við gætum því þess vegna komist niður í „Sweet 16" en til þess að það gerist þá þurfum við algjörlega að spila frábæran leik."

Í LOFTINU Ásgeir Örn skorar hér eitt af sínum fjórum mörkum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Glæsileg frammistaða Íslands í Skopje

Ísland vann þriggja marka sigur á Makedóníu á útivelli, 29-26, í undankeppni EM 2010 í handbolta í gærkvöldi. Marga lykilmenn vantaði í íslenska liðið en ungu strákarnir sýndu stáltaugar á erfiðum útivelli.

HANDBOLTI Ísland náði í gær að hefna ófaranna í Makedóníu þegar liðið vann sigur á heimamönnum, 29-26, í undankeppni EM 2010. Í sumar tapaði Ísland nokkuð illa fyrir Makedóníu í undankeppni HM í Króatíu sem gerði það að verkum að Ísland missti af sínu fyrsta stórmóti síðan 1999.

Það þótti lítil ástæða til að vera bjartsýnn fyrir leikinn enda liðið skipað mörgum ungum og óreyndum leikmönnum í fjarveru margra silfurhafa frá Ólympíuleikunum í sumar.

En þegar mest á reyndi sýndu ungu strákarnir, með Aron Pálmarsson fremstan í flokki, stáltaugar og það á einum erfiðasta útivelli Evrópu.

Heimamenn byrjuðu betur í leiknum og komust í 6-4 forystu en þá kom góður leikkafli hjá íslenska liðinu sem skoraði næstu fjögur mörk í leiknum. Björgvin Gústavsson varði á þessum kafla mörg mikilvæg skot en hann átti glimrandi góðan leik og varði til að mynda tvö vítaköst.

Íslensku strákarnir fengu nokkur tækifæri til að komast þremur mörkum yfir í fyrri hálfleik en nýttu það ekki fyrr en á lokasekúndum fyrri hálfleiks, einmitt eftir glæsilega markvörslu Björgvins og hraðaupphlaupsmark.

Greinilegt var að Makedóníumenn voru ekki að spila sinn besta leik í gær en þeir höfðu vakið athygli á HM í Króatíu þar sem þeir stóðu sig betur en flestir buggust við.

Þeir mættu þó tvíefldir til leiks í síðari hálfleik og náðu yfirhöndinni um miðbik hálfleiksins eftir mikla baráttu. Þá var sóknarleikur íslenska liðsins ekki upp á sitt besta. Vörnin var hins vegar nokkuð stöðug og var það í raun lykillinn að sigri Íslands.

MAÐUR LEIKSINS Aron Pálmarsson átti sannkallaðan stjörnuleik í Skopje í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þegar mest á reyndi héldu íslensku varnarmennirnir ró sinni á meðan heimamenn gerðu hver mistökin á fætur öðrum. Ísland skoraði fimm af síðustu sex mörkum leiksins og þar af Aron þrjú af síðustu fjórum hjá Íslandi.

Aron og hinir ungu strákarnir – Rúnar Kárason og Sigurbergur Sveinsson – gerðu vissulega sín mistök í leiknum en allir sýndu þeir hvað í þeim býr, ekki síst á ögurstundu.

Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur íslenska liðsins með níu mörk og var sem fyrr liðinu afar dýrmætur. Hann nýtti færin sín afar vel, þar af öll sín fjögur vítaköst.

Snorri Steinn Guðjónsson hefur verið að spila sárþjáður en hann átti góða spretti í leiknum, sérstaklega reyndist hann mikilvægur þegar laga þurfti sóknarleik íslenska liðsins.

Allir íslensku leikmennirnir komust vel frá sínu og eiga hrós skilið fyrir hetjulega frammistöðu. Liðið stendur nú með pálmann í höndunum þótt enn sé mikið eftir af leikjum í undankeppninni. Ísland er þó búið að spila á tveimur erfiðustu útileikjum sínum og fékk úr þeim þrjú stig af fjórum mögulegum.

eirikur@frettabladid.is

Ásgeir Örn Hallgrímsson:

Gott að hefna

HANDBOLTI Ásgeir Örn Hallgrímsson sagði að það hefði verið afar sætt að hefna fyrir ófarirnar í fyrra er Makedónía sá til þess að Ísland kæmist ekki á HM í Króatíu. Ísland vann í gær þriggja marka sigur á Makedóníu ytra í undankeppni EM 2010, 29-26.

„Það er þvílík upplifun að spila hér í þessari höll og vinna. Þetta er alger ruddagryfja og þessir áhorfendur kunna svo sannarlega að styðja sitt lið," sagði Ásgeir Örn sem sagði undirbúninginn hafa verið nokkuð erfiðan vegna meiðsla margra leikmanna.

„En við sýndum að við erum með hörkumannskap og þeir leikmenn sem voru hér úti þjöppuðu sér einfaldlega vel saman fyrir þennan leik." - esá

ÚRSLIT

Undankeppni EM 2010:

Makedónía - Ísland	**26-29**
Mörk Íslands: Guðjón Valur Sigurðsson 9/4, Aron Pálmarsson 5, Ásgeir Örn Hallgrímsson 4, Snorri Steinn Guðjónsson 4/1, Þórir Ólafsson 3, Róbert Gunnarsson 2, Sigurbergur Sveinsson 1, Rúnar Kárason 1.	
Varin skot: Björgvin Gústavsson 12/2, Hreiðar Guðmundsson 1.	
Eistland - Belgía	**37-28**

STAÐAN Í 3. RIÐLI

Noregur	**4**	**3**	**1**	**0**	**136-109**	**7**
Ísland	3	2	1	0	100-78	5
Eistland	**5**	**2**	**1**	**2**	**141-144**	**5**
Makedónía	3	1	1	1	85-79	3
Belgía	**5**	**0**	**0**	**5**	**126-178**	**0**

Fabregas borinn sökum:

Yfirvöld rannsaka ásakanir

FÓTBOLTI Phil Brown, knattspyrnustjóri Hull, sakaði Cesc Fabregas, fyrirliða Arsenal, um að hrækja á aðstoðarmann sinn eftir leik liðanna í ensku bikarkeppninni í fyrrakvöld.

Fabregas hefur þvertekið fyrir að hafa hrækt á Brian Horton, aðstoðarstjóra Hull. Brown sagðist hins vegar hafa séð atvikið sjálfur. „Hann hrækti í átt að fótum hans," sagði Brown.

Ensk knattspyrnuyfirvöld hafa farið fram á að Brown og Horton segi frá sinni hlið mála en ekkert var minnst á atvikið í skýrslu dómara leiksins.

Fabregas spilaði ekki í leiknum en fagnaði sigrinum inni á vellinum með félögum sínum eftir leikinn. - esá

Aron Pálmarsson og Guðjón Valur Sigurðsson voru í skýjunum eftir leikinn gegn Makedóníu:

Var eins sætur sigur og hann gat orðið

HANDBOLTI „Ég hef það fáránlega gott. Ég er einfaldlega í skýjunum," sagði Aron Pálmarsson sem var enn í sigurvímu þegar Fréttablaðið náði tali af honum eftir sigur Íslands á Makedóníu í Skopje í gærkvöldi, 29-26. Aron fór mikinn í leiknum og skoraði þrjú af fjórum síðustu mörkum Íslands.

„Ég held að þetta gerist ekki mikið stærra en þetta. Þeir hafa verið að tala um það í liðinu hvað þessi völlur er svakalegur. Það var allt brjálað í höllinni og þurftum við að nota táknmál til að ákveða hvaða kerfi við ættum að taka. En það var meiri háttar að fá að upplifa þetta svona ungur."

Aron sagðist ekki vera feiminn að nýta tækifærin þegar þau gefast eins og sýndi sig í leiknum í gær. „Ég var þarna inn á sem skytta og þeir eru ekki í því að gefa frá sér boltann. Maður verður að nýta það sem maður fær og fyrst ég fékk traust frá þjálfaranum ákvað ég að nýta það."

SIGURHRÓP Guðjón Valur Sigurðsson fagnar einu marka sinna gegn Makedóníu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísland var með forystuna í hálfleik en heimamenn bitu frá sér í síðari hálfleik og komust yfir. En íslensku strákarnir sýndu stáltaugar á lokamínútum leiksins.

„Það var merki um afan góðan karakter að koma svona til baka þegar allt var á móti okkur. Þetta var eins sætt og það gat orðið."

Guðjón Valur Sigurðsson landsliðsfyrirliði var markahæsti leikmaður íslenska liðsins með níu mörk og var öryggið uppmálað í öllum sínum aðgerðum.

„Við lögðum leikinn gríðarlega vel upp sem er mikilvægt þegar maður er að mæta svona andstæðingi við þetta erfiðar aðstæður. Við litum á það sem lykilatriði að leyfa þeim ekki að keyra yfir okkur í upphafi leiksins og við náðum að halda þeim niðri," sagði Guðjón Valur.

„Mér fannst við í raun alltaf vera með þá. Þeim tókst þó í seinni hálfleik að draga okkur utar á völlinn og þá opnaðist fyrir línumanninn þeirra. En varnarleikurinn var þegar á heildina er litið nokkuð góður og við nýttum færin okkar ágætlega þó svo að við misstum nokkra menn út af."

Þó svo að áhorfendur hafi stutt sína menn dyggilega sýndu þeir að þeir kunna líka að tapa. „Áhorfendur stóðu upp og klöppuðu eftir leikinn. Ég efast um að það séu mörg lið sem hafa fengið þannig kveðjur frá stuðningsmönnum Makedóníu." - esá

Ford Focus Trend (UA648)
1,6 bensín sjálfskiptur station
Upphitanleg framrúða, dráttarbeisli ofl.
Skrd. 05/2006. Ek. 112.000 km.
Ásett verð 1.850.000 kr.
Afsláttur 460.000 kr.
Tilboðsverð 1.390.000 kr.

Ný dæmi
um verð og gæði

Ford

Nýtt tákn um gæði

Við erum á tánum í dag – fyrir þig

Nýtum það sem við eigum
Endurnýtum gjaldeyrinn
Kaupum notaðan bíl
Komdu í Brimborg í dag

Áfram Ísland

Semdu við okkur um verð

selja gamla

kaupa nýjan notaðan

Fjöldi annarra Ford bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.

Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4 (OJB10)
4,6 V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra
32" breyting, Webasto miðstöð,
loftdæla, leðuráklæði, lok á pall ofl.
Skrd. 08/2007. Ek. 21.000 km.
Ásett verð 4.690.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr.
Tilboðsverð 4.190.000 kr.

Ford Expedition Limited 4x4 (VG074)
5,4 V8 bensín sjálfskiptur 8 manna
35" breyting, leðuráklæði, tölvustýrð
miðstöð, dráttarbeisli ofl.
Skrd. 08/2005. Ek. 38.000 km.
Ásett verð 4.880.000 kr.
Afsláttur 900.000 kr.
Tilboðsverð 3.980.000 kr.

Ford Mondeo Ghia (OM032)
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur, upphitanleg framrúða,
tölvustýrð miðstöð ofl.
Skrd. 07/2007. Ek. 25.000 km.
Ásett verð 3.050.000 kr.
Afsláttur 460.000 kr.
Tilboðsverð 2.590.000 kr.

Ford Fiesta Trend (BY698)
1,4 bensín beinskiptur 5 dyra
Upphitanleg framsæti, rafdrifnar
rúður að framan ofl.
Skrd. 04/2007. Ek. 30.000 km.
Ásett verð 1.910.000 kr.
Afsláttur 360.000 kr.
Tilboðsverð 1.550.000 kr.

Ford Explorer XLT 4x4 (UT294)
4,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur, hraðastillir,
dráttarbeisli ofl.
Skrd. 04/2006. Ek. 17.000 km.
Ásett verð 3.810.000 kr.
Afsláttur 380.000 kr.
Tilboðsverð 3.430.000 kr.

Ford Galaxy Trend (SF309)
1,9TDi dísil beinskiptur 7 manna
Innbyggðir barnastólar,
skyggðar afturrúður ofl.
Skrd. 03/2006. Ek. 39.000 km.
Ásett verð 3.330.000 kr.
Afsláttur 340.000 kr.
Tilboðsverð 2.990.000 kr.

Ford Escape XLT AWD (YJ508)
3,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
16" álfelgur, hraðastillir,
rafdrifið ökumannssæti ofl.
Skrd. 06/2005. Ek. 46.000 km.
Ásett verð 2.590.000 kr.
Afsláttur 310.000 kr.
Tilboðsverð 2.280.000 kr.

Ford Focus Trend (TX587)
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra
Upphitanleg framrúða, rafdrifið
bílstjórasæti ofl.
Skrd. 12/2005. Ek. 8.000 km.
Ásett verð 2.200.000 kr.
Afsláttur 220.000 kr.
Tilboðsverð 1.980.000 kr.

Semdu við okkur um gott verð

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins.
Komdu í Brimborg í dag.

Notað

Eingöngu bílar sem sérfræðingar Ford mæla með

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

HÆTTUR Jón Þorgrímur hefur lagt skóna á hilluna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jón Þorgrímur Stefánsson:

Tekur tölvur fram yfir bolta

FÓTBOLTI Jón Þorgrímur Stefánsson hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna aðeins 33 ára að aldri.

Jón Þorgrímur lék lengstum með HK en endaði ferilinn í Fram. Ferill hans þar var þó afar stuttur eða aðeins 24 mínútur því hann meiddist í fyrsta leik síðasta sumar og hefur ekki spilað síðan. Þó tókst honum að skora mark í leiknum.

„Það er hálfleiðinlegt að hafa ekki getað hætt á skemmtilegri hátt en uppi í stúku með hækjur," sagði Jón Þorgrímur sem flyst búferlum til Noregs í maí þar sem hann fer að starfa fyrir vefhönnunarfyrirtækið Opera.

„Það hefur aldrei farið vel saman að vera tölvunörd og í fótbolta. Nú hafa tölvurnar tekið yfir og það verða engin fráhvarfseinkenni þegar boltinn fer að rúlla í sumar. Þá verð ég bara að horfa á tölvuskjá í Noregi," sagði Jón. - hbg

SIGURSÆLL Sigurður Ingimundarson hefur sett nýtt þjálfaramet í úrslitakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Keflavíkurliðið í úrslitakeppni:

Búnir að vinna átta leiki í röð

KÖRFUBOLTI Keflvíkingar sópuðu nágrönnum sínum í Njarðvík út úr átta liða úrslitum Iceland Express-deildar karla í fyrrakvöld og hafa þar með unnið átta leiki í röð í úrslitakeppni.

Keflavík vann þrjá síðustu leiki sína í undanúrslitum á móti ÍR í fyrra eftir að hafa lent 0-2 undir og vann síðan alla þrjá leikina á móti Snæfelli í úrslitum í fyrra.

Keflvíkingar nálgast því óðum met Njarðvíkinga í úrslitakeppni en Njarðvík vann ellefu leiki í röð í úrslitakeppninni frá 1985 til 1988 en þá fóru bara fjögur lið inn í úrslitakeppnina.

Á þessum árum þjálfuðu bæði Gunnar Þorvarðarson og Valur Ingimundarson Njarðvíkurliðið í þessari sigurgöngu og hefur því Sigurður Ingimundarson sett nýtt þjálfaramet með því að stjórna Keflavík til sigurs í átta leikjum í röð í úrslitakeppni. - óój

Meistaradeild VÍS í Ölfushöllinni í kvöld:

Stjörnur í gæðingafimi

HESTAR Keppni í Meistaradeild VÍS heldur áfram af fullum krafti í Ölfushöllinni í kvöld. Að þessu sinni verður keppt í gæðingafimi sem er ein erfiðasta greinin í keppninni.

Þar reynir verulega á knapana enda allir þættir dæmdir sérstaklega. Dómarar dæma meðal annars hversu margar, og erfiðar, æfingar parið gerir og hvernig æfingarnar eru framkvæmdar. Einnig er horft á hvernig æfingarnar blandast við gangtegundir, flæði sýningarinnar, fjölhæfni og styrkleika gangtegunda.

Viðar Ingólfsson sigraði í þessari keppnisgrein í fyrra og hann mætir að þessu sinni til leiks með Spaða frá Hafrafellstungu. Sigurður Sigurðarson, sem sigraði fjórganginn á dögunum, mætir með Suðra frá Holtsmúla og Eyjólfur Þorsteinsson, sem er efstur í stigakeppninni, keppir á Klerk frá Bjarnanesi.

Keppni hefst klukkan 19.30 og er keppt í Ölfushöllinni eins og áður segir. - hbg

GLÆSITILÞRIF Það mun reyna bæði á knapa og hest í kvöld. MYND/JENS EINARSSON

Ætlar að svara Hlyni fullum hálsi

Snæfell og Stjarnan mætast í Hólminum í kvöld í úrslitaleik um sæti í undanúrslitum Iceland Express-deildarinnar. Justin Shouse lék með Snæfelli síðustu tvö ár en ætlar núna að senda þá snemma í sumarfrí.

KÖRFUBOLTI Það verður aðeins einn oddaleikur í átta liða úrslitum Iceland Express-deildar karla í körfubolta og hann fer fram í Stykkishólmi klukkan 19.15. Bikarmeistarar síðustu tveggja ára spila þá um sæti í undanúrslitunum, vinni Snæfell þá mætir liðið Grindavík en KR-ingar bíða Stjörnumanna komist þeir áfram.

Eftir nokkuð öruggan heimasigur í fyrsta leik máttu Snæfellingar þola slæman skell í síðasta leik. Frá árinu 2005 hafa þeir hafa tapað öllum þeim leikjum sem þeir hafa þurft að vinna til að geta haldið áfram keppni, fjórum alls.

Stjörnumenn hafa stimplað sig eftirminnilega inn í íslenska körfuboltalandsliðið í vetur. Þeir unnu fyrsta titilinn í sögu félagsins þegar þeir urðu bikarmeistarar á dögunum og í kvöld eiga þeir möguleika á að komast í undanúrslit í sinni fyrstu úrslitakeppni.

„Það er mjög spennandi leikur fram undan og við erum fullir tilhlökkunar að fara með Stjörnuna þangað sem liðið hefur aldrei komist áður eða í undanúrslit um Íslandsmeistaratitilinn. Þetta ætti að geta orðið mjög góður dagur," sagði Justin Shouse, bandaríski leikstjórnandinn hjá Stjörnunni, sem lék áður með Snæfelli í tvö tímabil.

Á góða félaga í Snæfelli

Justin átti frábæran leik í stórsigri Stjörnunnar á Snæfelli í síðasta leik. „Ég á marga góða félaga í Snæfellsliðinu og maður vill alltaf standa sig vel á móti félögum sínum og sýna þeim að maður geti eitthvað enn þá," segir Justin sem var með 39 framlagsstig fyrir leikinn þar sem hann var með 29 stig, 7 stoðsendingar og 60 prósenta skotnýtingu.

„Maður vill alltaf gefa allt sitt í alla leiki en í stóru leikjunum er maður alltaf aðeins einbeittari. Í síðasta leik hugsaði ég með sjálfum mér: Ég er ekki tilbúinn til að fara í sumarfrí. Ég vil halda áfram að spila körfu eins lengi og við getum. Í fyrra náði ég að spila fram í lok apríl með Snæfellingum og nú sjáum við til hvort við getum ekki slegið þá út og sent þá snemma í sumarfrí," segir Justin.

Justin talaði sérstaklega um tvo leikmenn sem hafa reynst Stjörnuliðinu vel. Jovan Zdravevski hefur spilað vel á báðum endum vallarins og Ólafur Jónas Sigurðsson hefur skorað 16,5 stig að meðaltali í seríunni, rúmum tíu stigum meira en hann gerði í deildarkeppninni.

Frábær vörn hjá Jovan

„Jovan spilaði frábæra vörn á Sigga (Sigurð Þorvaldsson) í síðasta leik. Jovan spilaði líka frábæra vörn á Jason (Dourisseau hjá KR) í bikarúrslitaleiknum," segir Justin en í þessum tveimur leikjum voru þessir tveir lykilmenn andstæðinganna aðeins með 8 stig samanlagt auk þess að klikka á 18 af 19 skotum sínum utan af velli.

„Við vitum að Siggi verður tilbúinn í oddaleikinn en ef Jovan getur haldið honum undir meðaltali sínu þá er hann búinn að skila sínu," segir Justin og hann fagnar líka uppkomu Ólafs.

„Óli er búinn að vera frábær í síðustu leikjum og kemur með mikla orku inn í liðið okkar. Hann hjálpar okkur þar sem við höfum forskot á móti Snæfelli en það er hraðinn. Þeir eru stórir og sterkir en við litlir og fljótir," segir Justin sem segir Stjörnumenn verða að vera grimmari og berjast saman í öllum fráköstum.

„Við erum eitt af fáum liðum sem hafa náð að vinna KR-liðið sem hefur verið á harðahlaupum í gegnum deildina. Okkur finnst við hafa komið inn í myndina með því að vinna bikarinn og nú finnst okkur að allt sé mögulegt. Það er það frábæra við körfuna og það frábæra við úrslitakeppnina," segir Justin.

Snæfell hefur unnið tvo glæsilega sigra í báðum leikjunum sem voru í beinni útsendingu í sjónvarpinu í vetur. Stöð 2 Sport 2 mætir í Hólminn í kvöld og leikurinn verður í beinni.

Vill sýna sig og sanna

„Það er alltaf að gaman að spila fyrir fullu húsi og í beinni útsendingu í sjónvarpinu. Við viljum þá sýna öllum að það sé ástæða fyrir því af hverju við erum komnir svona langt. Ég vil líka sýna öllum að það er ástæða fyrir því að Stjarnan vildi fá mig og það er ástæða fyrir því að Snæfell fékk mig til sín í tvö tímabil," segir Justin sem býst alveg við að fá að heyra það frá gömlu félögunum úr Hólminum.

„Ég veit að Lenny (Hlynur Bæringsson) og Nonni Mæju (Jón Ólafur Jónsson) munu rífa kjaft við mig allan leikinn en ég ætla að svara þeim fullum hálsi," sagði Justin að lokum í léttum tón.

ooj@frettabladid.is

JUSTIN SHOUSE Í LEIKJUM Á MÓTI SNÆFELLI Í VETUR

4. desember 2008	**83-87 tap**
29 stig og 7 stoðsendingar	32 í framlagi
5. mars 2009	**82-79 sigur**
19 stig og 13 stoðsendingar	22 í framlagi
14. mars 2009	**81-93 tap**
21 stig og 12 stoðsendingar	21 í framlagi
16. mars 2009	**99-79 sigur**
28 stig og 7 stoðsendingar	39 í framlagi

FRÁBÆRT TÍMABIL Justin Shouse hefur spilað frábærlega fyrir Stjörnuna í vetur og hann er með 24,5 stig og 9,8 stoðsendingar að meðaltali á móti gömlu félögunum í Snæfelli. FRÉTTABLAÐIÐ/X

Enn óvíst um hnémeiðsli Einars Hólmgeirssonar landsliðsmanns í handbolta:

Engar alvarlegar skemmdir hafa fundist

HANDBOLTI Einar Hólmgeirsson, leikmaður Grosswallstadt í Þýskalandi, segir að læknar félagsins hafi engar alvarlegar skemmdir fundið í hné hans en hann getur þó enn ekki spilað vegna verkja. Einar þurfti að draga sig úr íslenska landsliðshópnum fyrr í vikunni en hann var þá nýkominn aftur á ferðina með Grosswallstadt í Þýskalandi og stóð sig vel í leik gegn Magdeburg.

„Eftir þann leik æfði ég ekkert í tvo daga. Svo átti liðið leik gegn Füchse Berlin og þá bólgnaði hnéð nokkuð illa og ég gat ekkert spilað, þó svo að ég hafi reynt."

Einar fór í tvær myndatökur hjá læknunum í Þýskalandi sem fundu þó engar alvarlegar skemmdir í hnénu.

„Hnéð lítur vel út. Það eru engar skemmdir á liðþófanum. Það eru þó einhverjar brjóskskemmdir en þeir segja það eðlilegt hjá atvinnumanni í íþróttum. Hins vegar geti verið að það einhver óeðlilegur núningur við brjóskið hafi valdið því að vökvi fór inn á hnéð."

Læknarnir töppuðu vökva af hnénu en hann var ekki blóðlitaður sem eru góðar fréttir.

„Þeir sendu vökvann í ræktun til að athuga með sýkingu. Þeir vilja bíða og sjá hvað kemur út úr því áður en frekari ákvörðun verður tekin. Hvort ég þurfi að fara í aðgerð eða ekki."

En þó svo að ekkert óeðlilegt hafi komið í ljós í læknisskoðun finnur hann enn mikið til í hnénu.

„Ég var að hjóla í dag og fann til í hverjum snúningi. Ég hef ekki verið verkjalaus í átta vikur. Það er ekkert annað fyrir mig að gera en bíða, þolinmæði er dyggð." - esá

SJALDSÉÐ SJÓN Einar Hólmgeirsson hefur lítið spilað með landsliðinu að undanförnu. Hér er hann í leik gegn Belgíu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Kínverska

谢谢

感谢您们来到冰岛和您们为 建设更好的和强有力的冰岛社会 所作出的贡献。感谢您们带来了新的文化浪潮丰富了人的生活和国家的文化，进一步增加了在贸易，烹饪，设计，音乐，舞蹈及技术等领域多样性和技能。

祝愿您们在冰岛愉快及享受到冰岛社会的安全和平等。

衷心地感谢！

Takk fyrir að setjast að á Íslandi og leggja þitt af mörkum til að byggja hér betra og öflugra samfélag. Takk fyrir að flytja með þér ferska menningarstrauma sem auðga mannlíf og menningu landsins. Takk fyrir að auka við fjölbreytni og færni á sviði viðskipta, matargerðar, hönnunar, tónlistar, dans og verkmenningar svo aðeins nokkur dæmi séu tekin!

Vonandi líður þér vel hér á Íslandi – og vonandi nýtur þú þess öryggis og jafnréttis sem við öll viljum að íslenskt samfélag standi fyrir.

Kærar þakkir!

AUGA
AUGLÝSINGAR AFL TIL GÓÐRA VERKA

Þessi herferð er gefin af **AUGA**.
AUGA er stuðningssjóður stofnaður af samtökum og fyrirtækjum í auglýsingaiðnaðinum, með það hlutverk að styðja gerð og birtingar auglýsingaherferða fyrir góð málefni.
Nánari upplýsingar á www.sia.is/auga

Mannréttindaskrifstofa Íslands er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu. Réttindi innflytjenda eru ört stækkandi málaflokkur – og þar berum við öll samfélagslega ábyrgð.
Tökum vel á móti nýjum Íslendingum.
Nánari upplýsingar á www.humanrights.is

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

dagskrá

> James Denton

James Denton leikur pípulagningamanninn Mike Delfino í þættinum Aðþrengdar eiginkonur sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

Aðþrengdar eiginkonur er öðruvísi en flestir aðrir sjónvarpsþættir, þar sem allt er látið flakka og engu er haldið leyndu. Í þættinum okkar eru aftur á móti mörg leyndarmál og allir eru að reyna að fela eitthvað.

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR Á ENGAR LEYNDAR GERSEMAR

Slegið!!!

Fjársjóðirnir leynast víða. Það kemur berlega í ljós í þættinum Cash in the Attic á BBC sjónvarpsstöðinni. Þátturinn snýst í stórum dráttum um fólk sem hefur í hyggju að ráðast í endurbætur á húsum sínum, já eða langar að kaupa sér eitthvað fallegt. Það fær því til sín sjónvarpsþáttastjórnanda Cash in the Attic sem mætir á staðinn með sérfræðing í gömlum munum. Þeir félagarnir fara síðan ásamt fjölskyldunni í alla króka og kima hússins. Kjallarar, geymslur og háaloft eru þar efst á óskalistanum. Stefnan er að finna sem flesta hluti sem hægt væri að fá eitthvað verð fyrir á uppboði.

Það er með ólíkindum hverskonar gersemar fólk geymir í ryki og drullu, forngripi og eldgömul húsgögn. Yfirleitt hefur fólk ekki hugmynd um hve mikils virði þessir munir eru, ef það man þá yfirleitt eftir þeim. Reyndar finnst mér alltaf jafn ótrúlegt að sjá allt þetta dót sem fólk á. Þegar ég hugsa til litlu geymslunnar minnar get ég með sanni sagt að þar leynist engar gersemar. Ég held að lítið fengist fyrir svefnpoka, úr sér gengna skíðaskó og þvældar reiðbuxur. Þar er enginn hjálmur frá fyrra stríði, hliðarborð frá Viktoríutímanum eða handmáluð keramiktekanna af ókunnum uppruna. En slíkir hlutir virðast leynast í hverju horni fólksins sem tekur þátt í Cash in the Attic.

Þegar aðkomumenn hafa leitað af sér allan grun um að fleiri dýrmætir hlutir leynist í húsakynnum þátttakenda er gersemunum hlaðið á bíl og ferjað að uppboðsstað.

Upplifun fólksins sem á muni á uppboðinu getur verið æði misjöfn. Spennan er mikil enda ekki ljóst hvort boðið verður hærra eða lægra í hlutina en sérfræðingurinn mat þá. Fyrir suma er uppboðið alger himnasæla meðan aðrir engjast í sætum sínum þegar hjartfólgin stytta selst langt undir matsverði.

Að lokum eru þó flestir sáttir, í hendi er fjárhæð sem nota má í eitthvað vitrænt. Til dæmis mætti endurhanna geymsluna svo þar sé hægt að raða ennþá meira dóti sem getur safnað ryki.

FIMMTUDAGUR

▶ **19.05 Snæfell - Stjarnan** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.20 Eli Stone** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.00 Skins** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.35 Twenty Four** STÖÐ 2

▶ **21.50 Law & Order** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ævintýri Fredda og Leós (2:3)
18.00 Stundin okkar (e)
18.30 Dansað á fákspori Þáttaröð um Meistaramót Norðurlands í hestaíþróttum.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.20 Eli Stone** (13:13) Bandarísk þáttaröð um lögfræðinginn Eli Stone sem verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge og Loretta Devine.
21.05 Myndbréf frá Evrópu (Billedbrev fra Europa) Í þessum stuttu norsku þáttum er brugðið upp svipmyndum frá nokkrum stöðum í Evrópu og sagt frá helstu kennileitum þar.
21.15 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives V) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk: Teri Hatcher, Felicity Huffman og Marcia Cross.
22.00 Tíufréttir
22.20 Bílfélagar (Carpoolers) (13:13) Bandarísk gamanþáttaröð um félaga sem eru samferða í vinnuna. Aðalhlutverk: Meðal leikenda eru Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller, Jerry O'Connell, Allison Munn, Jerry Minor og Tim Peper.
22.45 Sommer (Sommer) (15:20) (e)
23.45 Kastljós (e)
00.25 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Employee of the Month
10.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers
12.00 Prime
14.00 Employee of the Month
16.00 Land Before Time XII: Day of the Flyers
18.00 Prime
20.00 14 Hours
22.00 Mean Creek
00.00 Gacy
02.00 Assault On Precinct 13
04.00 Mean Creek
06.00 Beerfest

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Stóra teiknimyndastundin.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (276:300)
10.15 Sisters (9:28)
11.05 Ghost Whisperer (56:62)
11.50 Numbers (9:24)
12.35 Nágrannar
13.00 Hollyoaks (149:260)
13.25 Wings of Love (29:120)
14.10 Wings of Love (30:120)
14.55 Ally McBeal (17:24)
15.40 Sabrina - Unglingsnornin
16.03 Háheimar
16.28 Hlaupin
16.38 Doddi litli og Eyrnastór
16.48 Smá skrítnir foreldrar
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (7:23)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.10 Markaðurinn með Birni Inga
19.40 The Simpsons (6:21) Þar sem þakkargjörðarhátíðin nálgast ræður herra Burns Hómer til að sjá um hrekki og prakkarastrik fyrir sig.
20.05 The Amazing Race (10:13) Í elleftu seríunni mæta til leiks nokkrir af sterkustu keppendunum úr tíu fyrstu seríunum til að fá úr því því skorið hvert sé sterkasta parið frá upphafi.
20.50 The Mentalist (6:23)
▶**21.35 Twenty Four** (8:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
22.20 Casino Royale Daniel Craig í frumraun sinni sem njósnarinn Bond. Með önnur aðalhlutverk fara Mads Mikkelsen, Eva Green og að sjálfsögðu Judi Dench.
00.40 Damages (3:13)
01.25 Mad Men (13:13)
02.15 Stay
03.55 Prey for Rock and Roll
05.40 Fréttir og Ísland í dag

STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

17.15 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
17.45 PGA Tour 2009 - Hápunktar Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
18.40 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
▶**19.05 Snæfell - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
22.40 NBA tilþrif Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
23.05 Snæfell - Stjarnan Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 Chelsea - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.20 Bolton - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
20.30 Goals of the Season 1999 Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
21.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
22.40 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
23.10 Middlesbrough - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
07.10 Nýtt útlit (1:10) (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
12.00 Nýtt útlit (1:10) (e)
12.50 Óstöðvandi tónlist
17.35 Vörutorg
18.35 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.20 Game Tíví (7:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.00 Rules of Engagement (12:15) Jeff reynir að losa sig við aukakílóin áður en hann fer í læknisskoðun fyrir líftryggingunga sína. Adam hittir gamla kærustu og Jennifer verður afbrýðisöm.
20.30 The Office (10:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Karen reynir að lokka Stanley í annað útibú en Michael gefst ekki upp baráttulaust og dregur Jim í deiluna.
21.00 Boston Legal (3:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston.
▶**21.50 Law & Order** (24:24) Það er komið að lokaþættinum að sinni. Farþegalest lendir í árekstri við jeppa á lestarteinum og 11 manns láta lífið.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.30 Britain's Next Top Model (10:10) (e)
00.20 Painkiller Jane (5:22) (e)
01.10 Vörutorg
02.10 Óstöðvandi tónlist

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Á fimmtudegi eru menn á öndverðum meiði um stjórnmálin.
21.00 HH Þáttur um ungt fólk í umsjá Hins hússins.
21.30 Borgarlíf Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi fjallar um borgarpólitík.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

RÝMINGARSALA !

Hágæða flott föt á krakka á öllum aldri frá Lego, Color Kids, Grunt og fleiri toppmerkjum. einstakt tækifæri til að gera góð kaup.

Verslunin Legóföt
Skútuvogi 11
opið virka daga 12-18,
laugardaga 11-16

VORUM AÐ BÆTA VIÐ FULLT AF NÝJUM VÖRUM
60 -70 % AFSLÁTTUR
VERSLUNIN HÆTTIR, ALLT Á AÐ SELJAST

LEGO wear COLOR KIDS GRUNT

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50
The Mentalist

Spánnýr og hörkuspennandi þáttur um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflað sér frægðar sem sjónvarpsmiðill en einnig fyrir að gera lítið úr þeim þegar hann á það til að leysa gáturnar langt á undan þeim. Þáttunum hafa verið lýst sem góðri blöndu af Monk, House og CSI og eru með þeim allra vinsælustu í Bandaríkjunum.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Boston Legal
Skjár einn kl. 21.00

Þetta er fimmta og jafnframt síðasta þáttaröðin. Í þættinum í kvöld er Denny handtekinn eina ferðina enn. Að þessu sinni fyrir ólöglegan vopnaburð eftir að hann skýtur mann í sjálfsvörn. Alan reynir að hjálpa konu sem hann þekkir frá fyrri tíð í forræðisdeilu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.03 Auðlindin
07.10 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Vítt og breitt
14.03 Andrarímur
15.03 Útvarpssagan: Sögur úr Síðunni
15.30 Gullmolar úr hljóðritasafninu
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
19.00 Úr gullkistunni
19.27 Sinfóníutónleikar
22.07 Veðurfregnir
22.12 Lestur Passíusálma
22.18 Útvarpsperlur: Sápukúlur yfir Vonarstræti
23.10 Tónleikur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (148:260)
16.30 Hollyoaks (149:260)
17.00 Seinfeld (22:24)
17.30 Lucky Louie (9:13)
18.00 Skins (4:9)
19.00 Hollyoaks (148:260)
19.30 Hollyoaks (149:260)
20.00 Seinfeld (22:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
20.30 Lucky Louie (9:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
▶**21.00 Skins** (4:9) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
22.00 Gossip Girl (7:25) Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi. Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartí.
22.45 Grey's Anatomy (16:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf laglega yfirhalningu til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.
23.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.35 My Hero **11.05** Jonathan Creek **11.55** Dalziel and Pascoe **12.45** My Hero **13.15** The Weakest Link **14.30** My Hero **15.00** Blackadder the Third **15.30** The Weakest Link **16.15** Jonathan Creek **17.05** Dalziel and Pascoe **18.25** The Weakest Link **19.10** My Hero **19.40** Blackadder the Third **20.10** Waking the Dead **21.00** Waking the Dead **21.50** Blackadder the Third **22.20** My Hero **22.50** Waking the Dead **23.40** Waking the Dead

DR 1

10.00 Hammerslag **10.30** Dyrehospitalet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Penge **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Mission. Baby **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.40** S, P eller K **14.50** Boogie Update **15.20** S, P eller K **15.30** Mille **16.00** Lloyd i Rummet **16.25** F for Får **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Min italienske drøm **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Just My Luck **22.35** Sugar Rush **23.00** Naruto Uncut **23.25** Boogie Mix

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.05** V-cup skiskyting **12.00** NRK nyheter **12.05** V-cup hopp **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup skiskyting **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Ut i nærturen **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Sørens ønskestøvler **17.05** Fritt fram **17.35** Suppeopera **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Folk. Klaus Hagerup og lykken i Piemonte **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Höök **21.30** Folk i farta **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Kan ikkje lese, kan ikkje skrive **23.35** Spooks **00.25** Kulturnytt

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** Så ska det låta **12.05** Andra Avenyn **13.05** Skidskytte **14.55** Anslagstavlan **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Melodifestivalen 2009 **16.25** Mat och grönt på Friland **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** På liv och död **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Packat & klart **23.30** Öga mot öga **00.00** Sändningar från SVT24 **05.00**

MORGUNMATURINN

„Það er misjafnt hvað ég borða á morgnana. Stundum hafragraut, stundum ávaxtabúst og stundum kaffi og ristað brauð. Allt fer þetta eftir stemningu dagsins.“

Kristjana Stefánsdóttir söngkona.

Pókerferðir til útlanda í farvatninu

„Við höfum verið í viðræðum við ferðaskrifstofuna Úrval Útsýn en hugmyndin er að bjóða upp á sérstakar pókerferðir til útlanda,“ segir Davíð Rúnarsson knattspyrnu- og pókermaður.

Pókeráhugi landsmanna er vaxandi og fyrir viku var troðfullt á fyrstu umferð pókermóts ISOP en spilaðar eru tíu umferðir. Þessi áhugi hefur ekki farið fram hjá ferðamálafrömuðum og Davíð ásamt Vali Heiðari Sævarssyni, sem kenndur hefur verið við hljómsveitina Buttercup, hefur verið í viðræðum við ferðaskrifstofur um að skipuleggja ferðir á mót erlendis.

Í kvöld verður önnur umferð ISOP keppninnar en fyrir viku voru margir góðkunnir Íslendingar mættir. Það var enginn annar en Party-Hanz sem er í hljómsveitinni Merzedes Club sem sigraði og hlaut hann 135 þúsund í verðlaun. „Hann var „head-on“ (tveir eftir í einvígi) við hálfgerðan atvinnumann í póker og sigraði,“ segir Davíð. Aðrir þekktir sem tóku þátt voru Egill „Störe“ Einarsson, Auðunn Blöndal og Sigurður Sigfússon handboltakappi. Tveir fyrrnefndu hafa verið áberandi í pókerumræðunni að undanförnu en máttu síns lítils á mótinu. „Svo komu þarna átta menn á fimmtugsaldri saman sem hafa verið að spila saman í heimahúsi og skemmtu sér konunglega,“ segir Davíð sem býst við fullu húsi í kvöld. Spilað er í Casa við Aðalstræti 9 og kostar 4.000 að kaupa sig inn í mótið. Ef menn eru slegnir út geta þeir keypt sig tvisvar inn aftur. - jbg

PARTY-HANZ Sigurvegari fyrstu umferðar ISOP-mótaraðarinnar. Davíð Rúnarsson stendur fyrir mótaröð í póker og skipuleggur pókerferðir til útlanda.

SELJAST SEM ALDREI FYRR Paul Newton hefur selt páskaeggjamót í tuttugu ár. Hann segir að þau hafi aldrei selst jafnvel og í ár og tengir það við efnahagskreppuna.

PAUL NEWTON: PÁSKAEGGJAMÓT ROKSELJAST

Þjóðin gerir páskaeggin sjálf

„Páskaeggjamótin seldust mjög lítið í fyrra og hittiðfyrra því þá átti fólk næga peninga. Nú er þróunin hins vegar gengin til baka og ég hef í 22 ár ekki selt jafn mörg mót svona snemma,“ segir Paul Newton eigandi búsáhaldaverslunarinnar Pipars og salts við Klapparstíg. Páskaeggjamót í nokkrum stærðum hafa verið seld þar frá því að búðin opnaði en hafa í ár slegið öll sölumet.

Þannig segist Paul hafa fengið sendingu af mótum og á fyrstu dögunum hafi helmingur formanna selst. Hann hafi því fengið aðra stærri sendingu. „Það er óvenjulegt að svo snemma hafi jafnmörg form verið seld. Við höfum líka verið að selja þau í grunnskóla enda er mjög gaman að útbúa eggin sjálfur.“ Paul segir að fyrir fimmtán árum hafi form sem samsvari páskaeggi númer fjögur kostað 790 krónur en kosti í dag 990 krónur. Formin séu því á góðu verði og dugi fyrir páskahátíðir framtíðarinnar sé fólk að hugsa þetta úr frá hagsýnissjónarmiði. „Fólk er hins vegar ekki bara að nota formin fyrir páskana heldur eru margir sem nota þau í jólaundirbúningnum og móta til að mynda konfekt í þeim.“ Fréttablaðið hringdi í nokkrar búsáhaldabúðir en svo virðist vera sem mót sem þessi séu ekki seld í helstu búsáhaldabúðum höfuðborgarsvæðisins enda er Pipar og salt þekkt fyrir að hafa á boðstólum ýmsar vörur sem óvenjulegar þykja,

Og til er fólk sem safnar „óvenjulegum“ eldhúsgræjum og þykir verslunin koma sterk inn í framboði á ýmsum skemmtilegum vörum. Skáldið Þórarinn Eldjárn er einn þeirra sem hafa um árabil safnað að sér óvenjulegum eldhúsáhöldum og þegar Fréttablaðið bar páskaeggjamótin undir hann þá sagðist hann ekki hafa séð þau. „En ég verð endilega að fara og kíkja á þau þótt ég sé nú fyrir löngu búin að gefast upp á því að finna eitthvað sem ég á ekki fyrir í safninu.“ -jma

FRÉTTIR AF FÓLKI

Vantrú stendur fyrir veitingu árlegra Ágústínusarverðlauna en þau er veitt þeim sem ögrar mannlegri skynsemi hvað mest með ummælum sínum á opinberum vettvangi. Að þessu sinni gefst lesendum heimasíðu trúleysingjafélagsins tækifæri til að kjósa en þar má sjá margt góðra manna. Til að mynda er þar fyrrverandi menntamálaráðherra, **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** og Karl Sigurbjörnsson biskup. Þá er þar einnig Davíð Þór Jónsson, Gettu betur-dómari.

Einar Bárðarson hefur frestað opnun Officera-klúbbsins á gömlu herstöðinni um eina viku. Sagt er að einungis þrír Íslendingar hafi verið meðlimir í Officera-klúbbnum þegar hann var á sínum gullaldarárum en nú stefnir í að klúbburinn opni laugardag eftir viku eða 28. mars. Einn þessara þriggja hefur víst verið með Einari í ráðum og er sagður meðlimur í herráði klúbbsins.

Bjartur gaf út bókina Konan með hundinn eftir Tjékoff fyrir mörgum árum, Nú bregður svo við að **Guðrún Vilmundardóttir** og þau hjá Bjarti fá ótal símtöl og fyrirspurnir um bókina. Þessir bókmenntanna vinir urðu að vonum ánægðir með þessa óvæntu Tjékoffvakningu en svarið við þessari óvæntu eftirspurn fékk svo Guðrún þegar hún fór í bíó og sá Lesarann. En þar lærir Hanna, eða Kate Winslet, að lesa við að hlusta fyrst á Lady with the Little Dog lesna og stauta sig í gegnum hana. - fgg, jbg

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. teikning af ferli, **6.** þys, **8.** drulla, **9.** stilla, **11.** leita að, **12.** alkyrrð, **14.** hljóðfæri, **16.** málmur, **17.** úrskurð, **18.** næði, **20.** átt, **21.** formóðir.

LÓÐRÉTT
1. skynfæri, **3.** guð, **4.** auðsær, **5.** af, **7.** blóm, **10.** keyra, **13.** sár, **15.** fyrirhöfn, **16.** beita, **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** gratí, **6.** ys, **8.** aur, **9.** róa, **11.** gá, **12.** alkul, **14.** banjó, **16.** ál, **17.** dóm, **18.** tóm, **20.** sa, **21.** amma.

LÓÐRÉTT: **1.** eyra, **3.** ra, 4 augljós, **5.** frá, **7.** sólblóm, **10.** aka, **13.** und, **15.** ómak, **16.** áta, **19.** mm.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Frakklands.
2. Heinrichs Heine.
3. Valdís Óskarsdóttir.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

LAGERSALA
Á HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU
í lagerhúsnæði okkar
að Norðurhellu 10, Hafnarfirði
ALLAR VÖRUR MEÐ
50-90% AFSLÆTTI
Opið: Virka daga 12-18 - Laugardaga 10-16 - Sunnudaga 12-16
NÝTT!
GJAFAVÖRUHORNIÐ
Mikið úrval af gjafavöru
frá Bröste og House-Doctor
broste COPENHAGEN
house doctor
TEKK COMPANY

Aldraður blúsari vildi reykherbergi

„Hann er búinn að reykja í 88 ár og segir oft að hann hafi þekkt marga sem reykja ekki en eru löngu dánir,“ segir Halldór Bragason, blúsmaður Íslands númer eitt. Undirbúningur fyrir blúshátíð er nú í fullum gangi en meðal gesta er Pinetop Perkins, 95 ára gamall bandarískur blúsari sem spilaði meðal annars á píanó með hinni áhrifamiklu hljómsveit Muddy Waters.

Pinetop þessi er mikill reykingamaður og krafðist þess að honum yrði útvegað sérstakt reykingaherbergi sem er síður en svo auðvelt enda víðast hvar stranglega bannað að kveikja sér í sígarettu eða öðru tóbaki. „Við náðum samt að redda því,“ segir Halldór og viðurkennir að þetta minni óneitanlega á goðsagnakenndar bransasögur úr tónlistargeiranum þar sem menn hafa þurft að fara á svig við lög og reglur til að uppfylla óskir stórstjarna.

REYKINGAMAÐUR FRAM Í FINGURGÓMANA Pinetop vildi fá sérstakt reykherbergi hjá Dóra Braga svo að hann þyrfti ekki að norpa úti í dæmigerðu íslensku vorveðri.

Pinetop er goðsögn í bandarísku tónlistarlífi og hefur meðal annars hlotið heiðurs-Grammyverðlaun ásamt öðrum viðurkenningum. Og Halldór er ekki í nokkrum vafa um aðdráttarafl hans. „Hann á eftir að vekja meiri athygli en Victoria Beckham,“ segir Halldór en blúshátíðin hefur fest sig rækilega í sessi á undanförnum árum og árið í ár verður engin undantekning. „Það er engin kreppa í blúsnum á Íslandi,“ lýsir Halldór yfir en meðal annarra gesta má nefna Willie Smith sem einnig lék lengi með Muddy Waters og hefur spilað með Rolling Stones og Bob Dylan. Allar aðrar upplýsingar eru á heimasíðunni blues.is.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið

Komdu og sjáðu

Miðasala á www.leikhusid.is / 551 1200 Ath. Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir 25 ára og yngri

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Ekki gleyma góða skapinu

Mér finnst lágmarkskrafa á sjálfan mig að ég vakni á morgnana og sé í góðu skapi. Af hverju ætti ég ekki að vera það? Fullfrískur, hamingjusamur og svo gengdarlaust heppinn að dútl foreldra minna varð til þess að ég fæddist á þessu gullfallega landi, á þessari frábæru plánetu, í þessu magnaða sólkerfi, í þessari mergjuðu vetrarbraut, o.s.frv.

ÉG er svo heppinn að efnasamböndin í gráu klessunni innan í hauskúpunni á mér gera þessar hugsanir mögulegar. En svo byrjar ballið. Að halda góða skapinu út daginn.

MAÐUR neyðist til að stilla á fréttirnar. Annars gæti maður verið að missa af einhverju. Kannski er ísbjörn laus í Vesturbænum, hvað veit maður? Árum saman hafa manni verið sagðar fréttir sem virðast til þess eins fallnar að stjórna því hvort maður sé í góðu skapi eða ekki. Dofdjóns upp = Veiii! Nasdag niður = Búhú! Hagvöxturinn stendur í stað, gvöð minn almáttugur! Um þessar mundir tekur auðvitað steininn úr í skapsveiflufréttamennskunni. Maður er á fleka í tilfinningalegum öldudal. Það er svart fram undan, þetta verður erfitt, fólk verður að færa fórnir, þjóðin skuldar svo ógeðslega mikið. Eða: Þjóðin skuldar nú ekki svo mikið og það er ljós við enda ganganna.

SVO eru það fréttirnar af ríku körlunum sem komu þjóðinni á vonarvöl með svínslegri græðgi. Það þarf stálvilja til að missa ekki sjónar á góða skapinu og fyllast stjórnlausri heift þegar kreppt smettin á þeim birtast með nýjustu fréttunum af sukkinu, siðleysinu og mannfyrirlitningunni.

JAFNVEL þó maður komist undan á flótta með góða skapið frá fréttunum er lífið sjálft fullt af hættum. Og þær eru lúmskar. Níu ára stelpur geta reynst örgustu hryðjuverkamenn. Til dæmis þessi sem fór að spyrja mig út í dóttur mína, tveggja ára, sem ég var með úti í búð. Eftir að hafa spurt hvað hún heiti og sé gömul og svoleiðis spurði hún mig hvort ég væri afi hennar eða pabbi.

YFIR mig helltust efasemdir um eigið ágæti. Maðurinn með ljáinn birtist glottandi framan í níu ára stelpunni, ég sá árin líða hjá og gröfina opnast með iðandi eftirvæntingarfullri ormakös. Svo tók gráa klessan völdin og lét mig hugsa: Hvað er þetta maður. Þú ert hundgamall. Sættu þig við það.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 19. mars, 78. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.32	13.35	19.41
Akureyri	7.16	13.20	19.26

Heimild: Almanak Háskólans